

skoðun 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
föstudagur



NÝTT HAGKAUPSBLAÐ
fylgir með fréttablaðinu í dag!




# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FÖSTUDAGUR

4. júní 2010 — 129. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Svavar stökk í teygju

*Tónlistarmaðurinn Svavar Knútur er snúinn aftur eftir ævintýri í Ástralíu.*

**fólk** 38

## 90 ára Nói Síríus

*Hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar nánast allan tímann.*

**tímamót** 20

## Benitez hættur

*Liverpool leitar nú að nýjum knattspyrnustjóra en Rafael Benitez er hættur hjá félaginu.*



**íþróttir** 34

# Hraðahindranir kosta Strætó 350 milljónir

**Framkvæmdastjóri Strætós segir að með fækkun hraðahindrana á strætóleiðum væri hægt að halda úti ferðum fyrir hádegi á sunnudögum. Hraðahindranir séu ekki á vagnleiðum á öðrum Norðurlöndum. Líst vel á blendingsbíla.**

**SAMGÖNGUR** Strætó bs. gæti haldið úti þjónustu fyrir hádegi á sunnudögum „og rúmlega það“ ef hraðahindranir yrðu fjarlægðar af helstu akstursleiðum vagnanna. Það gæti sparað allt að tíu vagna í akstri. Framkvæmdastjóri Strætós segir þetta og bendir á að hvergi í Skandinavíu séu hraðahindranir á stofnleiðum vagnanna.

Ekki hefur verið hægt að taka strætó á höfuðborgarsvæðinu, fyrir hádegi á sunnudögum, síðan í janúar 2009.

Framkvæmdastjórinn, Reynir Jónsson, rifjar upp að í ljósi falls krónu og verðbólgu hafi fyrirtækið þá þurft allt að 350 milljónir króna til að halda þjónustu óbreyttri. Sveitarfélögin, sem standa að rekstri Strætós, veittu fyrirtækinu um hundrað milljónir. Strætó var svo sagt að hagræða upp í afganginn.

„Okkur hugnast ekki að hafa enga þjónustu á þessum tíma. En við þurftum að standa vörð um þær leiðir sem flestir nýta,“ segir hann.

Spurður nánar um fyrrgreint óhagræði af hraðahindrunum vísar hann í útreikninga um að hver hraðahindrun tefji strætisvagn um sirka tuttugu sekúndur, og kosti eldsneyti.

„Þessir sunnudagsmorgnar myndu kosta á bilinu 120 til 140 milljónir á ári. Grófur heildarrekstrarkostnaður vagns er um 35 milljónir,“ segir hann. Miðað við tafirnar yrði tíu vagna sparnaður af því að hraðahindranir yrðu fjarlægðar, eða um 350 milljónir.

„Það er því með ráðum gert að hafa engar hraðahindranir á strætóleiðum í Skandinavíu,“ segir hann.

Mikill eldsneytiskostnaður fylgi því að koma bílum af stað eftir umferðarljós eða hraðahindranir. Því séu til að mynda bílar með blendingstækni, blöndu dísils og rafmagns, góður kostur fyrir Strætó. Þessir bílar nýta raforku, sem þeir búa til þegar bremsað er, í að koma sér af stað aftur. Þegar bíllinn er kominn á ferð tekur dísilakstur við.

„Þessir bílar eru aðeins dýrari en venjulegir vagnar en mesta eldsneytiseyðslan og útblásturinn er þegar bíllinn fer af stað. Verðmunurinn næst aftur með eldsneytissparnaðinum.“ Því meira sem sé af hraðahindrunum, því betur borgi blendingsbílar sig.

**- kóþ**



**BALDVIN ODDSSON** Baldvin er á leið í trompetnám í Michigan í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á leið í listnám í Michigan:

## Fjórða kynslóð lúðurþeytara

**FÓLK** „Við treystum honum til að gera þetta. Það þarf mikið til að afvegaleiða hann en við munum auðvitað sakna hans,“ segir Oddur Björnsson, faðir Baldvins Oddssonar sem er á leið í trompetnám í listmenntaskóla í Michigan í Bandaríkjunum, sextán ára.

Faðir, afi og langafi Baldvins hafa allir spilað á básúnu í Sinfóníuhljómsveit Íslands og Baldvin lék einleik á tónleikum sveitarinnar þegar hann var þrettán ára. Hann hlakkar til að geta einbeitt sér að trompetleiknum í Michigan. „Þetta verður allt annað að geta vaknað átta á morgnana og byrjað að spila,“ segir Baldvin.

**- fb** **/sjá síðu 38**

## veðrið í dag




**SÓL OG HITI** Í dag verða austan 8-13 m/s og skýjað S-lands en annars hægari og víðast bjartviðri. Hlýtt í veðri en hitinn verður á bilinu 10-20 stig, hlýjast í innsveitum.

**veður** 4



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**BORGARSTJÓRAEFNI Á TÍSKUSÝNINGU** Notuð föt úr verslunum Hjálpræðishersins voru sýnd á tískusýningu á Austurvelli í gær. Meðal þeirra sem þar komu fram voru Páll Óskar, Birgitta Haukdal, Ellen Kristjánsdóttir, Óttarr Proppé, nýkjörinn borgarfulltrúi. Jón Gnarr, væntanlegur borgarstjóri, tók frí frá viðræðum um nýjan borgarstjórnarmeirihluta til að leggja málefninu lið.

ESA rannsakar ríkisbanka:

## Fjármögnun banka skoðuð

**EFNAHAGSMÁL** ESA, eftirlitsstofnun EFTA, kannar nú upplýsingar sem stjórnvöld hafa látið í té um endurfjármögnun ríkisbankanna, sem fram fór í fyrrasumar.

Per Sanderud, forseti ESA, hefur verið hér á landi undanfarið og fundað með ráðherrum. Hann segir það í skoðun hvort um ríkisstyrk hafi verið að ræða. Slíkt gæti stangast á við reglur EES og bankarnir gætu þurft að endurgreiða féð. Sé um ríkisstyrk að ræða hefði átt að sækja um leyfi hjá ESA. Heimildir Fréttablaðsins herma að það leyfi hefði fengist, en um það var ekki sótt.

**- kóp** **/ Sjá síðu 10**

Ráðuneyti skila tillögum um niðurskurð 11. júní til fjármálaráðherra:

# Tíu milljörðum minna gat

**FJÁRMÁL** Allt bendir til að fjárlagagatið, sem loka þarf í fjárlögum ársins 2011, verði tæpum tíu milljörðum minna en upphaflega var gert ráð fyrir; rúmir 40 milljarðar í stað tæplega 50 milljarða.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er gert ráð fyrir að þremur fjórðu hlutum upphæðarinnar verði náð með lækkun útgjalda og einum fjórða með auknum tekjum.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að alls ekki verði farið í sambærilegar skattabreytingar og í fyrra. Um sömu skattstofna verði að ræða, í aðalatriðum, með svipaðri útfærslu. Þá verði horft til sértækari tekjuöflunaraðgerða.

Í ráðuneytunum er nú verið að vinna tillögur um niðurskurð, en þeim á að skila 11. júní til fjármálaráðuneytisins.

Gert er ráð fyrir fimm til tíu prósenta niðurskurði, mismunandi eftir málaflokkum. Seinkun þjóðhagsspár hefur sett strik í fjárlagavinnuna.

**- kóp** **/ Sjá síðu 8**







**SPURNING DAGSINS**



*Sigrún, verður ekki allt á suðupunkti?*

„Þetta er hitamál.“

Sigrún Elsa Smáradóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, fékk þau svör um fyrirhugaða gjaldskrárhækkun á heitu vatni á dögunum að til standi að hækka það um 37 prósent á næstu fimm árum.

Rauðhumlan er ekki eina hunangsflugan sem numið hefur land hér:

# Önnur ný býfluga til landsins

**NÁTTÚRA** Komið hefur í ljós að rauðhumla, ný hunangsfluga sem hefur numið land á Íslandi, er ekki ein á ferð. Í raun er um að ræða tvær líkar tegundir og hefur hin tegundin fengið nafnið ryðhumla.

Ryðhumla er sjaldnast með greinilegum litaskilum, en er yfirleitt með ryðrauðan bol sem er heldur dekkri að framan en aftan. Íslenska afbrigðið virðist þó vera með alsvartan framhluta afturbols, en ryðrauðan afturenda. Rauðhumlurnar hafa hins vegar hvítan afturenda.

Náttúrufræðistofnun Íslands fékk ábendingar um að um tvær tegundir gæti verið að ræða frá breskum býflugnafræðingum, eftir að fréttir höfðu verið sagðar af rauðhumlunni í síðasta mánuði. Við nánari skoðun á þeim flugum sem höfðu verið myndaðar og varðveittar hjá stofnuninni kom í ljós að sú var raunin.

Nú hefur verið staðfest að rauðhumlur hafa fundist í Keflavík, Hafnarfirði og Reykjavík en ryðhumlur í Hveragerði og á Akureyri. Talið er að ryðhumlurnar hafi náð fótfestu víðar á landsbyggðinni. **- þeb**



**NÝJAR FLUGUR** Rauðhumlur og ryðhumlur eru mjög líkar í útliti og því hvetur Náttúrufræðistofnun fólk til að koma með eintök til stofnunarinnar svo hægt sé að rannsaka þær. MYND/ERLING ÓLAFSSON

Viðræður í Reykjavík á áætlun:

## Meirihluti í Kópavogi í dag

**STJÓRNMÁL** Tilkynnt verður um nýjan meirihluta Samfylkingarinnar, Vinstri grænna, Næstbesta flokksins og Lista Kópavogsbúa í dag, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Óvíst er hver verður skipaður bæjarstjóri.

Viðræður í Hafnarfirði ganga vel, en ekki er búist við að þar gangi saman á milli Vinstri grænna og Samfylkingarinnar fyrr en eftir helgi. Þá eru viðræður á milli Besta flokksins og Samfylkingarinnar í Reykjavík á áætlun og ganga vel. **- kóp**

Færri fóru frá landinu í maí:

## Ferðamönnum fækkar um 15%

**IÐNAÐUR Erlendir gestir sem fóru frá Íslandi í maí voru tæplega fimmtán prósentum færri en í sama mánuði í fyrra.**

**Þetta kemur fram í frétt Ferðamálastofu. Þar segir einnig að áhrif gossins á flugsamgöngur komi fram í þessum tölum.**

**Ferðamálastofa taldi brottfarir erlendra gesta og samkvæmt talningum er fækkun á komu frá öllum mörkuðum. Mest er fækkunin frá Bretlandi og Norðurlöndunum, og frá fjarmörkuðum. Minnst var fækkunin frá Norður-Ameríku.**

**Brottförum Íslendinga fjölgaði hins vegar um fjögur prósent á sama tímabili. - þeb**

Bankastjóri vill hækka vexti:

## Evrópa stýrir engu vestra

**EFNAHAGSMÁL** Dennis Lockhard, einn bankastjóra bandaríska seðlabankans, segir mikilvægt að hækka stýrivexti vestra, jafnvel þótt atvinnuleysi sé enn mikið.

Stýrivextir í Bandaríkjunum hafa staðið við núll prósentustig síðan í desember árið 2008 og atvinnuleysi verið yfir níu prósentum frá í maí í fyrra. Það jafngildir því að rúmlega átta milljónir Bandaríkjamanna séu án atvinnu.

Bloomberg-fréttastofan hefur eftir Lockhard að óstöðugleiki í efnahagsmálum á meginlandi Evrópu hafi ekki áhrif á stýrivaxtaákvörðun vestanhafs. **- jab**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

**50 kannabisplöntur fundust**

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann rúmlega 50 kannabisplöntur í húsi í austurborg Reykjavíkur í gærdag. Húsráðandinn var maður á þrítugsaldri og játaði hann aðild sína að málinu.

# Verð hækkar þar til evra fer í 140 krónur

**Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir verð innflutnings fyrst ná jafnvægi þegar evran fer niður í 140 krónur. Evra hefur verið yfir 140 krónum síðan í september 2008. Verðlag hefur nú þegar lækkað, segir efnahagsráðherra.**

**EFNAHAGSMÁL** Neytendur þurfa að bíða þar til evran lækkar í um 140 krónur áður en verðlag kemst í jafnvægi. Samtök atvinnulífsins hafa reyndar talið að enn sé inni verðhækkun upp á um tíu prósent. Þetta segir Vilhjálmur Egilsson, formaður samtakanna.

„Ef maður tekur hækkanir erlendra gjaldmiðla frá 2008 þá liggur fyrir að þær hækkanir voru ekki komnar alveg fram í verðlagi. Við höfum talið að það héngju því inni allnokkur verðhækkunartilefni, en ef krónan sjálf styrkist þá eyðast þau,“ segir hann.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, gefur lítið fyrir slík rök og spyr á móti hvers vegna verslanir haldi verði óbreyttu þegar krónan styrkist, fyrst þær hafi getað haldið aftur af sér þegar gengi krónu lækkaði.

Neytendasamtökin hafa bent á að síðan í nóvember hafi evran lækkað um rúm fimmtán prósent en á sama tíma hafi verð innflutts varnings nánast staðið í stað.

Gengi evru er nú tæpar 157 krónur, en var rúmar 186 í nóvember. Það hefur ekki verið undir 140 krónum síðan í september 2008. Vilhjálmur Egilsson bendir á að gengi evru segi heldur ekki alla söguna, því aðrir gjaldmiðlar hafi hækkað á meðan evran lækkaði. Ýmsar vörur, svo sem olía, eru til að mynda seldar í dollurum.

> Gengið er vel undir jafnvægisgengi. Það eru því meiri líkur en minni að krónan styrkist.
>
> GYLFI MAGNÚSSON

Gylfi Magnússon efnahagsráðherra minnir á að í síðustu mælingu Hagstofu hafi verð lækkað, án þess að evran færi í 140 krónur.

„Þannig að ég held að það sé varla hægt að fullyrða að gengið þurfi að lækka um eitthvað ákveðið til að menn sjái það í buddunni,“ segir hann. Spurður hvort gengi krónu sé á réttri leið, hvort það komi til með að lækka meira, segist Gylfi ekki vilja gefa út „eitt allsherjar heilbrigðisvottorð“.

„En ég held að við höfum átt inni fyrir styrkingu krónu og eigum það enn. Gengið er vel undir jafnvægisgengi. Það eru því meiri líkur en minni að krónan styrkist á næstu misserum. Þá sjáum við væntanlega innflutningsverðið breytast líka,“ segir hann.

**klemens@frettabladid.is**

**Krónan styrkist en verðið stendur í stað**

**Tafla Neytendasamtakanna**






VILHJÁLMUR EGILSSON



JÓHANNES GUNNARSSON



GYLFI MAGNÚSSON



**ÞÓRARINN SIGÞÓRSSON** Tannlæknirinn „Tóti tönn“ er iðulega í opnunarhollinu í Blöndu.

Laxveiðin hefst á morgun:

## Opnað í Blöndu og Norðurá

**STANGVEIÐI Laxveiðitímabil sumarsins hefst á morgun með opnun Norðurár í Borgarfirði og Blöndu í Austur-Húnavatnssýslu.**

**Lax sást í Norðurá fyrir um tveimur vikum þegar félagar í árnefnd Stangaveiðifélags Reykjavíkur voru þar á ferð. Hjá Lax-á, leigutaka Blöndu, eru menn einnig bjartsýnir fyrir opnun neðsta svæðisins á morgun. Efri þrjú svæði árinnar verða þó ekki opnuð fyrr en 20. júní. Á næstu dögum og vikum verða laxveiðiárnar opnaðar hver af annarri. - gar**

Veittist ítrekað að konu:

## Sló barnsmóður með snúru

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið ákærður fyrir héraðsdómi fyrir að hafa ítrekað veist að barnsmóður sinni.

Árið 2008 réðst hann á hana í stigagangi fjölbýlishúss, sló hana og hrinti henni í gólfið.

Nokkru síðar veittist hann enn að henni og sló hana í andlitið.

Fáeinum vikum síðar gerði maðurinn þriðju atlöguna að konunni. Hann réðst á hana, sló hana með símasnúru í höfuð og háls. Þá sló hann hana hnefahöggi í vinstri handlegginn, með þeim afleiðingum að hún hlaut mar á baki og mar á vinstri handlegg. **- jss**




Gosefni frá Eyjafjallajökli gætu haft neikvæð áhrif á hrygningu þorsks:

# Dró úr klaki um 40% í tilraun

**SJÁVARÚTVEGUR** Gosefni frá Eyjafjallajökli gætu haft neikvæð áhrif á niðurstöðu hrygningar hjá þorski undan Suðurlandi, samkvæmt rannsókn sem gerð var í Tilraunaeldisstöð Hafrannsóknastofnunarinnar í Grindavík.

Frjóvguð þorskhrogn voru sett í sjó sem tekinn var undan Markarfljóti, undan Svaðbælissjó og á Faxaflóa. Sjórinn frá tveimur fyrstu stöðunum var gruggugur vegna gosefna, sem borist höfðu með flóðvatni. Sýnin voru tekin þegar hrygning stóð sem hæst.

Gerðar voru tvær tilraunir, í annarri voru gosefnin látin falla til botns og komu þá engin áhrif fram á hrygningu en í hinni voru gosefnin í stöðugri upplausn í sjónum. Komu þá fram mikil áhrif í samræmi við vaxandi styrk gosefna. Klakið var 12% minna í Markarfljótssjónum og 40% minna í Svaðbælissjónum en í sjó frá Faxaflóa. Þyngd lirfa var 15% minni í Svaðbælissjó en ómenguðum sjó úr Faxaflóa.

Agnar Steinarsson hjá Hafrannsóknastofnun, lagði áherslu á það í samtali við Fréttablaðið að þótt þessar niðurstöður bendi til áhrifa á hrygningu þyrfti viðameiri rannsókn til að fullyrða endanlega að gosið hafi áhrif á hrygningu þorsksins undan Suðurlandi. **-pg**



**STÓRÞORSKUR** Stærsti þorskurinn var að hrygna undan Suðurlandi meðan Eyjafjallajökull gaus. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

FATASÖFNUNARDAGUR RAUÐA KROSSINS OG EIMSKIPS 5. JÚNÍ

# GERÐU GAGN MEÐ GÖMLUM FÖTUM

Komdu með gömlu fötin þín, skóna, handklæði, rúmföt, gluggatjöld og aðra vefnaðarvöru á fatasöfnunarstöðvar Rauða krossins laugardaginn 5. júní. Allur fatnaður hvort sem hann er slitinn eða heill nýtist okkur í hjálparstarfi hérlendis sem erlendis.



PIPAR\TBWA • SÍA • 101168

## Söfnunarstöðvar:

| | |
|---|---|
| ***Reykjavík:*** | *Sundstaðir ÍTR* |
| ***Hafnarfjörður:*** | *Suðurbæjarlaug* |
| ***Kópavogur:*** | *Sundlaug Kópavogs* |
| | *Sundlaugin Versölum 3* |
| ***Garðabær:*** | *Sundlaug Garðabæjar Ásgarði* |
| ***Kjós:*** | *Kjósarsýsludeild, Þverholti 7 Mosfellsbæ* |
| ***Landsbyggðin:*** | *Móttökustöðvar Eimskips Flytjanda* |

Ath. einnig er hægt að skila fatnaði á endurvinnslustöðvum SORPU.




Rauði kross Íslands

Póst húsið

## GENGIÐ 03.06.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,75 | 128,35 |
| Sterlingspund | 187,64 | 188,56 |
| Evra | 156,52 | 157,40 |
| Dönsk króna | 21,031 | 21,155 |
| Norsk króna | 19,877 | 19,995 |
| Sænsk króna | 16,423 | 16,519 |
| Japanskt jen | 1,3779 | 1,3859 |
| SDR | 187,13 | 188,25 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,0124

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hæstiréttur sakfelldi Catalinu Mikue Ncogo fyrir vændi og kókaínsmygl:

# Þyngdi dóm yfir Catalinu um ár

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur þyngdi í gær dóm Héraðsdóms Reykjaness yfir Catalinu Mikue Ncogo um eitt ár. Héraðsdómur hafði dæmt hana í tveggja og hálfs árs fangelsi en Hæstiréttur bætti ári við refsinguna.

Catalina var ákærð fyrir mansal, fíkniefnasmygl og vændisstarfsemi. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um sýknu af mansali, þar sem mat héraðsdóms á sönnunargildi framburðar konu sem kvað Catalinu hafa blekkt sig, haldið sér nauðugri hér og hafa neytt sig til að stunda vændi, gat ekki komið til endurmats fyrir Hæstarétti.



**ÁR TIL VIÐBÓTAR** Catalina Mikue Ncogo var dæmd í þriggja og hálfs árs fangelsi.

Sannað þótti að virtum gögnum málsins og framburði vitna að Catalina hefði haft viðurværi sitt af vændi þriggja kvenna og haft milligöngu um að fjöldi manna hefði samræði eða önnur kynferðismök við þær gegn greiðslu. Við ákvörðun refsingar leit Hæstiréttur til þess að Catalina hefði verið sakfelld fyrir að hafa haft atvinnu af umfangsmikilli vændisstarfsemi um nokkuð langt skeið og staðið að innflutningi á töluverðu magni af hættulegum fíkniefnum. Var styrkleiki þeirra mikill. Dómurinn taldi brotavilja Catalinu einbeittan og að hún ætti sér engar málsbætur. **-jss**

Náttúrustofa Vesturlands:

# Skera upp herör gegn illgresinu

**UMHVERFISMÁL Náttúrustofa Vesturlands hefur fengið sérfræðinga í landgræðslu til liðs við sig vegna fyrirhugaðra aðgerða gegn ágengum plöntum. Um samstarfsverkefni við Stykkishólmsbæ er að ræða.**

**Landgræðslan og Landbúnaðarháskólinn munu mæla árangur mismunandi aðferða, Náttúrufræðistofnun mun leggja til greiningu á loftmyndum og Háskóli Íslands mun standa fyrir rannsóknum á félagslegum þáttum.** **- shá**

Vísir lokar á Þingeyri:

# Atvinnuleysið fjórfaldaðist

**ATVINNUMÁL Um þrjátíu manns bættust við á atvinnuleysisskrá á Þingeyri í dag eftir að Fiskvinnslan Vísir sagði upp kauptryggingu hjá flestum starfsmönnum sínum á staðnum. Ástæðan er lokun fiskvinnslunnar í sumar.**

**Tilkynnt hefur verið að lokunin standi í þrjá mánuði, en jafnframt er óvíst hvenær fyrirtækið tekur til starfa að nýju.**

**Fiskvinnslan er stærsti vinnustaðurinn á Þingeyri en fyrirtækið er með höfuðstöðvar í Grindavík.**

**Um tíu manns voru á atvinnuleysisskrá á Þingeyri fyrir vinnslustöðvunina og eru þeir því um 40 sem eru án atvinnu á staðnum frá mánaðamótum.** **- shá**

## LEIÐRÉTT

Vegna missagnar í umsögn Persónuverndar var ranglega frá því sagt í Fréttablaðinu í gær að nýtt frumvarp gerði ráð fyrir heimildum til handa félagsmálaráðherra að rannsaka gögn ýmissa stofnana og fjármálafyrirtækja um einstaklinga. Rannsóknin er ætlað að varpa ljósi á fjárhagstöðu heimila í landinu. Hið rétta er að heimildin á að vera hjá efnahags- og viðskiptaráðherra sem leggur frumvarpið fram á Alþingi.

Föðurnafn eins af meðlimum Óphópsins misritaðist í myndatexta í blaðinu í gær. Var Rósalind sögð Gunnarsdóttir en hið rétta er að hún er Gísladóttir.

Í Fréttablaðinu á miðvikudag sagði að þrír unglingspiltanna sem eru í haldi yfirvalda grunaðir um yfir 80 innbrot í sumarbústaði væru af pólsku og slóvensku bergi brotnir. Hið rétta er að þeir eru af pólsku og slóvakísku bergi brotnir.

# Segir að upplýsingum hafi verið leynt

**Dagur B. Eggertsson segir að upplýsingum um hækkunarþörf OR hafi verið leynt fyrir borgarbúum. Rangt segir Hanna Birna og segir málin oft hafa verið rædd. Stjórnarformaður segir gjaldskrá verða að hækka til að ná markmiðum.**

**REYKJAVÍK** „Þetta er auðvitað stórmál,“ segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn um mögulega hækkun á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær þarf hún að hækka um tugi prósenta, eigi að mæta arðsemiskröfu aðeins með gjaldskrárhækkun.

Dagur segir fyrirtæki og heimili síst þurfa auknar álögur. „Hin hliðin á þessu er sú að upplýsingum um þessa uppsöfnuðu þörf um gjaldskrárhækkanir hefur verið haldið leyndum fyrir borgarbúum og birtast núna daginn eftir kosningar. Það eitt og sér er grafalvarlegt mál.“

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri segir ekki rétt að málið hafi ekki verið rætt fyrir kosningar. Það hafi verið tekið upp í borgarstjórn og borgarráði, og hún formlega gert grein fyrir því 19. maí. Þá hafi upplýsingarnar verið lagðar fram á næsta stjórnarfundi OR eftir að um þær var beðið.

Hanna segir fráleitt að gera ráð fyrir svo miklum hækkunum. „Sú hækkunarþörf sem þarna er sett fram er að mínu mati fráleit, enda eru engin rök fyrir því að mæta fjárþörf OR til næstu fimm ára með því einu að sækja fé til almennings. Spurningin, af hálfu Samfylkingarinnar, er þess eðlis að hún kallar á svör sem eru ekki í neinu samræmi við það sem gera þarf hjá Orkuveitunni.“

Hanna segir að haldið verði áfram í hagræðingu og verkefnum sem tryggi bættan rekstur. Hún áréttar að staðið hafi verið við að hækka ekki gjaldskrá síðustu tvö ár og hún verði ekki hækkuð á þessu ári. „Ég hef ítrekað sagt það og sagði það margoft fyrir kosningar að gjaldskrár yrðu ekki hækkaðar á þessu ári og hækkanir á komandi árum yrðu skoðaðar miðað við verðlag.“

Dagur segir menn hafa kallað eftir upplýsingunum í næstum hálft ár og það sé ábyrgðarleysi af Hönnu Birnu að víkja sér undan því að birta borgarbúum mynd af stöðu fyrirtækisins. „Þetta er reikningurinn fyrir stjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks síðustu fjögur ár.“



**ORKUVEITA REYKJAVÍKUR** Stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur telur að lág arðsemi og óbreytt gjaldskrá standi fyrirtækinu fyrir þrifum þegar leitað hafi verið eftir nýju lánsfé, bæði innanlands og utan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hann segist ekki treysta sér til að segja hvort væntanlegur meirihluti Samfylkingar og Besta flokks muni hækka gjaldskrána. Til þeirrar ákvörðunar þurfi gögn og réttar upplýsingar sem ekki hafi fengist.

Þess má geta að matsfyrirtækið Moodys mat horfur um lánshæfi OR neikvæðar í mars, meðal annars vegna þess að gjaldskráin hafði ekki verið hækkuð.

kolbeinn@frettabladid.is

## Telur lága gjaldskrá hamla lánum



**Guðlaugur G. Sverrisson** segir, í bókun á stjórnarfundi OR á miðvikudag, að samþykkja eigi nýja þriggja ára áætlun sem geri ráð fyrir gjaldskrárhækkunum til að samþykktum markmiðum stjórnar verði náð.

„Í desembermánuði sl. samþykkti stjórnin samhljóða stefnu stjórnar þar sem gert er ráð fyrir að veiturnar skili ákveðinni heildararðsemi eigna. Verulega skortir á að þessum markmiðum sé náð og þarf gjaldskrá miðlanna að hækka til þess að svo verði. Þá hefur komið fram að lág arðsemi og óbreytt gjaldskrá stendur fyrirtækinu fyrir þrifum þegar leitað hefur verið eftir nýju lánsfé bæði innanlands og utan.“



**LATOUCHE-TRÉVILLÉ** Franska herskipið sem kemur til Reykjavíkur á morgun.

Kafbátaleitarskip í heimsókn:

# Frakkar fagna á sjómannadegi

**HERMÁL** Franska kafbátaleitarskipið Latouche-Tréville leggur að höfn í Reykjavík á morgun.

Skipverjar munu taka þátt í hátíðarhöldum sjómannadagsins á sunnudag og verður skipið við bakka í Sundahöfn til þriðjudagsins 8. júní, að því er segir í tilkynningu frá sendiráði Frakklands hérlendis. „Viðkoma þess í Reykjavík er hluti af venjubundnum verkefnum þess á norðurslóðum. Skipið er 139 metrar að lengd og vegur 4.800 tonn. Áhöfnin telur 248 meðlimi,“ segir í tilkynningunni. Almenningi gefst kostur á að skoða Latouche-Tréville á sunnudag milli klukkan 14 og 18. **- gar**

Þingmaður Samfylkingar:

# Ráðherrar víki úr þingstörfum

**STJÓRNMÁL Það á strax að fara í breytingar til að ráðherrar gegni ekki þingstörfum samhliða ráðherradómi, heldur rými fyrir varamönnum sínum. Þetta er skoðun Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur, þingmanns Samfylkingar.**

**Frumvarp um þetta liggur fyrir Alþingi, stutt meðal annars af þingmönnum Framsóknar og Sjálfstæðisflokks. Sigríður segir við Vísi að hægt væri að færa ráðherra út af þingi strax í næsta mánuði. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra vildi ekki svara fyrirspurn um þetta í gær.** **- kóþ**


Útisófasettin komin!

Vönduð og þægileg sófasett fyrir pallinn eða svalirnar.



Signature ••• húsgögn

Opið: Má. - Fö. 12 - 18
Lau. 11 - 15

Kauptúni 3 • 210 Garðabær • S 771 3800 • www.signature.is


## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**HELGARHORFUR**

Þetta verður aldeilis flott helgi og þá sérstaklega um norðan- og austanvert landið þar sem eru horfur á bjartviðri báða dagana og miklum hlýindum. Við suðurströndina verður hins vegar skýjað og líkur á úrkomu en á sunnudag verður væta um vestanvert landið.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 25° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 20° |
| Frankfurt | 27° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 23° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 30° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 20° |
| París | 26° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*




# PALLAEFNI

## MEIRI ÞYKKT TRYGGIR STYRK!

Pallaefni úr gagnvarinni furu frá Húsasmiðjunni er ekki aðeins á frábæru verði heldur einnig með meiri þykkt, sem tryggir meiri styrk og lengri endingu.

# ÓDÝRARI EN ÞÚ HELDUR

## SÓLPALLURINN ER Í HÚSASMIÐJUNNI

| SÓLPALLUR VERÐDÆMI | Sólpallur á frostfrítt undirlag | Sólpallur með undirstöðum |
|---|---|---|
| Sólpallur 15m² | 55.500 kr | 73.500 kr |
| Sólpallur 20m² | 74.000 kr | 98.000 kr |
| Sólpallur 30m² | 111.000 kr | 147.000 kr |
| Efni í sólpall | Verð frá 3.700 kr/m² | Verð frá 4.900 kr/m² |

Athugið að fermetraverð getur verið breytilegt. **Innifalið í verðum er:**
**Pallur frostfrítt:** gagnvarin fura 48x98 mm • 28x95mm • galvaniseraður saumur í klæðningu.
**Pallur með undirstöðum:** gagnvarin fura 48x148 mm • 48x98 mm • 28x95 mm • vinklar • galvaniseraður saumur í klæðningu • hólkar.

**Fáðu tilboð og ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar í næstu Húsasmiðjuverslun eða í síma 525 3000 til að fá besta verðið í pallinn þinn.**

verð frá 230 kr/m



| | | |
|---|---|---|
| Fura fúavarin | 21x95 | 230 kr/m |
| Fura fúavarin | 28x95 | 286 kr/m |

# BERÐU Á PALLINN UM HELGINA!

Jotun pallaolía 3 ltr.
Vinsælasta pallaolían á Íslandi.
7049123-33-37

3 ltr. 2.990




Vinsælasta pallaolía á Íslandi

## RÁÐGJÖF Í HÚSASMIÐJUNNI

Komdu og fáðu ráðgjöf um allt sem viðkemur pallasmíði.
Sérfræðingar okkar aðstoða þig við að finna hagkvæmustu lausnina.
Þú finnur okkur í Skútuvogi, Grafarholti og um land allt.



Látum verkin tala!

Timburmiðstöð Grafarholti opið til 18:00 alla daga
Verslun Skútuvogi, opið til 21:00 alla daga

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

HÚSASMIÐJAN

**KJÖRKASSINN**



*Reynir þú að spara eldsneyti með breyttu aksturslagi?*

| | |
|---|---|
| Já | 76,8 |
| Nei | 23,2 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ættu Íslendingar að draga úr innkaupum frá Ísrael?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

vísir

Utanríkisráðherra segir koma til greina að beita Ísraela viðskiptaþvingunum:

# Vörur fyrir 732 milljónir fluttar inn frá Ísrael

**VERSLUN** Íslendingar fluttu inn vörur frá Ísrael fyrir rúmar 732 milljónir króna á síðasta ári. Innflutningurinn hefur aukist síðustu ár. Þetta kemur fram í tölum Hagstofu Íslands um utanríkisverslun.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hefur sagt koma til greina að beita Ísraela viðskiptaþvingunum vegna árásar þeirra á skipaflota á mánudag.

Langmest var flutt inn af grunnefnum til iðnaðar. Þau nema tæpum helmingi alls innflutnings frá Ísrael. Til þessara efna teljast kemísk efni, hreinlætisvörur, plastefni og áburður svo dæmi séu tekin.

Næst kemur innflutningur á ýmsum unnum vörur, svo sem húsgögnum, vísinda- og mælitækjum, ljósmyndavörum og fleiri iðnaðarvörum. Hann nemur tæpum sautján prósentum af heildarinnflutningnum.

Í þriðja sæti eru vélar og samgöngutæki, sem eru rúm fimmtán prósent heildarinnflutnings. Í þeim flokki er mest flutt inn af rafmagnstækjum og búnaði og vélbúnaði til atvinnurekstrar.

Fjórði stærsti flokkur innflutnings er matur, sem nam tæpum fjórtán prósentum. Þar er langmest um innflutning á grænmeti og ávöxtum, eða 13,3 af þessum 14 prósentunum. Minna er flutt inn af öðrum vöruflokkum. - þeb

**Mest innfluttu vöruflokkarnir**

**Hlutfall af heildarinnflutningi frá Ísrael árið 2009**

| | |
|---|---|
| Ólífræn kemísk efni | 17,2% |
| Grænmeti og ávextir | 13,3% |
| Rokgjarnar olíur, hreinlætisvörur o.fl. | 11,1% |
| Rafmagns- og rafeindabúnaður, rafmagnstæki | 7,2% |
| Lífræn kemísk efni | 6,7% |
| Vélbúnaður til atvinnurekstrar | 4,7% |
| Húsgögn og hlutar til þeirra | 4,7% |

Heimild: Hagstofa Íslands




# Öryggi aukið vegna harðari brotamanna

**Öryggisbúnaður í fangelsum landsins hefur verið stórefldur að undanförnu í ljósi þess að harður hópur brotamanna afplánar nú í sumum þeirra, að sögn forstjóra Fangelsismálastofnunar. Öryggissamskiptabúnaður er kominn upp.**

**FANGELSISMÁL** Öryggisbúnaður í fangelsum landsins hefur verið efldur verulega að undanförnu, þar sem harður hópur brotamanna afplánar nú refsingu í sumum þeirra, að sögn Páls E. Winkel, forstjóra Fangelsismálastofnunar.

Í lok síðustu viku var lokið við að setja upp svokallað Tetra-kerfi í öllum fangelsum landsins.

„Í því felst aukið öryggi og við getum nú haft beint samband við aðrar öryggisstofnanir, svo sem Almannavarnir, lögreglu, sjúkralið, slökkvilið og svo framvegis,“ segir Páll. „Þetta eru því mikil tímamót fyrir okkur.“



PÁLL E. WINKEL

Að auki er verið að endurnýja allan búnað sérsveitar fangavarða, bæði tæki og klæðnað. Þá er verið að endurnýja annan búnað svo sem flutningshandjárn. Loks hefur myndavélabúnaður í fangelsunum verið endurbættur og eftirlitskerfið bætt.

„Þetta miðar allt að því að auka öryggi starfsmanna okkar, svo og fanga,“ segir Páll. „Við viljum tryggja að okkar fólk sé alltaf í stakk búið til að takast á við erfið verkefni.“

Ofangreint Tetra-kerfi er fullkomnasti samskiptabúnaður sem völ er á að sögn Páls. Lögregla hefur notað hann allmörg undanfarin ár.

„Með tilkomu þessa búnaðar blasir allt annar veruleiki við starfsfólki fangelsanna,“ segir Páll. „Ef fangi strýkur getur fangavörður, sem á eftir honum fer, ýtt á einn hnapp og er þá kominn í samband við alla lögreglu landsins. Áður þurfti að fara í gegnum síma til lögreglu og svo þaðan til staðarlögreglu. Þetta kerfi er mjög einfalt í notkun og gríðarlega öruggt.

Sem dæmi um gagnsemi þessa búnaðar má nefna að þegar Suðurlandsskjálftinn reið yfir 2008 varð Litla-Hraun algjörlega samskiptalaust við umheiminn í nokkrar klukkustundir, þar sem okkar kerfi hrundi,“ bætir Páll við.“ Hefðum við haft Tetra-kerfið þá hefðum við verið í beinu sambandi við lögreglu og aðrar öryggisstofnanir.“ jss@frettabladid.is

**Hlutfall brotaflokka**

**Skipting fanga eftir aðalbroti í lok maí 2010** / **Skipting boðunarlista eftir aðalbroti í lok maí 2010**




Heimild: Fangelsismálastofnun

Hundruð farþega úr skipalestinni til Gasa komnir til Tyrklands:

# Þúsundir mættu í jarðarför

**TYRKLAND, AP** Til Tyrklands komu í fyrrinótt alls 466 þeirra 700 manna sem voru um borð í skipalestinni sem Ísraelar réðust á í vikunni. Flestir þeirra eru Tyrkir, en fimmtíu af öðru þjóðerni.

Þúsundir manna mættu til að fagna komu þeirra á Taksimtorginu í Istanbúl.

Tíu þúsund manns mættu síðar um daginn í jarðarför átta af þeim níu sem féllu fyrir hendi ísraelskra hermanna um borð í Mavi Marmara, stærsta skipi flotans. Sá níundi verður jarðsunginn í dag. Allir voru þeir Tyrkir, en einn þó bandarískur ríkisborgari.

Sumir þeirra sem voru um borð í Mavi Marmara viðurkenna að hafa tekið þátt í átökum við ísraelsku hermennina, en sögðust hafa verið í sjálfsvörn því ísraelsku hermennirnir hafi ráðist um borð í skipið á alþjóðlegu hafsvæði.

„Þegar við hófum morgunbænir fóru þeir að ráðast á okkur úr öllum áttum, frá bátum og þyrlum. Vinir okkar sýndu aðeins borgaralega andspyrnu.“

Henning Mankell, sænski rithöfundurinn sem var um borð, segir þó fáránlegt að vopn hafi fundist um borð: „Á skipinu sem ég var á fundu þeir eitt vopn, og það var rakvélin mín.“ - gb



**ÁTTA MANNS JARÐSUNGNIR** Fjöldi manns fylgdi hinum látnu til grafar. NORDICPHOTOS/AFP




## Chiro Collection heilsurúm

25% afsláttur



Chiro Collection heilsurúmin eru sérlega vönduð hönnun. Fimm svæðaskipt gormakerfi, vandaðar kantstyrkingar og úrval vandaðra hráefna í áklæðum. Botn í mörgum litum. Fáanlegt í öllum stærðum.

## Tempur Spring heilsurúm

25% afsláttur



Tempur Spring heilsudýnan er rúm sem býður það besta úr báðum heimum. Dýnan er með fjaðrandi fimm svæðaskiptu gormakerfi og sjö cm þykku Tempur yfirlagi sem mótar sig að lögun líkamans.

## Stillanleg heilsurúm

20% afsláttur



Stillanlegu heilsurúmin sem Betra Bak býður uppá eru ein þau vönduðustu sem í boði eru. Eitt landsins mesta úrval af botnum og mismunandi heilsudýnum sem henta hverjum og einum. Settu þig í stellingar !

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Í raðir hvaða enska knattspyrnuliðs hefur Jóhannes Karl Guðjónsson gengið?*
2. *Hvaða stjórnmálamaður sagði af sér embætti forsætisráðherra Japans á miðvikudag?*
3. *Hvaða sjónvarpsþáttaseríu gaf Jón Gnarr Degi B. Eggertssyni til að liðka fyrir meirihlutaviðræðum?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Lögregla í Bretlandi púslar saman upplýsingum um ferðir leigubílstjórans sem skaut tólf manns til bana:

# Tilefni morðanna er enn hulin ráðgáta

**BRETLAND, AP** Rannsóknarlögreglan í Bretlandi hefur reynt að finna vísbendingar um hvað varð til þess að Derrick Bird, 52 ára leigubílstjóri í norðvesturhluta Englands, tók upp á því að skjóta á fólk meðan hann ók um þorp og sveitir á miðvikudagsmorgun.

Athyglin hefur meðal annars beinst að rifrildi hans við nokkra aðra leigubílstjóra kvöldið áður en hann tók að myrða. Einnig hefur athyglin beinst að hugsanlegum fjölskyldudeilum, sem sagðar eru snúast um arf.

Lögreglan segir þó margt óljóst og fólk verði að sýna þolinmæði. Það sé erfitt og tímafrekt verk að púsla saman upplýsingum um ferðir Birds og hugsanlegar ástæður fyrir morðunum.

Bird varð tólf manns að bana áður en hann stytti sér aldur. Ellefu manns að auki þurfti að flytja á sjúkrahús, og voru átta þeirra enn á sjúkrahúsi í gær. Þar af voru þrír í lífshættu, en eru það ekki lengur þótt ástand þeirra sé enn alvarlegt.

Einn hinna látnu er Kevin Commons, lögfræðingur sem vann fyrir fjölskyldu Birds. Þá hafa breskir fjölmiðlar haldið því fram að tvíburabróðir Birds, David, sé meðal hinna látnu.

Bird er sagður hafa verið rólyndismaður og almennt vingjarnlegur við aðra.

„Hann hafði ekki mikil samskipti við aðra," segir June Lamb, kona sem þekkti vel til hans. „Hann var þögull, en þó enginn einfari. Hann skemmti sér með fólki." - gb



**SORGMÆDDIR AÐSTANDENDUR** Bretar eru slegnir vegna morðanna á miðvikudag. NORDICPHOTOS/AFP








**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Steingrímur J. Sigfússon segist ekki reikna með sambærilegum skattabreytingum og í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Minna fjárlagagat en reiknað var með

**Seinkun þjóðhagsspár setur strik í reikning fjárlagagerðar. Útlit fyrir að staðan sé tæpum 10 milljörðum betri en talið var. Um þrír fjórðu hlutar verða teknir í gegnum útgjaldalið. Ráðuneytin krafin um fimm til tíu prósenta hagræðingu.**

**FJÁRMÁL** Útlit er fyrir að fjárþörf ríkisins á næsta ári verði tæpum tíu milljörðum minni en spáð hafði verið. Fjárlagagatið nemi rúmum 40 milljörðum króna, í stað tæpum 50 milljörðum.

Í ráðuneytunum er unnið að tillögum til hagræðingar og þurfa þau að skila tillögum til fjármálaráðuneytisins 11. júní. Ekki verður um flata niðurskurðarkröfu að ræða, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins nemur niðurskurður um fimm til tíu prósentum.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir vinnu við fjárlögin ganga vel. Seinkun þjóðhagsspár hafi þó sett strik í reikninginn og því hafi þurft að reikna sumar hagtölur innan ráðuneytanna.

Í grófum dráttum sé fjárhagsbúskapurinn á áætlun; tekjuhliðin sé aðeins undir en hvað gjöld varðar standi ríkissjóður vel. Sparnaðaráætlanir þær sem gripið var til í fyrra hafi gengið vel upp.

Steingrímur vill ekki tiltaka tölur í þessum efnum. Fréttablaðið hefur þó heimildir fyrir því að gatið sem stoppa þarf í fyrir árið í fyrra verði tæpum tíu milljörðum minna en hugað var; muni nema rúmlega 40 milljörðum í stað tæplega 50 milljarða.

Samkvæmt sömu heimildum verður þunginn á útgjaldahliðinni, eða um þrír fjórðu hlutar. Það þýðir hagræðingu um 30 milljarða, eða um það bil. Afganginum verði náð inn í gegnum auknar tekjur.

Steingrímur segir að ítarlegri skýrslu verði skilað til þingsins í aðdraganda fjárlagagerðar, líkt og gert var í fyrra. Þar sé bæði tekið á fjárlagafrumvarpi næsta árs, en líka áætlun og stöðu í heild. „Við reiknum ekki með sambærilegum skattabreytingum og í fyrra, í aðalatriðum verða sömu skattstofnar keyrðir áfram með svipaðri útfærslu. Frekar verður horft til sértækari tekjuöflunaraðgerða." kolbeinn@frettabladid.is







# VILTU VINNA MILLJÓN?




## ÞÚ GÆTIR UNNIÐ EINA MILLJÓN KRÓNA!

**Panasonic TXP42S20**
42" Full HD 1080p Plasma sjónvarp með 1920x1080 punkta upplausn, Vreal Pro4 Engine, 24p Playback Plus/Playback, 0.001 msec svartíma, x.v Colour, Progressive Scan, Digital Cinema Colour 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter, háskerpu HDTV DVB-T stafrænum móttakara (MPEG4), kortalesara ofl.

## HM LEIKUR MAX

*Kauptu 32" eða stærra sjónvarp í Max og þú gætir unnið eina milljón króna. Sá sem kaupir sér 32" eða stærra sjónvarp í Max fram að HM og getur giskað á hvaða lið verða í réttri röð í fjórum efstu sætunum vinnur eina milljón króna. Ef fleiri en einum tekst þetta, þá deilist upphæðin jafnt á milli.*







**Toshiba 40LV685DN**
40" Full HD LCD breiðtjald með 1920x1080p uppl., 24 FPS, Active Vision M100HD Pro, DCDi Faroudja uppskölun, dýnamískri 50.000:1 skerpu, stafr. DVB-T móttakara, Freeview digital tuner, Game Mode, Auto Backlight Control, Luma Sense (tekur mið af birtu í herbergi), USB 2.0, 4 HDMI, VGA ofl.

**JVC LT32DP8BN**
32" HD LCD breiðtjald með 1366x768p upplausn, DynaPix Plus sem fjölgar línum og punktum, 100 Hz Clear Motion Drive, 3.900:1 skerpu, HD Ready, DVB-T stafrænum móttakara, 2 Scart, 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi ofl.

## TILBOÐ GILDA 3. – 11. JÚNÍ
## EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI



**LEIKUR SÉR Í RIGNINGUNNI** Í Kínahverfinu í Havana, höfuðborg Kúbu, lék þessi piltur á als oddi í rigningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þegar ákveðið að skrá eitt af fyrirtækjum í meðförum Arion banka í Kauphöll:

# Stefna að opnu og gagnsæju ferli

**VIÐSKIPTI** Arion banki leggur á það mat í hverju máli fyrir sig hvaða kostur sé heppilegastur þegar koma á í verð eignarhlutum í fyrirtækjum sem bankinn hefur þurft að taka yfir í þeim tilgangi að tryggja fullnustu eigna.

Í viðtali við Markaðinn í vikunni taldi Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, orka tvímælis algeng viðhorf innan bankanna um að fremur bæri að selja fyrirtæki fjárfestum en að skrá þau strax á markað. Arion banki hefur þegar ákveðið að skrá eitt fyrirtæki í Kauphöll Íslands, verslunarfyrirtækið Haga. Berghildur Erla Bernharðsdóttir, upplýsingafulltrúi bankans, segir ákveðnar verklagsreglur hafðar til hliðsjónar þegar kemur að sölu yfirtekinna fyrirtækja. Stefnt sé að því að selja eignarhluta í fyrirtækjum eins fljótt og hagkvæmt er talið. Þá skuli stefnt að opnu og gagnsæju söluferli og jafnræði meðal fjárfesta. Hún bendir þó á að í einhverjum tilvikum kunni hagsmunir fyrirtækis og bankans að kalla á lokað útboð eða annars konar fyrirkomulag.

„Til dæmis vegna ákvæða hluthafasamkomulags eða samþykkta um forkaupsrétt.“ Þá segir hún ákvörðun um sölu á eignarhluta fjármálafyrirtækis og aðferð við sölu vera rökstudda og skráða. - óká



**ARION BANKI** Bankinn hefur þegar tekið ákvörðun um að skrá Haga á markað. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Árás á bílastæði á Akureyri:

# Hótaði starfsmanni lífláti

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært rúmlega tvítuga konu fyrir að ráðast á starfsmann fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar og hóta henni lífláti.

Atvikið gerðist fyrr á þessu ári á bílastæði á Akureyri. Konan reif í hár starfsmannsins, hristi hann og sló í andlitið. Þá henti hún starfsmanninum utan í bifreið og henti svo í hann handfangi sem sú ákærða hafði áður rifið af hurð bifreiðarinnar. Starfsmaðurinn gerir kröfu um skaðabætur upp á hálfa milljón króna. - jss






**PER SANDERUS** Fulltrúi ESA segir að stofnunin hafi nú endurfjármögnun bankanna til skoðunar. Teljist hún ríkisaðstoð hefðu íslensk stjórnvöld þurft að sækja um leyfi fyrir henni, áður en af henni varð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Skoða lögmæti fjármögnunar ríkisbankanna

**Endurfjármögnun bankanna gæti flokkast undir ólöglega ríkisaðstoð. Þá þarf að taka hana til baka og vinna málið upp á nýtt. Þetta kemur fram í máli fulltrúa ESA sem er staddur hér á landi.**

**EFNAHAGSMÁL** Verið er að kanna hvort endurfjármögnun bankanna síðasta sumar stangist á við reglur Evrópska Efnahagssvæðisins (EES) og flokkist sem ólöglegur ríkisstuðningur. ESA (Eftirlitstofnun EFTA) er nú með málið til skoðunar.

Per Sanderus, fulltrúi ESA, hefur fundað með ráðherrum undanfarna daga hér á landi. Þar hefur þetta mál borið á góma og Sanderus tekur fram að það sé allsendis óvíst hvort svo sé háttað. Svo geti farið að stuðningurinn falli undir reglur EES.

„Endurfjármögnun bankanna gæti fallið undir reglur um stuðning ríkisins, en það hefur ekki verið ákvarðað enn. Ef svo er hefði átt að sækja um leyfi til okkar og við að úrskurða hvort þetta væri löglegt. En það er ekki enn komið að því. Stjórnvöld hafa tekið saman útskýringar á því hvernig þessu var háttað og hvaða skilyrðum endurfjármögnunin var háð. Þetta er mikið af upplýsingum sem við förum núna yfir.“

Verði endurfjármögnunin metin sem ríkisstuðningur þarf að meta hvort hún sé engu að síður eftir þeim reglum sem hann fellur undir. Sé hún metin ólögleg fer fram rannsókn á ferlinu sem getur endað á því að gjörðin gengur til baka og leysa þarf málefni bankanna upp á nýtt, eftir settum reglum.

Sanderus segir óljóst hvenær málin skýrist. Það velti á gæðum þeirra gagna sem stjórnvöld hafa tekið saman um málið. Mjög mikilvægt sé að ESA fái þær upplýsingar sem á þarf að halda. Það versta sem komið geti úr þessu sé að endurheimta þurfi féð.

Sanderus hefur hitt nokkra ráðherra sem véla um þau málefni sem tengjast EES. Þá hefur starfsfólk ESA fundað með starfsfólki fjölda ráðuneyta.

Málefni Icesave hafa einnig borið á góma í viðræðunum, en ESA sendi íslenskum stjórnvöldum nýverið bréf þar sem það álit stofnunarinnar kom fram að Íslendingar yrðu að standa undir lágmarkstryggingu, 20.887 evrum, á Icesave-reikningunum. Að öðrum kosti færi málið fyrir dómstól EFTA.

Sanderus segir málið aðeins lauslega hafa verið rætt, álit ESA sé skýrt og nú sé svars íslenskra stjórnvalda beðið. Þau hafa tvo mánuði til viðbragða.

„Ef þeir þurfa lengri frest tökum við það til athugunar, en nú erum við að bíða viðbragða íslenskra stjórnvalda við þessu bráðabirgðaáliti okkar.“ kolbeinn@frettabladid.is






# BÓKIN UM GOSIÐ ER KOMIN!

# EYJAFJALLAJÖKULL

Stórbrotin náttúra | Untamed Nature





ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON
Jarðeðlisfræðingur og rithöfundur



RAGNAR TH. SIGURÐSSON
Ljósmyndari




**GLÆSILEG LJÓSMYNDA- OG FRÆÐIBÓK** um eldgosin í Eyjafjallajökli í vor – aðdraganda þeirra, eðli og áhrif.

**MAGNAÐAR MYNDIR** eftir einn okkar fremsta ljósmyndara, **Ragnar Th. Sigurðsson**, njóta sín til fulls í stóru broti. Myndir Ragnars hafa birst víða um heim.

**ÍTARLEGUR OG AÐGENGILEGUR TEXTI** eftir hinn víðkunna **Ara Trausta Guðmundsson**, jarðeðlisfræðing og rithöfund, opnar ásamt myndum Ragnars skýra sýn á þessa örlagaríku viðburði sem höfðu áhrif á alla heimsbyggðina.

**HEIMA OG ERLENDIS**. Allur texti bókarinnar er bæði á ensku og íslensku. Tilvalin gjöf til vina og samstarfsaðila hvar í veröldinni sem er. Allir þekkja Eyjafjallajökul!

**ÖRLAGAVALDURINN SJÁLFUR**, askan fræga úr Eyjafjallajökli, fylgir frítt með fyrstu 1.000 eintökum bókarinnar.

Uppheimar | Vesturgötu 45 | 300 Akranes | 511 2450 | uppheimar@uppheimar.is | www.uppheimar.is

UPPHEIMAR



**TREÐUR Á FÉLAGA SÍNUM** Hann lét sig hafa það, þessi hermaður í Hvíta-Rússlandi, þegar félagi hans klifraði yfir hann á æfingu í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

Ákærður fyrir líkamsárásir:

# Kýldi konu og skellti í götuna

**DÓMSMÁL** Tæplega þrítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir tvær líkamsárásir á Akureyri.

Samkvæmt ákæru átti sú fyrri sér stað fyrir utan Kaffi Akureyri. Maðurinn réðst á konu, kýldi hana tvisvar í andlitið, sneri hana síðan yfir öxlina á sér og skellti henni í götuna. Konan lenti á bakinu og höfuðið skall í jörðina. Hún marðist og hlaut eymsli.

Þá er maðurinn ákærður fyrir að kýla annan mann tvívegis í andlitið inni á veitingastaðnum Down Under á Akureyri. Fórnarlambið hlaut nokkra áverka.

- jss

## DÓMSTÓLAR

### Stálu fyrir nærri milljón

Tveir karlmenn hafa verið ákærðir fyrir að brjótast inn í íbúð í Reykjavík og stela þar þremur fartölvum, snyrtitösku með snyrtivörum og skartgripaskríni, samtals að áætluðu verðmæti um 735 þúsund krónur.

### Fangi með fíkniefni

Fangi á Litla-Hrauni hefur verið ákærður fyrir að vera með fíkniefni í klefa sínum. Fanginn vísaði fangavörðum á efnin, eftir að fíkniefnaleitarhundur hafði merkt á klefann.

## Vindátt og úrkoma ráða mestu um öskufjúk næstu mánuði og ár




# Spá fyrir um fjúkandi ösku

**Hafin er vinna hjá Veðurstofu Íslands við þróun spálíkans fyrir öskufjúk. Vinnan er ekki síst hugsuð sem undirbúningur fyrir eldgos framtíðarinnar. Fyrstu spár eru hugsaðar fyrir allra næstu daga og vikur.**

**VEÐUR** Veðurstofa Íslands, í samstarfi við Umhverfisstofnun, vinnur að þróun öskufjúksspár sem mun nýtast á næstu vikum og mánuðum. Ekki er þó síður horft til framtíðar og stofnunin lítur á verkefnið sem undirbúning fyrir hið óumflýjanlega; næsta sprengigos á Íslandi og vandamál vegna ösku sem því tengjast.

Sigrún Karlsdóttir, yfirverkefnisstjóri hjá Veðurstofunni, segir að verkefnið sé nýhafið og sé flóknara en margur heldur. „Veður er margslungið fyrirbæri. Til þess að það sé mögulegt að gefa út marktæka öskufjúksspá þarf að safna miklu af gögnum. Fyrir okkur er þetta lærdómsferli sem mun taka töluverðan tíma.“ Hún segir að fyrstu öskufjúksspár geti þó litið dagsins ljós áður en langt um líður og muni batna með tímanum.



**HREINSUNARSTARF** Það liggur fyrir að lengi enn munu menn og málleysingjar þurfa að búa við óþægindi af völdum öskunnar frá Eyjafjallajökli. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Vandamál vegna ösku, hvort sem hún fellur eða fýkur, eru tekin mjög alvarlega á Veðurstofunni, að sögn Sigrúnar. Stefnt er að því að koma upp spálíkani (reiknilíkani) sem mun nýtast hér og erlendis. „Þegar búið er að þróa slíkt tól erum við betur undirbúin fyrir næsta gos. Það gýs á Íslandi á fimm ára fresti að meðaltali, og því lítum við á þessa vinnu sem viðbót við þann undirbúning sem er viðhafður hjá stofnuninni að staðaldri.“ Sigrún segir að gosið virðist ætla að valda stökki í rannsóknum og þróunarvinnu í kringum öll fræðasvið sem tengjast náttúruhamförum í líkingu við eldgosið í Eyjafjallajökli.

Í nokkur ár hefur starfsfólk Veðurstofunnar haldið æfingar með tilliti til eldgosa. Viðbrögð eru æfð út frá gefnum forsendum, til dæmis út frá veðuraðstæðum viðkomandi dags. Meginþunginn hvílir á því að æfa samskipti og gerð viðvarana. „Það kom sér vel í Eyjafjallagosinu að hafa æft viðbrögðin með reglulegum hætti. Svona atburður hefur óteljandi hliðar sem ekki er hægt að undirbúa sig fyrir. Með þeirri framþróun sem nú verður er hægt að slípa enn betur þá hnökra sem ekki koma fram á æfingum.“

Björn Oddsson jarðeðlisfræðingur sagði í viðtali við Fréttablaðið á miðvikudag að öskufjúk muni verða viðvarandi vandamál í sumar. Þá sé það háð veðurfari næstu mánuði hversu lengi glímt verður við vandamál vegna öskunnar. Ekki er útilokað að þeir sem búa næst eldstöðinni þurfi að reikna með þessum hvimleiða gesti í nokkur ár.

svavar@frettabladid.is




# OFUR TILBOÐ

## 4.-10. JÚNÍ

# 30% AF ÖLLUM

## SÓFUM OG SÓFASETTUM



## OG VIÐ MEINUM ÖLLUM SÓFUM OG SÓFASETTUM!



© ILVA Ísland 2010

**SUMARLEIKUR**

**4. júní - 19. júlí**

Komdu í verslun okkar og taktu þátt í sumarleiknum þar sem þú gætir unnið sumarhúsgögn í garðinn að andvirði **240.000,-** Dregið verður 21. júlí



ILVA kaffi

Súpa dagsins m/brauði

**690,-**



**VISA Lán** - VAXTALAUST

**Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða**

**ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is - laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30**




**REYKJAVÍK**
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
mánud.–föstud. 10–18 • Laugard. 10–16

**AKUREYRI**
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánud.–föstud. 8–18, laugard. 10–16


ellingsen.is
IÐIHÁTÍÐ
KASTKEPPNI
Ellingsen Reykjavík,
laugardaginn 5. júní frá kl. 12–14.
Skemmtileg flugukastkeppni fyrir alla fjölskylduna.
Keppt verður í nákvæmnisköstum.
Vegleg verðlaun í boði!
VERÐLAUN:
1. Ein stöng í Jöklu I og Fögruhlíðará í fjóra daga, 11.–14. júlí, með gistingu fyrir tvo.
2. Ein stöng í Eystri-Rangá í tvo daga, 5. og 6. júlí með fæði og gistingu fyrir tvo.
3. Tvær stangir í Galtalæk, einn dag í júní.
Veiðikortið fylgir öllum vinningum.
OPTI NYMPF-stöng, MULTI-hjól 3/6
OPTI STREAM-lína
Verð 130.280 kr.
Tilboð 91.196 kr.
ADVENTURE-stangir G3
Verð 29.900 kr.
Tilboð 23.920 kr.
ADVENTURE-vöðlur
Verð 35.990
Tilboð 28.792 kr.
ADVENTURE-sett
Verð 35.490 kr.
Tilboð 28.392 kr.
LOOP-útivistarjakki OPTI LW
og LOOP-buxur OPTI LW
Verð 40.390 kr.
Tilboð 31.312 kr.
LOOP MULTI-flotlína, SINK-tip,
INTERMIDIE og MULTI-tvíhendulína
20% afsláttur
Ellingsen
– fullt hús ævintýra







Hæstiréttur mildar dóm yfir Birki Arnari Jónssyni fyrir skotárás í Breiðholti:

# Fimm ár fyrir lífshættulega skothríð

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt 24 ára karlmann, Birki Arnar Jónsson, í fimm ára fangelsi fyrir manndrápstilraun í Breiðholti í nóvember síðastliðnum. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður dæmt Birki í sex ára fangelsi.

Birkir fór grímuklæddur og vopnaður haglabyssu að heimili í Breiðholti að næturlagi í nóvember. Hann bankaði á dyrnar og þegar maðurinn sem hann var á höttunum eftir lauk upp dyrunum rak hann haglabyssuhlaupið í enni hans og hóf í kjölfarið skothríð.

Maðurinn sem inni var náði með naumindum að loka dyrunum og skríða í skjól en hlaut þó rispu á nefi og hringlaga sár á enni af atlögunni.

Segir í dómnum að framburður Birkis hafi verið afar ótrúverðugur en framburður Pólandans á hinn bóginn mjög trúverðugur. Árásin, sem framin var í hefndarhug, hafi verið stórhættuleg og beinst að lífi og heilsu þess sem skotið var að.

Refsingin er sem áður segir milduð úr fimm árum í sex og bætur til handa Pólandanum eru einnig lækkaðar úr 900 þúsund krónum í 600 þúsund. **- sh**



**Í HEFNDARHUG** Birkir Arnar, sem hér sést leiddur úr dómsal á leið í gæsluvarðhald, var í hefndarhug þegar hann bankaði upp á í Þverárselinu.




**Á RÁÐSTEFNU UM ORKUSKIPTI** Einar Vilhjálmsson, markaðsstjóri Metans, hér að ofan, segir bestu leiðina að breyta bílum í metanbíla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ákvarðana um orkuskipti brátt að vænta

**Iðnaðarráðherra væntir þess að á næstu vikum komi fram fyrstu tillögur nýrrar nefndar um orkuskipti í samgöngum. Beðið er ákvarðana um opinberar ívilnanir vegna eldri bíla sem breytt er í vistvæna. Grunndrög orkuskipta liggi fyrir í haust.**

**IÐNAÐUR** Á næstu vikum kunna að liggja fyrir tillögur um skattaívilnanir og hvata frá hinu opinbera til fólks og fyrirtækja sem vill færa sig yfir í vistvæn ökutæki, eða breyta ökutækjum sínum þannig að þau verði vistvænni. Starfshópurinn var kynntur á ráðstefnu um visthæfar samgöngur í Háskólanum í Reykjavík í gær.

Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra, segist gera ráð fyrir að hópurinn vinni hratt og skili ábendingum áður en endanleg mynd kemst á tillögur hans í haust.

Á ráðstefnunni í gær voru kynntar margvíslegar lausnir sem tengjast visthæfum samgöngum og sýndar voru bifreiðar sem ganga fyrir rafmagni, metani, lífdísil og vetni. Katrín segir hins vegar ljóst að það verði ekki stjórnvöld sem taki ákvörðun um hvaða tækni verði á endanum ofan á. „Tækniþróunin og markaðir erlendis ráða þessu," segir Katrín, en kveður það þó um leið sína tilfinningu að hér verði ofan á blönduð leið. „Aðstæður og aðgengi að orkugjöfum er svo misjafnt eftir löndum."



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR**

Iðnaðarráðherra afhjúpaði í gær nýtt merki áætlunar um orkuskipti í samgöngum. Nýr vefur áætlunarinnar er www.graenaorkan.is.

Spurningum sem vakna um aðkomu stjórnvalda að uppbyggingu og áherslum í breyttu orkuumhverfi í samgöngum segir hún að verkefnisstjórnin, sem nú hafi verið skipuð, svari. Þar á meðal er spurningin um hvort olíufélögum verði gert að blanda lífrænni olíu í jarðefnaolíu í ákveðnum mæli, líkt og þegar hefur verið fyrirskipað í Noregi og í löndum Evrópusambandsins.

„Núna erum við í raun og veru að setja þetta átak af stað, en allt eru þetta hlutir sem verkefnastjórnin er að fara að vinna að. En við ætlum henni nú að gera áfangaskiptaáætlun, sem nær utan um framleiðslu á eldsneytinu, nýsköpun hvað varðar farartæki og uppbygginguna á innviðum," segir hún og vísar þar jafnt til aðgengis að ökutækjum sem og að eldsneytinu. „Í þriðja lagi þarf svo að skoða skattaumhverfið og hvatana þannig að þetta geti gerst hratt. Ég geri ráð fyrir að menn geti verið komnir með nokkuð góða mynd af þessari áætlun strax í haust. Og þá geta menn bara ætt af stað."

**olikr@frettabladid.is**

## 500 bíla floti gangi allur fyrir metangasi

Á þremur árum á að breyta öllum bílum Íslenska gámafélagsins þannig að þeir gangi einnig fyrir metangasi. Dótturfélag Gámafélagsins, Vélamiðstöðin, starfrækir 900 fermetra verkstæði þar sem bílum er breytt. Jón Þórir Frantzson, forstjóri félagsins, upplýsti á ráðstefnu um vistorku í samgöngum sem fram fór í gær að fimmtungur bíla félagsins gangi nú þegar á íslenskri grænni orku. Hann segir allt til reiðu til að uppfæra bíla í stórum stíl. Margir bíða þó enn fregna frá hinu opinbera um hvort fólk sem fer þessa leið fái einhverja ívilnun, svo sem endurgreiðslu virðisaukaskatts eða eingreiðslu á móti kostnaði. Gjöld eru felld niður af nýjum vistvænum bílum sem fluttir eru til landsins.

Jón Þórir segir að þegar fyrsta bílnum var breytt hjá Vélamiðstöðinni fyrir nokkrum árum hafi það tekið hálft ár. Núna sé bílum breytt á einum til þremur dögum. Nokkur kostnaður fylgir þó, á bilinu þrjú til sjö hundruð þúsund krónur, eftir stærð bíla. Sá kostnaður kemur til baka í lækkun eldsneytiskostnaðar eftir 20 til 40 þúsund kílómetra akstur, eftir því hve bíllinn eyðir miklu.

Nú þegar segir Jón Þórir að hægt væri að safna metangasi hér innanlands sem nægja myndi flota 25 til 30 þúsund bíla. **- óká**



**LEIÐA BREYTINGU BÍLA** Jón Þórir Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagsins, og Lingþór Jósepsson, framkvæmdastjóri Vélamiðstöðvarinnar FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ




Takk fyrir frábærar viðtökur við nýjum kosti á leigumarkaði.

MEIRA
leiguhúsnæði

– þitt heimili til framtíðar

Kynntu þér nýjan kost á húsnæðismarkaði inn á meira.is.

zebra

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Klárar menntamálaráðherra heimavinnuna sína áður en hún sker niður í háskólakerfinu?

## Skólar bornir saman

Nú styttist í að Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra greini frá tillögum sínum um hvernig á að spara í rekstri háskólanna í landinu. Ráðherrans bíða erfiðar ákvarðanir. Allir háskólarnir halda fram sínum málstað og vilja sízt láta skera niður hjá sér.

Við þessar aðstæður hlýtur vandaður undirbúningur að skipta mestu máli. Menntamálaráðuneytið er nú væntanlega í óðaönn að safna upplýsingum til að geta borið saman frammistöðu háskólanna og metið hvar skattgreiðendur fá mest fyrir peningana sína. Ekki er hægt að halda áfram að sinna öllu, sem nú er sinnt, þannig að þá verður að forgangsraða í þágu þeirra skóla eða námsleiða, þar sem mestur árangur næst með lægstum tilkostnaði.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Ráðuneytið hlýtur m.a. að horfa til þess hvar flestir útskrifast með háskólapróf miðað við þá fjármuni, sem skólunum eru lagðir til. Þær tölur verður að sjálfsögðu að setja í samhengi við gæðamat á náminu, því að magn er ekki sama og gæði. Slíkur gæðasamanburður ætti reyndar að liggja frammi opinberlega líkt og í ýmsum nágrannalöndum okkar, þannig að háskólarnir geti borið sig saman og nemendur, sem þurfa að velja á milli þeirra, hafi í höndum óháð mat á frammistöðu skólanna.

Núverandi kerfi fjármögnunar skólanna er að sumu leyti gallað, því að þar er meðal annars miðað við „þreyttar einingar", þ.e. hversu margir nemendur undirgangast próf í tilteknum áföngum, án þess að horft sé til þess hvort þeir standast prófið eður ei. Þannig má segja að skóli, þar sem nemendur eru af lítilli alvöru í náminu og sitja oft í sama áfanganum, njóti þess í meiri fjárframlögum frá ríkinu.

Í íslenzka háskólakerfinu er enn of mikið af fólki, sem þiggur dýra kennslu árum saman en sýnir lítinn árangur og lýkur ekki námi. Oft er vakin athygli á því hversu gríðarlega margir stunda háskólanám á Íslandi miðað við önnur lönd, en hlutfall þeirra sem klára dæmið og útskrifast með háskólamenntun er ekki jafnhátt. Niðurskurður í háskólunum hlýtur fremur að eiga að bitna á eilífðarstúdentunum en hinum sem eru duglegir, klára nám á tilsettum tíma og koma sér út í atvinnulífið að skapa verðmæti.

Ráðuneytið ætti líka að kanna hvernig nemendum skólanna hefur vegnað. Gengur nemendum eins skóla betur á vinnumarkaðnum en öðrum? Á ekki að vera tiltölulega einfalt að afla upplýsinga um það?

Menntamálaráðherrann hlýtur sömuleiðis að vilja hafa í höndum samanburð á því hvernig skólarnir standa sig í rannsóknum, til dæmis hvað vísindamenn þeirra hafa birt margar greinar í viðurkenndum vísindatímaritum, og hversu miklar fjárveitingar úr vösum skattgreiðenda liggja þar að baki.

Hún hlýtur aukinheldur að vilja vita hvernig skólarnir hafa staðið sig í nýsköpun; stuðla þeir að því að til verði sprotafyrirtæki sem laða að fjárfesta, skapa ný störf og stuðla þannig að því að hjálpa Íslandi út úr kreppunni?

Katrín ráðherra getur ekki viljað skera niður af handahófi og ekki heldur flatt yfir alla skóla og deildir, heldur af einhverju viti, þannig að þeir takmörkuðu peningar sem til eru nýtist sem bezt. Þá þarf hún að vinna heimavinnuna sína.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Issn 1670-3871




LANDNÁMSDAGUR

SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPI LAUGARDAGINN 5. JÚNÍ

Landnámsmenn, víkingar, Gaukur á Stöng, fornt handverk, leikþáttur, vikivaki, Darraðarljóð, skógarkaffi, fornleifar, örmessur, lömb og landnámshænur

DAGSKRÁ Á WWW.SVEITIR.IS


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Grímulaus gagnrýni

Ólafur Ragnar Grímsson forseti hefur legið undir nokkru ámæli síðan bankahrunið varð. Nú síðast var það leikskáldið Jón Atli Jónasson sem neitaði að verða svo mikið sem tilnefndur til Grímuverðlaunanna á meðan Ólafur Ragnar væri verndari þeirra. Hann hefði kannski átt að leita í smiðju Baldvins Halldórssonar, sem afþakkaði leiklistarverðlaunin Silfurlampann árið 1973, sem Félag íslenskra leikdómenda veitti. Baldvin þótti, sem mörgum, gagnrýnin afskaplega klén og afþakkaði því verðlaunin. Áhrifin voru þau að verðlaunin voru lögð niður.



### Grímulaust gagnrýnisleysi

Og enn af forsetanum. Margir hafa orðið til að rifja upp orð hans í ferð Glitnis til New York árið 2007. Ekki er óáhugaverðara að lesa ræðu sem hann hélt hjá Sagnfræðingafélagi Íslands í janúar 2006. Þar sagði hann útrásina gefa fyrirheit um glæsilegasta sóknarskeið í sögu þjóðarinnar í viðskiptum, listum og vísindum. Njála hvað? Útrásin er komin.



### Grímulaus aðdáun

Grípum aftur niður í ræðu forsetans: „Lykillinn að árangrinum sem útrásin hefur skilað er fólginn í menningunni, arfleifðinni sem nýjar kynslóðir hlutu í vöggugjöf, samfélaginu sem lífsbarátta fyrri alda færði okkur, viðhorfum og venjum sem eru kjarninn í siðmenningu Íslendinga. Útrásin á sér djúpar rætur í sögu okkar, heimanfylgjan sótt í sameiginlega þjóðarvitund þótt vissulega hafi breytingar í veröldinni lagt þar lóð á vogarskálar."

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Nýju fötin keisarans

Borgarmál

Tryggvi Gíslason

fyrrverandi skólameistari



Allir þekkja ævintýrið um nýju fötin keisarans eftir H. C. Andersen, um keisarann sem var svo hrifinn af fínum fötum að hann eyddi öllu fé sínu í föt. Dag einn komu til keisarans tveir svikahrappar sem sögðust geta ofið fegursta klæði sem hugsast gæti en hefði þann eiginleika að hver sá sem væri heimskur og dómgreindarlítill gæti ekki séð það.

Keisaranum fannst þetta freistandi. Með því að eignast svona klæði gæti hann greint í sundur þá sem væru heimskir og dómgreindarlitlir og hina sem væru skynsamir og gætu gegnt embættum í ríki hans. Hann fékk svikahröppunum því fé, herbergi að vefa í, silki, pell og purpura ásamt gullþræði sem þeir stungu í skjóður sínar.

Sagan um klæðið sem heimskir menn gætu ekki séð, spurðist út, og þegar keisarinn sendi gamla ráðgjafann sinn að líta eftir því hvernig vefurunum gengi, brá honum í brún, því að hann sá ekkert klæði heldur sátu svikararnir við tóman vefinn og þóttust vefa. „Guð hjálpi mér," hugsaði gamli ráðgjafinn. „Ég sé engan vef og ekkert klæði." En hann sagði ekkert en lést sjá klæðið fína.

Góðfús lesandi þekkir framhaldið.

Þegar keisarinn gekk út á götu í nýju fötunum hrópaði lýðurinn: „En hvað nýju fötin keisarans eru glæsileg og sitja vel og hvað slóðinn er stórkostlegur." En lítið barn hrópaði upp yfir sig: „En keisarinn er allsber." Þá opnuðust augu hinna.

> Dag einn komu til keisarans tveir svikahrappar sem sögðust geta ofið fegursta klæði sem hugsast gæti en hefði þann eiginleika að hver sá sem væri heimskur og dómgreindarlítill gæti ekki séð það.

Atburðir síðustu vikna og úrslit kosninganna í Reykjavík minntu mig á ævintýrið um nýju fötin keisarans. En það var ekkert barn sem hrópaði: „En keisarinn er allsber."

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Niðurgreiddir bílar

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Margir virðast afar sannfærðir um að bílar og bensín séu afar skattpínd fyrirbæri. Kannski ekki að ósekju. Þegar bensínlítrinn er greindur niður í krónur kemur vissulega á daginn að flestar þeirra enda hjá Ríkinu. Sömuleiðis hvíla fjölmörg gjöld á bílunum sjálfum, vörugjöld, bifreiðagjöld og þungaskattar. Fljótt á litið virðast því hagsmunaaðilar bíleigenda hafa nokkuð til síns máls. Ríkið skattpínir bíleigendur, en samt halda allir áfram að keyra. Fólkið hefur valið einkabílinn.

Í þessu öllu gleymist stundum að bíleigendur fá allt vegakerfið, með öllum sínum götum, vegum, brúm, mislægu gatnamótum og göngum meira og minna endurgjaldslaust frá ríkinu. Vegakerfið er sósíalískt. Allir borga fullt og fá fullt til baka.

### Skattar vs. útgjöld

En hvort skyldu tekjur af bílum og bensíni vera meiri eða minni en kostnaður samfélagsins af vegakerfinu? Sé til dæmis litið til ársins 2007 voru tekjur af vörugjöldum af bílum og bensíni, olíugjaldi, bifreiðagjaldi og þungasköttum samtals 32,4 milljarðar. Útgjöld hins opinbera til vegakerfisins námu samkvæmt Hagstofu Íslands 33,7 milljörðum. Á árunum 2000-2006 voru tekjur og útgjöld almennt líka svipað há.

Sé litið til ársins 2008 námu sérstakir skattar af bílum og bensíni 28,5 milljörðum en eytt var í vegakerfið fyrir 44,6 milljarða. Á sjálfu hrunárinu var því eytt 150 krónum fyrir hverjar hundrað sem komu inn.

Á því eru vitanlega til skýringar, bílainnflutningur lagðist af og fólk keyrði minna. Á sama tíma voru margar þeirra atvinnuskapandi aðgerða sem boðaðar voru oftar en ekki framkvæmdir sem einmitt sneru að uppbyggingu og viðhaldi vegakerfisins, til dæmis endurgerð nokkurra gatnamóta í Reykjavík, sem eins og svo oft áður áttu að liðka fyrir umferð. Bílaumferð, vitanlega.

Bíleigendur hafa sem sagt á undanförnum árum ekki lagt meira í sameiginlegja sjóði samfélagsins en það sem kostaði að byggja upp og reka þá vegi sem þeir keyra á.

### Óhagkvæm skattheimta

Það er ekki þar með sagt að öll þau gjöld sem lögð eru á bíleigendur séu skynsamleg. Vörugjöld á bifreiðar eru þannig fremur heimskulegur skattur. Þau gera það að verkum að dýrara er fyrir fólk að eignast nýjan bíl, sem oft er öruggari og umhverfisvænni en sá eldri, en það er ekki svo dýrt að keyra hann þegar hann hefur verið keyptur.

Vörugjöld á bíla eru þannig álíka góð hugmynd í baráttu gegn bílaumferð og hlaðborð eru í baráttunni gegn ofáti.

Það væri skref í rétta átt að leggja af vörugjöldin og innheimta þessar upphæðir einfaldlega í gegnum bensínið. Bensínskattar eru umhverfisvænir, þeir hvetja fólk til að draga úr akstri. Hins vegar hafa þeir sína vankanta. Þannig er til dæmis ekki mikill kostnaðarmunur á því að keyra Miklubrautina í Reykjavík á háannatímum eða milli tveggja bæja í Skagafirði um miðja nótt. Þetta er þrátt fyrir að vegakerfið í fyrra tilfellinu hefur vart undan á meðan skagfirski vegfarandinn er líklega sá eini á veginum. Til viðbótar hefur Reykvíkingurinn val um aðra ferðakosti, meðan sama verðan ekki sagt um Skagfirðinginn. Það væri því rökréttast að rukka Skagfirðinginn um margfalt minna fyrir veganotkun hans.

### Bein afnotagjöld

Ein leið til þess er að taka upp beina gjaldtöku, eins og í Hvalfjarðargöngunum, í mun meiri mæli en nú er gert. Hollendingar hafa farið enn aðra leið, þar verða menn rukkaðir fyrir hvern ekinn kílómetra, háð því hvar og hvenær sé ekið og á hvernig bíl.

> Bíleigendur hafa sem sagt á undanförnum árum ekki lagt meira í sameiginlega sjóði samfélagsins en það sem kostaði að byggja upp og reka þá vegi sem þeir keyra á.

Skiljanlega geta menn haft áhyggjur af persónuvernd slíkra lausna en þau mál má leysa sé að vilji til þess. Kostirnir við slíka gjaldtöku eru hins vegar gríðarlegir. Umferðarteppur á háannatímum myndu snarminnka eftir því sem fleiri kysu að ferðast saman eða seinkuðu ferðum sínum.

Vegakerfið mundi því nýtast miklu betur.

Tillögur um hvers kyns bein afnot af vegakerfinu kalla ítrekað fram á þau viðbrögð að verið sé að „refsa“ bíleigendum. Sú orðræða er furðuleg. Eru kvikmyndahúsin að refsa bíóáhugamönnum? Eru bókabúðir að refsa lestrarhestum með því að rukka fyrir bækur? Síðan hvenær er það refsing að rukka fólk fyrir þá þjónustu sem það kýs að nýta sér?




LÍF & FJÖR Í HJARTA REYKJAVÍKUR!

- Lifandi tónlist
- Bjarni töframaður
- Caterpillar Men
- Hrynþokki Björns á Löngumýri á Hljómalindarreit og víðar

Skoðum, verslum og njótum veitinga í Miðborginni okkar - þar sem hjartað slær

MIÐBORGIN OKKAR

Stefnir - *Ríkisvíxlasjóður.*
Góður kostur fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 50133 04/10

Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis.

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki verðbréfaþjónustu Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir

- 90% ríkisvíxlar og ríkisskuldabréf / 10% innlán
- Víxlar og stutt skuldabréf með ábyrgð íslenska ríkisins. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 10% í innlánum.
- Litlar sveiflur í ávöxtun og enginn binditími.
- Hentar þeim sem vilja fjárfesta í þrjá mánuði eða lengur.
- Lágmarkskaup 10.000 kr.
- Enginn munur á kaup- og sölugengi.

*Hafðu samband*
sími 444 7000 • arionbanki.is

Arion banki

Stefnir - Ríkisvíxlasjóður er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum sjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans, má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir.



†

*Okkar ástkæri*

**Kjartan Ingi Kjartansson**
Brákarbraut 10, Borgarnesi,

andaðist fimmtudaginn 27. maí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey frá Ólafsvíkurkirkju.

**Inga Nelly Husa**
**Anders Ólafur Kjartansson**
**Kristín Björg Kjartansdóttir Þorgrímur Benjamínsson**
**og aðrir aðstandendur.**



†

*Móðir okkar,*

**Margrét H. Sigurðardóttir**
viðskiptafræðingur, Hörgshlíð 8, Reykjavík,

lést 26. maí. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni í dag föstudaginn 4. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Hallgrímur S. Sveinsson**
**Björg Sveinsdóttir**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Sigurðsson**
fyrrv. fulltrúi á Landspítala
Herjólfsgötu 38, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 2. júní. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 7. júní kl. 15.00.

**Dagmar Guðmundsdóttir**
**Elín Jónsdóttir Ólafur Hallgrímsson**
**Anna S. Jónsdóttir Jón Ólafur Ólafsson**
**Jörundur Jónsson Sigrún E. Þorleifsdóttir**
**Þorbjörg Elenóra Jónsdóttir Árni Gunnarsson**
**afabörn, langafabörn og aðrir aðstandendur.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ásgerður Sigurbjörnsdóttir**
sjúkraliði, Byggðavegi 86 Akureyri,

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 1. júní s.l. Útför hennar verður auglýst síðar.

**Haraldur Magnússon**
**Anton Haraldsson**
**Sigurbjörg Haraldsdóttir**
**Þorvaldur Rafn Kristjánsson**
**Sverrir Haraldsson**
**Magnús Orri Haraldsson**
**Sigurbjörn Haraldsson**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Auðbjörg Guðmundsdóttir**
Illugastöðum, Vatnsnesi,

andaðist mánudaginn 31. maí á Heilbrigðisstofnun Vesturlands Hvammstanga. Útförin auglýst síðar.

**Jónína Ögn Jóhannesdóttir Birgir Jónsson**
**Guðmundur Jóhannesson Bjarney G. Valdimarsdóttir**
**Árni Jóhannesson Anna Olsen**
**Jónína Auðbjörg Sigurbjörnsdóttir Jóhann Ingi Haraldsson**
**Jóhannes Óskar Sigurbjörnsson Þorbjörg Ásbjarnardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför föður míns, bróður og frænda okkar*

**Bjarna Helgasonar.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á 4B Hrafnistu, Hafnarfirði fyrir góða umönnun.

**Sigurjón Ingiberg Bjarnason**
**Helgi Helgason**
**og frændsystkini.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir, systir og amma,*

**Þuríður Þorbjörg Káradóttir,**
Strikinu 4, Garðabæ,

lést að heimili sínu laugardaginn 29. maí. Útför fer fram frá Neskirkju föstudaginn 4. júní kl. 15.00. Þökkum sérstaklega Karitaskonum fyrir frábæra umönnun í veikindum hennar.

**Geir Guðmundsson**
**Halla Kristín Geirsdóttir**
**Guðmundur Karl Geirsson Elín Sigríður Grétarsdóttir**
**Kári Geirsson Gan Songkrant**
**Kári Halldórsson**
**Þórhallur Kárason**
**Þórir Kristinn Kárason**
**Kristjana Káradóttir**
**Katla Sóley Guðmundsdóttir**
**Jóhann Jökull Salbergsson**



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Jóhönnu Lúvísu Þorsteinsdóttur**
Víkurbraut 30, Hornarfriði.

Hjartans þakkir til starfsfólks HSSA á Hornafirði fyrir góða umönnun.

**Óskar Unnsteinn Guðmundsson Laufey Óskarsdóttir**
**Erlingur Kristinn Guðmundsson Kristín Auður Gunnarsdóttir**
**Þorgrímur Guðmundsson Auður G. Sigurðardóttir**
**Sædís Guðmundsdóttir Andrés Ágúst Guðmundsson**
**Reynir Guðmundsson Sigríður Lárusdóttir**
**og fjölskyldur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


**GUNNAR DAL ER 87 ÁRA**

*„Göngum saman inn um hlið vonarinnar."*

***Gunnar Dal er rithöfundur og skáld. Hann hefur skrifað fjölda rita sem fjalla aðallega um heimspeki. Einnig liggja eftir hann nokkrar skáldsögur og ljóðabækur auk þess sem Gunnar Dal hefur þýtt fjölda ljóða.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ALLIR DAGAR NAMMIDAGAR** Finnur Geirsson, forstjóri Nóa Síríus, segir að laumast sé í súkkulaðið á hverjum degi hjá Nóa Síríusi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

NÓI SÍRÍUS: 90 ÁRA STARFSAFMÆLI

## Laumumst oft í súkkulaðið

Brjóstsykursgerðin Nói var stofnuð árið 1920 og hefur því starfað samfleytt í 90 ár. Árið 1933 bættist súkkulaðiverksmiðjan Síríus við og úr varð Nói Síríus.

„Fyrirtækið hefur vaxið jafnt og þétt gegnum árin og verið í eigu sömu fjölskyldunnar nánast allan tímann. Hér vinna um 140 manns í dag og við framleiðum flestar tegundir af sælgæti," segir Finnur Geirsson en hann hefur gegnt forstjórastöðu síðustu 20 ár.

Allt til ársins 1970 mátti ekki flytja inn í landið sælgæti erlendis frá. Það breyttist þegar Ísland gekk í EFTA en í framhaldinu voru lagðir háir tollar á innflutt sælgæti. Tollarnir lögðust svo af á næstu tíu árum og eftir árið 1980 hófst samkeppni íslenskra sælgætisverksmiðja við erlent nammi fyrir alvöru. Finnur segir þó Nóa Síríus hafa haldið sínum dampi enda Íslendingar duglegir að borða nammi.

„Menn bjuggust við að við myndum ekki ráða við samkeppnina en ég held að þetta hafi frekar hert okkur. Markaðurinn óx líka þegar innflutningurinn var heimilaður. Það sem hefur þó verið að gerast á íslenskum sælgætismarkaði síðustu ár er að fyrirtækjum hefur fækkað mjög. Í dag eru sælgætisfyrirtækin einungis fjögur en voru fyrir tuttugu til þrjátíu árum á bilinu tíu til fimmtán. Það er í raun merkilegt í sjálfu sér að eiga 90 ára samfellda sögu að baki og við erum mjög stolt af því. Við vitum þó líka að við þurfum alltaf að vera í viðbragðsstöðu. Fyrirtækið er ekkert gamalmenni þó það sé orðið 90 ára. Við verðum að vera síung til að mæta kröfum markaðarins," segir Finnur og bendir á að stöðugt sé verið að bæta við vöruúrval Nóa Síríus og bæta við nýjungum. Á móti detti einhverjar eldri tegundir þá jafnan út sem einhverjir sakni.

„Það er nú því miður ekki hægt að gera öllum til hæfis. Við munum þó ekki hrófla við Síríus súkkulaðinu sem við höfum lagt mest upp úr í gegnum tíðina. Suðusúkkulaðið sem pakkað er tveim plötum saman í smjörpappír hefur til dæmis verið framleitt og pakkað eins frá upphafi, við ætlum ekkert að breyta því."

Íslendingar eru vanafastir á sitt sælgæti og algengt að Íslendingar búsettir erlendis fái nammisendingar að heiman. Finnur segir útlendinga einnig hrifna af íslensku sælgæti og selur Nói Síríus sælgæti með góðum árangri á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum og víðar.

Þegar Finnur er inntur eftir því hvort ekki sé erfitt að standast freistingarnar í sælgætisverksmiðju segir hann alla daga vera nammidaga hjá Nóa Síríusi. „Hér laumumst við í súkkulaðið á hverjum degi og pössum bara að bursta tennurnar vel."

**heida@frettabladid.is**

**NÝR FISKMARKAÐUR** opnar í grænu verbúðunum við Geirsgötu um helgina á Hátíð hafsins og verður hann opinn alla laugardaga í sumar.



FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447





Nýr A la Carte



Elmar Kristjánsson, yfirmatreiðslumaður Perlunnar

HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum

Við mælum með Macon Chanes Domaine de Lalande með þessum rétti.

4ra rétta tilboðsseðill
Verð aðeins 7.290 kr.

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




„Það kemur fólki á óvart hvað salatið er vel útilátið, ferskt og gott," segir Dagný sem kveðst líka framreiða lambafilet er njóti mikilla vinsælda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Leikur með grænmeti, liti, bragð og mynstur

**Vinsælasti rétturinn á matseðli Gistiheimilisins Grundar á Flúðum er Flúðasalat. Þar er litfagurt grænmeti úr heimabyggðinni í fyrirrúmi, brakandi og ferskt, ásamt steiktri kjúklingabringu.**

„Ég hef þessar gersemar í kringum mig og fæ hér allt sem hugurinn girnist, meira að segja jarðarber, enda versla ég við alla garðyrkjubændur á svæðinu," segir Dagný Ólafsdóttir á Gistiheimilinu Grund á Flúðum þegar hún ber fram Flúðasalatið sem veitingastaðurinn hennar er þekktastur fyrir. Dagný og maður hennar, Kristinn Kristinsson, hafa rekið staðinn frá árinu 2007 og þar er vistlegt um að litast. Dagný er í eldhúsinu að leggja síðustu hönd á salatdisk og er beðin að lýsa því í orðum hvað á honum sé.

„Ég byrja á að steikja kjúklingabringu, kæli hana niður og sker í sneiðar eftir endilöngu. Svo blanda ég saman grænu og rauðu salati af ýmsum tegundum. Það er klettasalat, labello, blaðsalat, spínat og það sem flottast er hverju sinni. Svo er ég með papriku, í þremur litum, niðurskorna í teninga og ristaðar furuhnetur. Þegar ég er búin að bunka salatinu á diskinn, legg ég kjúklingasneiðarnar í píramída upp, set svo sneið af papriku ofan á og þar set ég venjulega heilsutómat, opna hann eins og blóm og set þar eitt jarðarber. Svo tek ég gúrku og sker hana einhvern veginn út, það er hægt að gera það á milljón vegu. Við leikum okkur með grænmetið, bæði með mynstrum og litum til að gera það enn meira fyrir augað. Að lokum dreypi ég balsamikgljáa frá Ítalíu yfir. Með þessu berum við fram brauð, sem búið er að hita í ofni, í nokkrar mínútur með hvítlaukssmjöri."
Að þessum orðum sögðum vindur Dagný sér með diskinn út á hlað, þar sem ljósmyndarinn bíður eftir að smella af henni mynd.

*gun@frettabladid.is*





BOLIR OG PEYSUR
20% afsl. föstud og laugard.
Ný sending af strigaskóm Str: 24-33 verð frá 4990.-
IANA Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opið mánudag til föstudag 10-18, laugardag 10-17


Ísland „Landslag"
Íslensk myndlist í gjafapakkann þinn
Útskriftargjafir • Brúðargjafir • Vinargjafir • Listaverkakort eru innifalin
Sjöfn Har
Opið virka daga kl.13.00–18.00
Laugard. kl.12.00–18.00
Velkomið að hafa samband á öðrum tíma
Art & design / Sjöfn Har / Skólavörðustígur 41 101 Reykjavík,
Sími: 551 0606 / 894 0367 • sjofnhar.is • sjofnhar@sjofnhar.com

Skokkabrjálæði

Skokkar áður ~~kr. 16.990~~
Núna frá kr. 9.990-11.990
St. 36 - 50
FLASH
Laugaveg 54, sími: 552 5201


Guðríður Inga segir mikið líf vera að skapast niðri á höfn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Nálgast höfnina og hafið

**Höfnin í Reykjavík mun iða af lífi um helgina þegar Hátíð hafsins verður haldin í tilefni sjómannadagsins. Flöskuskeytasigling, hnútasmiðja og undirheimar hafsins eru partur af hátíðahöldunum ásamt öðru.**

„Við hefjum leikinn á morgun," segir Guðríður Inga Ingólfsdóttir, verkefnastjóri viðburða hjá Höfuðborgarstofu um Hátíð hafsins sem lýkur svo seinnipart sunnudags. „Ég held að þetta verði mjög skemmtileg og glæsileg hátíð í ár af því að það er svo mikið líf að skapast niðri við höfn. Það er að verða svo mikið menningarstarf þar með tilkomu Sjóminjasafnsins," segir Guðríður og telur fleira upp: „Nýr veitingastaður sem heitir Bryggjan opnar í Sjóminjasafninu og í gömlu verbúðunum verður opnuð fjölbreytt og skemmtileg starfsemi, vinnustofur listamanna, veitingastaðir, og gallerí."

Hefðbundin hátíðahöld verða á Hátíð hafsins en aðalskemmtunin fer fram á Granda sem teygir sig svo yfir á Ægisgarð. „Það er hopp og skopp fyrir börnin. Fjölbreyttar smiðjur verða á hátíðinni en í Hugmyndahúsi háskólanna verða tveir arkitektar með módelsmiðju sem kallast Undirheimar hafsins," segir Guðríður og bætir við að þar verði skapaður skemmtilegur heimur með þátttakendum. „Þeir ætla að skapa undirheima hafsins með fjölskyldunum sem mæta á svæðið. Þátttakendur leggja hugmyndir í púkkið og þeir vinna þetta svo áfram með þeim."

Guðríður segir að einnig verði hnútasmiðja og flöskuskeytasmiðja á hátíðinni. „Þeir sem taka þátt í flöskuskeytasmiðjunni geta farið í flöskuskeytasiglingu með Sæbjörginni seinni part laugardags og kastað flöskuskeytum fyrir borð. Svo verða farnar skemmtisiglingar með Sæbjörginni."

Guðríður tekur fram að Færeyingar muni verða sérstakir gestir hátíðarinnar. „Þeir koma siglandi á glæsilegri skútu sem er afar gömul. Hún er frá aldamótunum 1900," upplýsir Guðríður sem segir að lið frá þeim muni keppa í kappróðrinum en sjö lið hafa þegar skráð sig til þátttöku. En stendur skráning enn yfir? „Já, það er alveg hægt að vera með en æfingatíminn er orðinn stuttur," segir Guðríður brosandi.

Aðspurð segir Guðríður hátíðina hafa verið vinsæla undanfarin ár. „Eiginlega er hún að vaxa vegna þess að menningarstarf við höfnina er að aukast. Margt sem verður að opnað á hátíðinni mun lifa í allt sumar þannig að við erum aftur að nálgast höfnina og hafið sem við vorum aðeins byrjuð að fjarlægjast."

*martaf@frettabladid.is*

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM
Opið til kl. 18 á laugardag

**MOMO MENN** – ný búð á Laugavegi 45, beint á móti Momo konur.
MOMO
LAUGAVEGI 42
SÍMI 552 1818
MOMO.IS



Börnum og fjölskyldum þeirra er boðið í smiðju á Kjarvalsstöðum þar sem þeim verður kennt að búa til sína eigin myndavél.

# Myndavél úr kassa

**Ekki þarf að vera svo flókið að smíða sína eigin myndavél.**

Börnum og fjölskyldum þeirra er boðið að koma á Kjarvalsstaði á morgun í smiðju sem sett verður upp í tengslum við sýningarverkefnið Ljós&mynd. Smiðjan er opin frá 13.00 til 16.00 og mun ljósmyndarinn Pétur Thomsen aðstoða þátttakendur við að smíða sína eigin myndavél.

Það er í raun sáraeinfalt að smíða sína eigin kassamyndavél og framkalla myndir. Kassamyndavélin er mjög einföld myndavél án linsu og allt sem þarf til er kassi með örlitlu gati og ljósnæmur pappír eða filma til að fanga fyrirmyndina. Ljós frá umhverfinu fer í gegnum þetta litla gat og varpar andhverfri fyrirmynd á bakhlið kassans.




Þátttakendur eru hvattir til að koma með kassa eða dósir til að smíða myndavélina sína, en best er að umbúðirnar séu ekki mjög stórar. Til dæmis er hægt að nota kassa undan morgunkorni, snakkbauk, safafernu og jafnvel rauða papriku eða appelsínu. Umbúðirnar verða þó að vera þannig að hægt sé að gera þær ljósheldar. Ljósnæman pappír eða filmu til að fanga fyrirmyndina fá gestir á staðnum sér að kostnaðarlausu.

Í ljósmyndasmiðjunni læra þátttakendur að nota myndavélina til að taka ljósmyndir og fá einnig tækifæri til að kynnast töfrum myrkraherbergisins og hvernig myndin framkallast á pappír. Myndirnar geta þátttakendur svo tekið með sér heim. Allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir og aðgangur og efni er ókeypis. *- eö*

# Horft á Reykjavík

***Ímynd Reykjavíkur verður viðfangsefnið á málþingi í Þjóðmenningarhúsinu á vegum ReykjavíkurAkademíunnar og ÍNOR í samstarfi við Reykjavíkurborg.***

Málþingið Horft á Reykjavík verður haldið í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu á morgun, laugardaginn 5. júní, frá klukkan 13.00 til 17.00. Málþingið er á vegum ReykjavíkurAkademíunnar og ÍNOR og í samstarfi við Reykjavíkurborg.

Aðstandendur málþingsins telja að í umræðunni um glannalega og yfirlætislega sjálfsmynd Íslendinga og ímynd Íslands hafi Reykjavík sem höfuðborg landsins orðið útundan. Á málþinginu verður því sjónum beint að höfuðborginni og ímynd hennar og sjálfsmynd skoðaðar frá sjónarhóli lista og fræðigreina.

Nánari upplýsingar fást á www.akademia.is *- eö*



Horft á Reykjavík er málþing um ímynd höfuðborgarinnar.

;ALLT HELGIN

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is
sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is
sími 512 5447

Laugardaga



ANNA MARÍA DESIGN
GULLSMIÐUR
Skólavörðustígur 3
Sími 551 0036
www.annamariadesign.is



SUMARIÐ ER TÍMINN

Sérfræðingur frá SHISEIDO veitir ráðgjöf um meðhöndlun húðarinnar, í dag og á morgun.

15% AFSLÁTTUR af SHISEIDO dagkremum með sólarvörn

SIGURBOGINN
LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS

Bollaleggingar



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

» Bolli er ekki bara bolli og rétta útlitið getur breytt öllu. Smekkur manna er mismunandi og bollarnir frá Kahla eru misstórir, mislitir og fjölbreyttir í laginu svo flestir geta fundið þann rétta fyrir sig. Spáðu í bollana hjá Kokku, í verslun okkar eða á kokka.is

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is








Gulur Pronto bolli frá Kahla. Bollarnir eru til í sextán mismunandi litum og bollar og undirskálar eru seld sér og því má leika sér við að blanda saman litum. Kokka, Laugavegi 47. Verð: 1.890 kr.


Grænn og glaðlegur púði á garðstólinn eða stofusófann. Village, Laugavegi 70. Verð: 3.900 krónur.


Sniðug hirsla sem hægt er að hengja upp – undir sólarvörnina eða hvað sem er. Village, Laugavegi 70. Verð: 1.900 krónur.


Ægifagrir rósa- og blómahnúðar á skápa og kommóður. Borð fyrir tvo, Laugavegi 97. Verð: 490 krónur.

# Sumar í borg

**Stór hluti fólks eyðir sumrinu að mestu leyti innan borgarmarka. Fyrir þann hóp er ekki úr vegi að splæsa í eitthvað til að fríska upp á heimilið og færa það í sumarlegan búning.**

Það eru alltaf ánægjuleg tíðindi þegar ný húsbúnaðarbúð opnar í miðbænum enda eru þær ekki ýkja margar á svæðinu. Verslunin Village, sem býður upp á sænskar vörur undir sama merki, opnaði á Laugavegi fyrir um tveimur vikum, og má þar finna alls kyns skemmtilega og sumarlega hluti fyrir heimilið. Miðbæjarröltarar gætu tekið fyrir þemað „húsbúnaður" og þrætt þær verslanir sem bjóða upp á heimilisvörur. Af nokkrum verslunum má nefna Kokku, Borð fyrir tvo, Pipar og salt, Þorstein Bergmann, Kúnígúnd, Kirsuberjatréð og þar má einnig finna nokkrar antikverslanir.

*juliam@frettabladid.is*


Stórköflótt og skemmtileg gólfmotta frá Svíunum hjá Pappelinu. Ofin úr plasti og má skúra og setja í þvottavél. Kokka. Laugavegi 47. Verð: 12.900 krónur.


Rósótt, bleik og sykursumarsæt teketill. Borð fyrir tvo, Laugavegi 97. Verð: 9.200 krónur.


Kaffibolli í stíl við ketilinn – með gyllingu. Borð fyrir tvo, Laugavegi 97. Verð: 4.100 krónur.


Sumarfugl heim í stofu. Village, Laugavegi 70. Verð: 4.700 krónur.


Sniðug leið frá Mode til að geyma ávextina. Skálin er steypt úr silíkoni. Kokka, Laugavegi 47. Verð: 5.950 krónur.














# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 4. júní 2010

Anna Sigríður Pálsdóttir, einn eftirsóttasti hárstílisti landsins, var ekki há í loftinu þegar hún mundaði skærin fyrst.

# SEX ÁRA KLIPPARI

\+ ÚTIMARKAÐUR POPUP + SAGA SIG OG AFMÆLISMYNDIR SPÚÚTNIK
SALKA LEITAR AÐ ORÐUM + BRYNJA PÉTURS FAGNAR Á PRIKINU +


1 TB HARÐDISKUR • GRÆNN OG HLJÓÐLÁTUR

Kr. 13.950

SAMSUNG



Samsung HD105SI
1TB EcoGreen F3 harðdiskur
Serial ATA 3.0 Gbps
32 MB buffer minni

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✻ Sumar og sól

## KRISTRÚN HEIÐA HAUKSDÓTTIR, KYNNINGARSTÝRA FORLAGSINS

helgin MÍN

Ég ætla að eyða helginni í Biskupstungunum við að reyta arfa, fúaverja, setja niður salat og búa í haginn fyrir sumarið. Það er mér bæði ljúft og skylt að gera einu sinni á ári í þessum bústað sem ég hef óbeinan aðgang að. Ég er búin að panta gott veður!



### Nýrri heimasíðu fagnað

Danskennarinn Brynja Pétursdóttir hefur komið á laggirnar nýrri vefsíðu þar sem sjá má ýmis myndbrot frá þeim námskeiðum sem hún hefur haldið auk þess sem finna má allar upplýsingar um næstu námskeið. Síðan er á slóðinni www.brynjapeturs.is og í tilefni af opnun síðunnar verður efnt til veislu á skemmtistaðnum Prikinu. Dj Danni Deluxxe mun leika fyrir dansi auk þess sem þeim sem fyrstir mæta verður boðið upp á kokteilinn Boogie Down Reykjavík.



### Markaðir um alla borg

þetta HELST

Varla hefur liðið sú helgi undanfarna mánuði að ekki hefur verið blásið til markaðar eða skammtímaverslunar af einhverju taginu. Helgin sem er að bresta á verður engin undantekning þar á. Auk PopUp-markaðarins sem sagt er frá hér á síðunni verður markaður úti á Gróttu með alls kyns listmunum og spennandi gömlum hlutum og fötum. Markaðurinn verður að Bygggörðum 5, Seltjarnarnesi, á laugardaginn á frá klukkan 11 til 17. Þá ætlar vefverslunin LouLou að skella upp skammtímaversluninni um helgina á efri hæð Nýlenduvöruverzlunar Hemma og Valda á Laugavegi 21. Þar verður hægt að nálgast allar vörurnar sem til sölu eru í vefversluninni, auk nokkurs úrvals af notuðum fötum.

Myrra Leifsdóttir og Kristín Birgisdóttir safna orðum fyrir dagatalsbókina Konur eiga orðið:

# Í LEIT AÐ HISPURSLAUSUM GULLMOLUM

Við erum að leita að fjölbreyttum setningum frá alls konar konum. Þær þurfa ekki að vera háfleygar heldur miklu frekar einlægar, skemmtilegar og helst sagðar af sem mestu hispursleysi. Okkur langar að virkja íslenskar konur, hvetja þær til samstöðu, stemningar og sköpunar, og fá að vita hvað þær eru að hugsa,“ segir Myrra Leifsdóttir, sem ásamt Kristínu Birgisdóttur, eða Kríu, hjá Sölku útgáfu vinnur nú að útgáfu fjórðu dagatalsbókarinnar Konur eiga orðið.

Þær Myrra og Kría hafa unnið saman að verkefninu frá því að fyrsta dagatalsbókin kom út árið 2008. Þær eiga það sameiginlegt að finnast íslenskar konur afar áhugaverðar og skemmtilegar, svo þeim leiðist ekkert að vinna í verkefninu. Kría sér um ritstjórnina en Myrra sér um listræna framsetningu, og teiknar hún til dæmis myndir við setningarnar sem berast. „Ég fæ yfirleitt mestan innblástur af einhverju sem er augljóslega sagt bara svona út í bláinn, frekar en einhverju mjög alvarlegu um hvernig maður á að lifa lífinu,“ segir Myrra.

Hún segir tilganginn með útgáfu Konur eiga orðið öðrum þræði að virkja tengsl milli íslenskra kvenna. „Við höldum alltaf útgáfupartí þar sem allar konurnar í bókinni hittast. Þar hafa myndast mikil tengsl og ég hef til dæmis kynnst fullt af konum í gegnum það sem ég hef unnið með seinna.“

Um áttatíu konur koma að gerð bókarinnar með einum eða öðrum hætti á hverju ári. Þar af eru 64 konur sem eiga setningar í bókinni og tólf sem eiga ljósmyndir. „Ljósmyndirnar skreyta setningarnar. Ljósmyndararnir fá yfirleitt að velja sér setningu og fara svo af stað og taka myndir út frá því. Ég reyni alltaf að finna nýja ljósmyndara á hverju ári, áhugaljósmyndara eða einhverja sem eru að taka sín fyrstu skref. Það eru mjög margar íslenskar konur að taka ljósmyndir í dag, en það fer miklu minna fyrir þeim heldur en körlunum.“

Tekið er á móti setningum og ábendingum á tölvupóstfangið kristin@salkaforlag.is. *- hhs*



**Kría og Myrra** Eru að safna skemmtilegum setningum frá íslenskum konum. Þær eiga að fara í fjórðu dagatalsbókina sem þær vinna að í sameiningu, með innleggi frá fjölda kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


SKVASSFÉLAG REYKJAVÍKUR

SKVASSFÉLAG REYKJAVÍKUR

SUMARNÁMSKEIÐ SKVASS

Tveggja vikna sumarnámskeið fyrir krakka og unglinga hefst 7. júní í Veggsport.

Megináherslan verður lögð á skvass en einnig verður tekið fyrir þol, styrkurog liðleiki.

Skráning og nánari upplýsingar hjá Hilmari í síma 898-9081 / 577-5555.






Skvassfélag Reykjavíkur | Stórhöfða 17 | 110 Reykjavík | Sími 577 5555


Líf og fjör í gamla Sirkusportinu á morgun:

# Útimarkaður PopUp

PopUp Verzlun mun standa fyrir skemmtilegum útimarkaði í gamla Sirkusportinu á morgun. Þetta er í fyrsta sinn sem PopUp markaðurinn er haldinn utandyra en vonandi ekki hið síðasta enda um frábært framtak að ræða.

PopUp markaðurinn hefur verið starfræktur frá því í ágúst í fyrra og er markmið hans að skapa vettvang fyrir unga hönnuði til að koma vörum sínum á framfæri milliliðalaust til neytenda. Meðal þeirra hönnuða sem taka þátt í markaðinum á morgun eru Ása Ninna, Þórey Björk, Silja Hrund og Aaron Bullion.

„Þetta er í fyrsta sinn sem við höldum svona útimarkað og við vonumst auðvitað til þess að veðrið verði sem best. Við erum þó ekki alltof áhyggjufull því við erum með tjald með okkur og því kannski ekki hundrað í hættunni þó hann fari að rigna örlítið,“ segir Elva Dögg Árnadóttir, einn aðstandenda markaðarins, og bætir við að næsti útimarkaður verði haldinn á Seyðisfirði í júlí í tengslum við listahátíðina LungA. Markaðurinn hefur fram að þessu verið haldinn mánaðarlega en í sumar verður breyting þar á og verður hann haldinn tvisvar í mánuði sem hlýtur að teljast gleðiefni fyrir alla áhugamenn um íslenska hönnun.

Markaðurinn hefst klukkan 12.00 og stendur til klukkan 18.00. *- sm*



**Ekki hundrað í hættunni** Elva Dögg Árnadóttir, einn aðstandenda markaðarins, segir ekki hundrað í hættunni þó hann rigni örlítið á útimarkaðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Stefán Karlsson
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



Hawaii sett
4 stykki
39.900,-
Papasan stóll
19.900,-
590,-
790,-
790,- 790,-
19.900,-
790,-
1.990,-
3.290,-
1.690,- 2.490,-
10.990,-
1.990,-
þrír saman
áður 11.990,-
nú 9.592,-
blómapottar
20%
afsláttuar
munstraðar
kommóður
50%
afsláttur
495,-
190,-
áður 44.900,-
nú 22.450,-
4.990,-
áður 5.990,-
nú 4.792,-
2.490,-
1.890,-
890,-
áður 34.900,-
nú 17.450,-
áður 49.900,-
nú 24.950,-
990,-
geitungargildra
390,-
the PIER
kemur stöðugt á óvart
www.pier.is
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# Nýja sumarlínan frá KRON BY KRON



Kron minnir einna helst á sælgæti. Skórnir eru litríkir og fallegir fyrir augað en einnig dásamlega þægilegir á fæti. Hjónin Heiðrún Árnadóttir og Magni Þorsteinsson hanna skóna í sameiningu og eru þeir framleiddir á Spáni. Skórnir hafa slegið í gegn hér á landi bæði vegna skemmtilegs útlits en einnig vegna þægu-inda.



Vertu velkomin(n)!

SALON REYKJAVÍK

Grandagarði 5 • Reykjavík • S. 568 5305
salon@salon.is




FULLT AF NÝJUM VÖRUM



Kjólar frá 7.990 kr.

VORUM AÐ TAKA UPP NÝJA SENDINGU AF SKOKKUM OG KVARTBUXUM STÆRÐIR 40-54

Allir sem versla fyrir 8.000 kr. eða meira fá hálsklút í kaupbæti.

Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.

MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073

Erum með opið á lau. kl. 11-16

FJÖRÐUR
www.fjordur.is




**Anna Sigríður Pálsdóttir** hefur lengi verið einn vinsælasti hárstílisti landsins.

# KLIPPTI SÍNA FY… KLIPPINGU SEX …

**Anna Sigríður Pálsdóttir, gjarnan kennd við hárgreiðslustofuna Gel, er einn vinsælasti hárstílisti landsins. Hún klippti hár í fyrsta sinn aðeins sex ára gömul og endaði það með vinslitum.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Ljósmyndir:* Stefán Karlsson

Anna Sigríður fæddist í Líbanon en er alin upp í Vesturbænum í Reykjavík. Áhuginn á hárgreiðslu kviknaði mjög snemma að hennar sögn og klippti hún sína fyrstu klippingu aðeins sex ára gömul. „Þegar ég var yngri vildi ég helst alltaf vera að fikta í hárinu á fólki, þetta var hálfgerður „fetish“ hjá mér. Ég man að ég gerði mína fyrstu klippingu sex ára og hún heppnaðist vægast sagt illa. Ég klippti hár vinkonu minnar mjög stutt og það var ekki vel tekið í það, hún fékk í það minnsta ekki að heimsækja mig aftur,“ segir Anna og hlær. Það var þó ekki fyrr en hún sá kvikmyndina Edward Scissorhands eftir leikstjórann Tim Burton sem hún ákvað endanlega að leggja fyrir sig hárgreiðsluna. „Það bara gerðist eitthvað inni í mér á meðan ég horfði á myndina og ég ákvað að þetta væri það sem ég ætlaði að gera í framtíðinni. Það var eitthvað við klippingarnar sem hann gerði sem vakti áhuga minn og þessi tryllti tætingur sem ég fílaði.“

## LÉT GEL GANGA UPP

Anna Sigríður hóf nám í hárgreiðslu árið eftir stúdentspróf frá Kvennaskólanum og meðfram náminu starfaði hún sem nemi á hárgreiðslustofunni Mojo sem hafði verið stofnuð skömmu áður. Að iðnáminu loknu ákvað hún að taka sér stutt hlé þar sem hún sinnti öðrum áhugamálum og ferðaðist heiminn. „Ég tek mér eiginlega tveggja ára pásu eftir iðnnámið. Mér fannst einhvern veginn vanta upp á þá menntun sem ég fékk og hæfileika mína og fannst ég ekki vera búin að uppfylla það í náminu hér. Ég frétti svo af diploma námi úti í London á vegum Vidal Sassoon og ég klára það árið 2003.“ Námið í London var að sögn Önnu Sigríðar mjög tæknilegt og lítil áhersla lögð á greiðslur og lagningar ólíkt því sem viðgekkst hér heima. „Námið hentaði mér mjög vel. Það var mikið lagt upp úr því að kenna okkur alla tækni sem best og áherslan var fyrst og fremst á hana.“

> „Þegar ég var yngri vildi ég helst alltaf vera að fikta í hárinu á fólki, þetta var hálfgerður „fetish“ hjá mér. Ég man að ég gerði mína fyrstu klippingu sex ára og hún heppnaðist vægast sagt illa.“

Eftir dvölina í London flutti Anna Sigríður aftur heim til Íslands og tók skömmu síðar við rekstri hárgreiðslustofunnar Gels af Jóni Atla Helgasyni, sem er betur þekktur sem Hárdoktorinn. „Jón Atli var búinn að nefna það við mig nokkrum sinnum að hann vildi að ég tæki við Geli af honum og ég var til í það. En þegar ég tek við stofunni misstum við húsnæðið sem við vorum í og þá stóð ég frammi fyrir því að annað hvort hætta með stofuna eða vera tuttugu og fjögurra ára og taka allan pakkann, kaupa eigið húsnæði og halda áfram rekstrinum. Á þeim tíma fannst mér þetta vera mikil ábyrgð og ég sá fyrir mér endalausa pappírsvinnu, skattamál sem ég skildi ekki og himinhá lán. En þegar maður tekur ákvörðun um að láta eitthvað ganga upp, þá bara gengur það upp og Gel var slíkt verkefni.“ Anna Sigríður festi kaup á húsnæði sem er á horni Hverfisgötu og Klapparstígs og opnaði þar hárgreiðslustofu og gallerí undir sama nafni. Stofan varð fljótt ein sú vinsælasta í miðbæ Reykjavíkur og trekkti fyrirbærið Freaky Friday marga að, en þar fengu hárstílistarnir að hafa algjörlega frjálsar hendur í hári viðskiptavinarins. „Þetta voru mjög skemmtilegir dagar. Þetta ýtti undir sköpunargleðina og allar hömlur dóu,“ segir Anna og hlær.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

RSTU
ÁRA

**ÞURFTI SPARK Í RASSINN**

Anna Sigríður ákvað að hætta rekstri stofunnar í lok sumars 2008 og snúa sér að öðrum verkefnum. En var ákvörðunin um að hætta með Gel erfið? „Já og nei. Mér fannst einhvern veginn eins og Gel hefði náð sínum hátindi og fannst vera kominn tími á breytingar og auk þess var ég orðin þreytt á því að vinna eins mikið og ég gerði. Þetta var engin skyndiákvörðun, ég var búin að vega og meta alla þætti vandlega og þegar ég loks ræddi hugmyndina við hitt starfsfólkið komst ég að því að þau voru öll tilbúin í breytingu og sumir þurftu einmitt þetta spark í rassinn til að koma sér í það sem þau vildu gera. En þrátt fyrir þetta var ég ekki alveg tilbúin til að leggja skærin frá mér þannig að þegar ég frétti af því að hárvörurnar frá Vidal Sassoon væru loks komnar til landsins ákváðum við Aron, þáverandi kærasti minn, að plotta svolítið saman og til varð Barber Theatre.“ Barber Theatre opnaði í sama húsnæði og Gel var í áður og segir Anna að pælingin hafi verið að hún hefði áfram sitt vinnusvæði þar en hitt rýmið yrði notað undir ýmsar uppákomur. „Við vorum með einhverjar kvikmyndasýningar þarna til að byrja með en svo hefur þetta verið leigt út fyrir afmæli, fatamarkaði og meira að segja jógakennslu.“

**ÖGRAR SJÁLFRI SÉR**

Anna varð fyrsti hárstílistinn á Íslandi til að hanna eigin hárlínu og kom sú fyrsta út haustið 2009. Fyrri línan nefndist Psychobilly og var hún innblásin af gömlu „quiff“ hártískunni og listamanninum Gil Elvgren. Seinni línan kom út í vor og nefnist White Goddess og inniheldur fjórar mismunandi greiðslur. „Mig hafði lengi langað að gera eigin hárlínur. Svo þegar ég varð einyrki fannst mér ég þurfa eitthvað til að ögra sjálfri mér og ákvað að kýla á þetta. Ég byrjaði mjög hægt og ætla að leyfa þessu að þróast í rólegheitunum. Fyrir White Goddess lét ég til dæmis útbúa bækling sem ég dreifði um bæinn, en það hafði ég ekki gert með fyrri línuna.“ Þegar hún er spurð hvert hún sæki innblástur fyrir línurnar segir hún hugmyndirnar bara fæðast. „Stundum koma hugmyndirnar bara til manns. Í fyrstu línunni vann ég með hugmyndir sem ég hafði gengið með í hausnum lengi en núna er meiri tímapressa á manni. Núna fæ ég hugmyndir héðan og þaðan en þarf frekar að virkja þær og sæki þá mikið í bækur og annað slíkt. Það er meira um heimavinnu núna,“ Hvað framtíðina varðar segir Anna hana óráðna. „Ég hélt því fram einu sinni að maður ætti að skipta um starfsvettvang á tíu ára fresti og það styttist nú í það hjá mér. Ég gæti vel hugsað mér að fara í meira nám. En framtíðin er enn óráðin.“

## Gaman að prófa sig áfram með nýja hluti

**Anna Sigríður** hefur sent frá sér tvær hárlínur, eina vetrarlínu og eina sumarlínu. Fyrsta línan, Psychobilly kom út haustið 2009 og sú síðari kom út í vor. Sumarlínan nefnist White Goddess og inniheldur tvær karlaklippingar og tvær kvennaklippingar. Í línunni prófaði Anna sig áfram með óvenjulega liti og blandaði þeim við gráan lit til að fá mattari áferð.

„Ég var að prófa þessa litablöndu í fyrsta sinn en var mjög ánægð með útkomuna. Það getur verið svolítið erfitt að blanda bleikan eða rauðan lit við hvítan háralit þannig að með þessu var ég aðeins að ögra sjálfri mér. Það er alltaf svolítil hætta á að útkoman sé eins og manneskjan hafi fengið gat á hausinn.“ Að sögn Önnu er hártískan síbreytileg og segir hún að gaman sé að prófa sig áfram með nýjar hugmyndir. „Tæknin breytist ef til vill ekki, en það kemur reglulega fyrir að ég rek augun í eitthvað sem ég hef aldrei séð áður. Það er alltaf eitthvað nýtt að gerast í hártískunni.“












# FÉKK AFTUR SLÉTTAN MAGA

„Á morgnana var maginn á mér sléttur og fínn! En þegar það fór að líða á daginn blés hann meira og meira út og leit hann stundum út eins og ég hefði gleypt stóra blöðru. Börnin á frístundaheimilinu þar sem ég starfa spurðu mig oft hvort ég ætti von á barni.

## Gott fyrir meltinguna

Hin 24 ára gamla Krestina Laurisen átti lengi í þessari uppþembu:
-Ég rakst á auglýsingu í vikublaði um KUREN, sem er fljótleg og auðveld úthreinsun. KUREN er unninn úr náttúrulegum jurtum sem hjálpa meltingunni af stað og hjálpa líkamanum í leiðinni að losa sig við uppsöfnuð úrgangsefni. Þetta fannst mér hin hreinasta snilld og ákvað ég því að drífa mig á næsta sölustað og fjárfesta í KUREN. Afgreiðslukonan í heilsubúðinni var mjög upplýst og staðfesti hvað KUREN væri áhrifaríkur þegar kemur að því að hreinsa líkamann og einnig að hann væri bragðgóður og auðveldur í notkun. Ég blandaði KUREN í vatn og mikið rétt, KUREN smakkaðist vel en ég mæli með að drukkið sé ríkulega af vatni með inntöku á KUREN, því það eykur virkni úthreinsunar.

## Maginn á mér aftur sléttur og fínn

”KUREN virkaði fljótt og vel. Maginn varð sléttur á ný og uppþembu tilfinningin hvarf algjörlega. Og sem betur fer er ég hætt að heyra frá þeim sem í kringum mig eru hvort að ég sé barnshafandi. Þetta var svo auðveldur kúr í aðeins 10 daga. Ef ég fer að blása út aftur þá er bara málið að taka aftur annan kúr á KUREN.“

## HVAÐ GETUR KUREN GERT FYRIR ÞIG?

Orðið „hreinsikúr“ eða „detox“ fær suma til að hugsa um svelti, að drekka einungis vatn og safa eða huggulega og afslappandi dvöl í Póllandi, Indlandi, Þýskalandi eða Reykjanesbæ. Hjá flestum er þetta draumur sem rætist oftast ekki í amstri dagsins. Í grunninn byggist hreinsikúr upp á því að virkja úthreinsibúnað líkamans ef svo má að orði komast. Þar er átt við nýru, svita og meltingu. Samsetning jurtanna í KUREN byggist á því að örva þennan hreinsibúnað.

**Inulin – trefjar sem gagnast meltingunni**

KUREN er eini danski hreinsikúrinn sem inniheldur Inulin í hæfilegu magni en Inulin eru plöntuættaðar trefjar. Vísindalegar rannsóknir hafa staðfest gagnsemi þeirra fyrir lífsnauðsynlegu mjólkursýrubakteríurnar (góðgerlana) í meltingarfærunum, en aðeins ef tekin eru inn 4 til 5 grömm á dag eins og KUREN inniheldur. Við inntöku á KUREN örvast hægðarlosun sem margir, sérstaklega þeir eldri, eru ánægðir með.
**Birkiblöð, klóelting og brenninetla** eru afar hjálplegar plöntur þegar kemur að örvun nýrnastarfseminnar. Það er mjög mikilvægt að drekka ríkulega af vatni á meðan 10 daga hreinsikúr KUREN stendur yfir. Þegar kemur að því að losa úrgangsefni í gegnum svitaholurnar er hreyfing áhrifaríkust en einnig geta **króklappa og svartyllir** eflt úthreinsiferlið til muna.

**Innihaldsefni KUREN eru:**
Inulin (oligofructose), agerpaddeerokke (klóelting), glat burre (króklappa), hyldeblomst (svartyllir), birkiblöð og brenninetla.

**Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaðanna**

MEZINA

# tíska
✻ litagleði

## BLÓMASPRENGJA

Nýjasti ilmurinn frá Viktor og Rolf, Flower Bomb, er léttur og ferskur og á vel við á sólríkum sumardögum þegar fuglarnir syngja og veröldin virðist vera sveipuð öllum regnbogans litum.



# SPÚÚTNIK AFMÆLISMYNDIR





Tískuverslunin Spúútnik á sérstakan sess í hjörtum margra Reykjavíkurbúa, enda hefur hún séð mörgum þeirra fyrir fallegum flíkum alla ævi. Í sumar verður verslunin 25 ára. Í tilefni af því var ákveðið að ráðast í að gera kynningarefni henni til heiðurs.

Spúútnik fékk til liðs við sig ljósmyndarann Sögu Sig, en hún er á góðri leið með að verða eftirsóttasti tískuljósmyndari landsins. Einvala lið skrautlegs fagfólks þátt í myndatökunni. Stílisti var Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir. Þeir Þorsteinn Blær Jóhannsson, betur þekktur sem Steini Díva, og Ísak Freyr Helgason, sem margir muna eftir úr þáttunum Nýtt útlit, sáu um hár og förðun.

Hópurinn fór eins og hann lagði sig upp í Elliðaárdal, heim til þeirra Nonna og Heiðars, sem margir hafa heimsótt og farið í ógleymanlegt „svett“ hjá. Nonni er listamaður og ber heimilið þess ríkulega merki, en þar er engan daufan blett að finna og ægir saman öllum regnbogans litum. Útkoman var vægast sagt brjálæðisleg, gullfalleg og sumarleg, eins og þessi brot úr myndatökunni sýna.

*- hhs*







MK
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Í MK ERU FJÓRAR STÚDENTSBRAUTIR
FÉLAGSFRÆÐI- MÁLA- NÁTTÚRUFRÆÐI- OG VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIBRAUT

Hvert skal stefna í lífinu?

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



www.mk.is
Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

FÉLAGSFRÆÐIBRAUT
Sálfræði, félagsfræði, saga.

MÁLABRAUT
Tungumál, ferðagreinar, almenn braut.

NÁTTÚRUFRÆÐIBRAUT
Raungreinar, stærðfræði, tölvur.

VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIBRAUT
Bókfærsla, stjórnun, fjármál.

EINNIG Í BOÐI ALMENNAR NÁMSBRAUTIR.

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á WWW.MK.IS




BYKO

ATLANTSOLIA
* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

A Member of
The Linde Group | AGA

ÍSAGA ehf. | Breiðhöfða 11, 110 Reykjavík | Eyrartröð 8, 220 Hafnarfirði | Sími: 577 3000 | Fax: 577 3001 | www.aga.is

Umboðsmenn ÍSAGA ehf: *SELFOSS:* Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548 · *SAUÐÁRKRÓKUR:* Byggingarvörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626 · *REYÐARFJÖRÐUR:* Landflutningar–Samskip, s. 458 8840 · *ÍSAFJÖRÐUR:* Þröstur Marsellíusson hf, s. 456 3349 · *AKUREYRI:* Sandblástur og málmhúðun hf, s. 460 1515



# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**María Guðrún Rúnarsdóttir, grafískur hönnuður og áhugaljósmyndari.**



1 Ég myndi vakna í rólegheitunum með dóttur minni sem væri í fríi á leikskólanum. Svo myndum við labba upp á Gráa köttinn þar sem við fengjum okkur amerískar pönnukökur.



2 Eftir það myndum við rölta Laugaveginn í fullkomnu veðri, kaupa fína kjóla á okkur báðar og fara svo að fá okkur frappó með karamellubragði á Te og kaffi, koffínlausan fyrir hana.



3 Svo færum við á uppáhaldsrólóinn okkar í Grjótaþorpinu þar sem ég tæki myndir af lillu í fína nýja kjólnum sínum.

4 Í kvöldmat færum við svo til mömmu og pabba í Garðabæinn í hvítlauksgrillaðan humar og hvítvín.



5 Um kvöldið myndi ég bjóða vinkonum mínum heim í mojito, frosna kokteila og slúður. Svo mundi ég enda á Bakkusi þar sem KGB er að dj-a og ég og vinkonurnar dönsum alla nóttina.





Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

föstudagur
Fylgstu með



**TÓNLISTARHÁTÍÐ** verður haldin í Hveragerði um helgina undir heitinu Bjartar sumarnætur. Miðapantanir og miðasala fer fram í Bókasafninu í Hveragerði.

# ;HELGIN



Byggður var sérstakur ofn til að búa til járn úr mýrarauða líkt og gert var á landnámsöld. MYND/ÚR EINKASAFNI



Skemmtilegt er að fylgjast með eldsmiðunum að verki.

# Blásið í nýjar glæður

**Eldsmiðir, innlendir og erlendir, verða með smiðjur sínar á Safnasvæðinu á Akranesi fram á sunnudag. Þeir munu búa til munsturstál, skúlptúr og járn úr mýrarauða líkt og var gert á landnámsöld.**

„Við verðum um tuttugu eldsmiðir á staðnum en þrír Svíar leiða hópinn. Þeir eru faglærðir eldsmiðir og vinna við eldsmíði dags daglega," segir Guðmundur Sigurðsson sem skipuleggur hina skemmtilegu uppákomu á Safnasvæðinu á Akranesi. Eldsmiðirnir komu sér fyrir í gær en munu sýna gestum og gangandi handverkið fram á sunnudag.

„Við ætlum að búa til munsturstál líkt og notað er í samúræjasverð, einnig kallað damaskus. Svo ætlum við að gera skúlptúr, smíða blóm og á laugardaginn ætlum við að vera með rauðablástur og búa til járn úr mýrarauða," segir Guðmundur en sú aðferð var notuð af landnámsmönnum til að búa til járn í verkfæri og vopn. Sérstakur ofn hefur verið útbúinn fyrir verkið sem kynda þarf í sjö til átta tíma áður en hafist er handa.

Guðmundur býður alla velkomna til Akraness um helgina til að kynna sér hið sérstæða handverk. Eldsmiðirnir verða að störfum frá klukkan níu að morgni til sex á kvöldin. „Annars er stundum erfitt að fá þessa menn til að hætta," segir Guðmundur hressilega.

*solveig@frettabladid.is*




;ALLT

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447

HEILSA
Þriðjudaga




FATA
MARKAÐUR
Í LAUGARDALSHÖLLINNI
ódýrt
Föt fyrir alla fjölskylduna í miklu úrvali
Arabaklútar 799 kr.
Leggings frá 999 kr.
Barnasokkabuxur 799 kr.
Dömugallabuxur frá 3999 kr.
Herragallabuxur frá 3999 kr.
Herraboxer 3 í pakka frá 999 kr.
Herrahlýrabolir 799 kr.
Dömuhlýrabolir 799 kr.
Strákabolir 1299 kr.
Stelpukjólar 1999 kr.
Strákagallabuxur 1499 kr.
Strákaboxer 3 í pakka 799 kr.
2 fyrir 1
af öllum fötum - aðeins í 4 daga
þú borgar fyrir fyrir dýrari flíkina
Birt með fyrirvara um prentvillur
FATAMARKAÐUR Í LAUGARDALSHÖLLINNI
OPIÐ FRÁ KL. 11 TIL 19
lokadagur 7. júní


DREGIÐ ALLA
LAUGARDAGA
Á BYLGJUNNI
ÆVINT
PIPAR\TBWA - SÍA \ 101038
VIKULEGIR VINNINGAR
Í allt sumar verða vikulegir vinningar dregnir út í þættinum Sumargleðin hjá Hemma Gunn og Svansý á Bylgjunni:
• Vildarpunktar Icelandair allt að 100.000
• Eldsneytisúttekt hjá Olís fyrir 20.000 kr.
• Smellugas Olís 10 kg hylki
AÐALVINNINGAR
Í lok sumars verða dregnir út glæsilegir aðalvinningar:
• Fjölskylduferð til Seattle flug og gisting fyrir 4
• 2000 lítra eldsneytisúttekt sem nemur 1 árs notkun fjölskyldubíls
• Coleman Diamento gasgrill frá Ellingsen
Samstarfsaðilar í Ævintýraeyjuleik Olís:
BYLGJAN 989
Vildarklúbbur
Svali
Kjörís
Prince Polo
Capri-Sun
OPAL
Daim
mix
KitKat
Coca-Cola





# ÆVINTÝRIN GERAST ENN

## Taktu þátt í Ævintýraeyjunni, sumarleik Olís. Þú gætir haft heppnina með þér!

Ævintýrakort Olís ætti að hafa borist þér í pósti en þú getur einnig nálgast það á næstu Olís-stöð. Komdu við á Olís-stöðvunum í sumar og safnaðu stimplum í Ævintýrakortið um leið og þú verslar. **Þú færð glaðning við hvern stimpil.**

Á hverjum laugardegi í sumar verður dregið úr fullstimpluðum kortum í þætti Hemma Gunn og Svansýjar á Bylgjunni. Dregið er um **ferðavinninga í formi Vildarpunkta, ríflegar eldsneytisúttektir og Smellugas frá Olís. Í lok sumars er svo dregið úr öllum kortum um enn glæsilegri aðalvinninga.** Fylgstu með á **ævintýraeyjan.is.**

**Safnaðu stimplum í allt sumar og fáðu glaðning í leiðinni.**

olís Vinur við veginn

**Sjómannadagurinn 6. júní 2010**
Vantar sölufólk um helgina.
Góð sölulaun í boði.
Upplýsingar veitir Guðmundur Jóhannsson í síma 8620537
SJÓMANNA DAGURINN 2010

**Grunnskólinn Reykhólum**
**Við Grunnskólann á Reykhólum er laust hlutastarf í myndmennt og smíðakennslu.**
Umsóknarfrestur er í 18. júní nk. Nánari upplýsingar gefur Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri, í síma 862 1519.
Skólastjóri

• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn-verktakavinna
BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

Péturs pub
HM Í FÓTBOLTA SÝNDUR Á STÓRUM SKJÁ
HAPPY HOUR Á HVERJUM FÖSTUDEGI
TILBOÐ
STÓR BJÓR 600 kr.
STÓR BJÓR OG SKOT 1000 kr.
ALLIR VELKOMNIR
TUBORG TUBORG
Pétursspub, Höfðabakki 1 110 Reykjavík S: 5872022

Cafe Catalina
**í kvöld spilar hljómsveitin**
**Feðgarnir**
**Kíkjið á www.catalina.is**
**Allir velkomnir**
**Snyrtilegur klæðnaður áskilin**
**FRÍTT inn fyrir konur..... og karla!**
**Hádegismatur alla virka daga**
Boltinn í beinni!
GULLNÁMAN
**Hamraborg 11 200 Kóp. S: 554-2166**

**Sýslumaðurinn á Húsavík**
Útgarði 641 Húsavík, s: 464 1300

**UPPBOÐ**

**Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:**

Ásgata 19, fnr. 216-7100, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Jóhannes Helgi Einarsson, gerðarbeiðandi Vörður tryggingar, fimmtudaginn 10. júní 2010 kl. 13:00.

Bakkagata 11, fnr. 216-6844, 670 Kópaskeri, Norðurþingi, þingl. eig. Skipamiðlunin Bátar & Kvóti ehf. gerðarbeiðendur Byggðastofnun og Norðurþing, fimmtudaginn 10. Júní 2010 kl. 11:00.

**Framhald uppboðs á eftirfarandi eign verður á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsvík, sem hér segir:**

Smári ÞH-059, sknr. 1533, Þingl. eig. Kópasker ehf, gerðarbeiðendur Dalvíkurbyggð, Íslandsbanki hf. og Tryggingamiðstöðin hf. mánudaginn 14. júní 2010, kl. 10:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík
3. júní 2010

# Guðs útvalda þjóð

**BAKÞANKAR**
**Brynhildar Björnsdóttur**



Þegar ég var lítil var ég heilluð af Sögum Biblíunnar, tíu stórum bláum bókum sem amma keypti af farandsala. Þær voru gríðarlega myndskreyttar og þar voru hetjusögur af góðum vinum, spennusögur af barnsfórnum, hryllingssögur af konum sem skáru menn á háls og var hent út um glugga og hundar rifu í sig, og margar fleiri.

**ÞESSAR** sögur gerðust í landi sem hét Ísra-el og voru um fólk sem hét gyðingar. Guð var alltaf að tala við gyðingana og lofa þeim alls konar ef þeir höguðu sér vel en samt var alltaf verið að reka þá burt úr landinu sínu og ýmist færa í ánauð til Egyptalands eða herleiða til Babýlon. Aumingja gyðingarnir.

**SKÖMMU** seinna las ég svo Ívar hlújárn, þar sem gyðingastúlkan Rebekka var fórnfús, væn og fögur þrátt fyrir fordóma og andstreymi, og leikin af Elizabeth Taylor á ljósmyndunum sem prýddu bókina. Þá uppgötvaði ég líka að gyðingar hefðu hvergi átt heima öldum saman og verið útlægir og óvinsælir hvar sem þeir fóru.

**AUMINGJA** gyðingarnir.

**ÞEGAR** sjónvarpsþættirnir um Helförina voru sýndir í sjónvarpinu horfði ég að sjálfsögðu ekki á þá enda efnið ekki talið hollt börnum. En ég vissi upp á hár um hvað þeir voru, hræðilega nasista sem tóku gyðingabörn og drápu þau og fjölskyldur þeirra og alla sem þau þekktu. Aumingja veslings gyðingarnir.

**EN** sem betur fer endaði raunasaga gyðinganna vel. Þeir fengu aftur landið sitt, fluttu þangað, reistu sér byggðir og bú í blómlausum eyðimerkursandi og undu svo glaðir við sitt. Nema hvað einhverjir vondir arabar voru alltaf að reyna að stela landinu þeirra frá þeim, enn einu sinni. Aumingja gyðingarnir.

**ÉG** var tíu ára þegar ég tjáði samúð mína yfir kvöldfréttunum og pabbi útskýrði fyrir mér að þetta væri ekki svona einfalt. Að áður en gyðingarnir eða Ísraelsmenn, eins og þeir hétu núna, hefðu fengið landið sitt aftur hefði önnur þjóð búið þar í tvö þúsund ár. Og nú væru aumingja gyðingarnir að sýna þeirri þjóð nákvæmlega sömu grimmd og þeir hefðu sjálfir mátt þola.

**SÍÐAN** ég var tíu ára eru liðin þrjátíu ár og ástandið í Palestínu hefur bara versnað. Alheimssamúðin sem Ísraelsmenn hafa baðað sig upp úr frá 1940 hlýtur að renna út bráðum. Ég legg til að heimurinn hætti að efna samviskubitsloforð sín við Ísraelsmenn þangað til þeir fara að haga sér.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




BT
HELGARSPRENGJA BT!
Skeifan opin til kl 22:00 alla daga
Samsung tökuvél
SASMXF30BP
2,7" LCD skjár
15x optical zoom
Hristivörn OIS
Andlits greinir
(Face detection)
SD minniskort
5 stk
32.999
39.999
7.000kr verðlækkun
Nikon SLR D3000
BHNIKD30001855
10.2 MP myndflaga
3,0" LCD TFT Skjár
Innbyggt Innbyggt flash
Alltaf 11 fókus punktum og
3D Tracking
EXPEED myndvinnsluvél
5 stk
79.999
99.999
20.000kr verðlækkun
Thomson þráðlaus heyrnatól
HAMA131456
Þráðlaus heyrnatól
100 metra drægni
2 x AAA hleðsrafhlöður
10 stk
5.000kr verðlækkun
9.999
14.999
Logic 3 Jive MP3 hátalari
LOMIP100K
iPod hátalari
90 W RMS hátalarakerfi
Digital Signal Processor (DSP)
Jack tengi fyrir aðra tegundir
MP3 spilara
Fjarstýring fylgir
10 stk
24.999
44.999
20.000kr verðlækkun
Scott 2.1 heimabíó
SC MDX100SW
Spilar flestar gerðir diska
FM/AM ÚTVARP
Dolby digital
USB og HDMI
120W
29.999
39.999
10.000kr verðlækkun
10 stk
Coby 8GB MP3 spilari
MAMP707-8GB
2.0" bjartur LCD skjár
8GB minni (ca.2500lög)
FM útvarp með
stöðvaminni
11 klst rafhlöðuending
15 stk
11.999
17.999
6.000kr verðlækkun
Ion plötuspilari
IONIPT01USB
USB tengdur plötuspilari
33 1/3 og 45 snúninga
Með hátalara
Einfaldur hugbúnaður fylgir
RCA hljóðtengi til að tengja
við aðra magnara
15 stk
14.999
24.999
10.000kr verðlækkun
Samsung bluray spilari
SABDP1600
Full HD (Blu-ray) DVD spilari
1920x1080 pixlar
Digital Plus, Dolby TrueHD,
DTS-HD
Gefur möguleikann á 5.1
surround
hljóðkerfi
5 stk
15.000kr verðlækkun
39.999
54.999
Ion deskrocker tölvuhátalara
Hágæða USB tölvuhátalara
20W RMS
Segulvarðir
Upptökuhugbúnaður – jack
og rca input
15 stk
14.999
19.999
5.000kr verðlækkun
Ion dj græja
Allt sem þarf til að DJ-ast
í tölvunni
Crossfader til að skipta
milli laga
Bass og treble stýring
Hugbúnaður fyrir upptöku
USB tengi
10.000kr verðlækkun
14.999
24.999
20 stk
Ion filmuskanni
Filmuskanni fyrir 35mm
filmur
2.5" LCD skjár
4.4MP upplausn
2 GB SD minniskort
10.000kr verðlækkun
14.999
24.999
20 stk
HP Deskjet D1660 Prentari
1200dpi í svörtur
4800dpi í lit
Allt að 20 bls í svörtu, 16
bls í lit.
Prentar á jaðar pappírs
20 stk
5.999
brjálað verð
Iris OZR hugbúnaður
Readiris gerir þér mögulegt
að breyta skönnuðu PDFsk-
jali í textaskrá sem hægt er
að vinna með.
Les íslenska stafi.
19.999
34.999
10 stk
IrisPen textaskanni
Skannar texta beint
inn í word, excel,
outlook eða
annan hugbúnað.
19.999
34.999
10 stk
Verbatim 1.5 TB flakkari
5.000kr verðlækkun
22.999
27.999
10 stk
Verbatim sjónvarpsflakkari
VE47542
Spilar FULL HD 1080i
(h.264)
Spilar af USB
eða SD korti
10/100 tengi
One Touch Recording
HDMI / Component /
Composit
59.999
69.999
10 stk
Acer fartölva
5532-5509
Athlon 64 TF-36 2.0Ghz
320 GB, Serial ATA
2 GB DDR2 SDRAM, 667 MHz
ATI Mobility Radeon HD 3200
15.6" TFT (1366 x 768)
Vefmyndavél og kortalesari
Microsoft Windows 7 Home
Premium
20.000kr verðlækkun
79.999
99.999
20 stk
BT SKEIFAN - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444

## ! Kl. 22 í Rósenberg

*Á bláum nótum kallast dagskrá sem Kristjana Stefánsdóttir hefur sett saman með samstarfsmönnum sínum og flutt verður í kvöld og annað kvöld. Með söngkonunni ástsælu koma fram þeir Elvar Örn Friðriksson söngur, Birgir Baldursson trommur, Róbert Þórhallsson bassa, Ómar Guðjónsson gítaristi og Agnar Már Magnússon Hammond orgel. Í söngvasafni kvöldsins eru blúsar og aðrir áráttusöngvar. Rósenberg er við Klapparstíg.*

# menning

menning@frettabladid.is

# *Syngjandi stúlkur*

Starf Stúlknakórsins hefur verið öflugt á liðnum vetri, en þær hafa meðal annars sungið með Frostrósum og haldið jólatónleika í Hallgrímskirkju. Í apríl síðastliðnum héldu stúlkurnar ásamt Kramhúsinu glæsilega stórsýningu í Íslensku óperunni sem var hluti af Barnamenningarhátíð Reykjavíkurborgar og tóku þótt í tónleikum Gunnars Þórðarsonar úr Vísnabókinni í Húsdýra- og fjölskyldugarðinum. Um fjörutíu stúlkur úr kórnum halda í dag í tónleikaferð um landið: Í kvöld syngja þær í Blönduóskirkju kl. 18 og á morgun verða þær með tvenna tónleika: Í Akureyrarkirkju kl. 14 og í Húsavíkurkirkju kl. 20.30. Þar munu þær einnig koma fram á sunnudag í messu kl. 11 á sjómannadeginum. Margrét J. Pálmadóttir stjórnar kórnum af miklum fögnuði.


**TÓNLIST** Margrét J. Pálmadóttir sækir heimabæ sinn með fríðu foruneyti um helgina. MYND FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Stúlknakór Reykjavíkur er opinn stúlkum á aldrinum 5-20 ára, sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Æfingar eru einu sinni til tvisvar í viku og eru þær aldursskiptar. Í maí fengu þær heimsókn stúlknakórs frá Hamborg í Þýskalandi og sungu meðal annars með þeim í hvítasunnumessu í Hallgrímskirkju. Einnig eiga þær von á frábærum stúlknakór frá Berlín um miðjan ágúst. Það er fjör hjá stelpunum og viðbúið að það verði mikið sungið á leiðinni norður um land. Eins gott að bílstjórinn sé söngelskur.

## > Ekki missa af

Í dag kl. 15 flytur Árni Heimir Ingólfsson opinn fyrirlestur sem nefnist Musikliv og salmetradition i Island efter reformationen. Með fyrirlestri Árna Heimis hefst ráðstefnan Mjúk málsnilld orðanna sem fjallar um norrænar bókmenntir sautjándu aldar og haldin er á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Skálholts.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 4. júní 2010**

### ➜ Tónleikar

**18.00** Um 40 stúlkur úr **Stúlknakór Reykjavíkur** undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur, verða með tónleika í Blönduóskirkju.

**20.00** **Íslenski tónlistarhópurinn Njúton** og bandaríski strengjakvartettinn **The Formalist Quartet** flytja Vortex Temporum eftir Gérard Grisey í Íslensku óperunni við Ingólfsstræti. Nánari upplýsingar á www.listahatid.is.

**20.30** Kórastefna við Mývatn 2010 stendur til 6. júní. Í kvöld munu **Copenhagen Girls Choir** og **Gradualekór Langholtskirkju** koma fram á tónleikum á Hallarflöt í Dimmuborgum. Nánari upplýsingar á www.korastefna.is.

**21.00** **Jóhann G. Jóhannsson** og hljómsveit fara yfir blúsferil Jóhanns ásamt því að flytja önnur vinsæl hans á tónleikum í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Tónleikarnir eru hluti af Jazz- og blúshátíð Kópavogs 2010. Nánari upplýsingar á Salurinn.is



**22.00** **Hvanndalsbræður** halda útgáfutónleika í Salthúsinu við Stamphólsveg í Grindavík.

**22.00** Söngkonurnar **Esther Jökulsdóttir, Lára Sveinsdóttir, Soffía Karlsdóttir** og **Þórunn Antonía Magnúsdóttir** flytja bestu lög Leonards Cohen á tónleikum á Græna hattinum við Hafnarstræti á Akureyri.

**23.00** **The 59'ers, Cliff Clavin og Ultra Mega Technobandið Stefán** halda tónleika í Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu.

### ➜ Opnanir

**20.00** **Brynja Björnsdóttir** og **Sunna Schram** opna sýninguna Hér sé stuð-Hálfvitinn í gallerí Crymo að Laugavegi 41a. Sýningin er opin alla daga kl. 13-18.

### ➜ Sýningar

Í Árbæjarsafni hefur verið opnuð sýning á heimilistextil og öðrum prjónaverkum **Evu Vilhelmsdóttur**. Einnig hefur þar verið opnuð sýning um stríðsárin og áhrif styrjaldarinnar á mannlíf og menningu í Reykjavík. Opið alla daga kl. 10-17.

**Árni Valur Axfjörð** hefur opnað sýningu á lágmyndum og skúlptúrum í Dauða galleríinu að Laugavegi 19 (bakhús). Opið alla daga nema sunnudaga kl. 13-18.

### ➜ Opið hús

**Vinnustofa Gullkistunnar** í Eyvindartungu í Laugardal verður opin almenningi kl. 16-18 og mun listmálarinn Sharyn Finnegan sýna verk sín. Sjá nánar á www.gullkistan.is.

### ➜ Bæjarhátíðir

**Lista- og menningarhátíðin Bjartir dagar** stendur yfir í Hafnarfirði til 6. júní. Tónleikar, myndlistarsýningar, söngleikja- og leiksýningar og margt fleira. Nánari upplýsingar og dagskrá á www.hafnarfjordur.is



### ➜ Dansleikir

**Rokksveit Jonna Ólafs** spilar á dansleik í gamla kaupfélaginu við Kirkjubraut 11 á Akranesi.

### ➜ Dans

**20.00** **Ragnheiður S. Bjarnarson** sýnir dansverkið Kyrja í Norðurpólnum við Norðurslóð á Seltjarnarnesi. Nánari upplýsingar á www.midi.is.

### ➜ Leikrit

**20.00** **Leikhópurinn CommonNonsense** sýnir verkið Af ástum manns og hrærivélar í Kassanum, sýningarrými Þjóðleikhússins við Lindagötu. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is.

**20.00** **Þórunn Clausen** flytur einleikinn **Ferðasaga Guðríðar** eftir **Brynju Benediktsdóttur** í Víkingaheimum við Víkingabraut í Reykjanesbæ. Nánari upplýsingar á www.midi.is.

### ➜ Ljósmyndasýningar

**Hrönn Axelsdóttir** hefur opnað sýningu á ljósmyndaverkum á Kaffi Loka við Lokastíg 28. Opið mán.-lau. kl. 10-18 og sun. kl. 12-18.

Í **Norræna húsinu** við Sturlugötu stendur yfir sýning sex íslenskra og finnskra samtímaljósmyndara þar sem gefur að líta myndbandsinnsetningar og ljósmyndir. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17.

### ➜ Síðustu forvöð

Sýningu **Ólafar Nordal** í Listasafni ASÍ við Freyjugötu, lýkur á sunnudag. Opið í dag og um helgina kl. 13-17. Enginn aðgangseyrir.

Í **Borgarbókasafninu við Tryggvagötu** stendur yfir sýning á verkefnum **útskriftarnemenda Hönnunar- og handverksskóla Tækniskólans** en þar má sjá verkefni í faggreinum kjólasaums og klæðskurðar, gull- og silfursmíði auk annarra verkefna. Sýningu lýkur á sunnudag. Opið mán.-fim. kl. 10-19, fös. kl. 11-19 og um helgina kl. 13-17.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


**LEIKLIST** Kristlaug María Sigurðardóttir frumsýndi nýjan einleik í Reykjanesbæ í liðinni viku. MYND FRÉTTABLAÐIÐ/

Leiklist ★

**Anna uppfinningakona**

eftir Kristlaugu Maríu Sigurðardóttur sem einnig leikstýrði

**Leikkona:** Christine Carr **Hljóðmynd:** Elvar Geir Sævarsson **Ljós:** Arnar Ingi **Hugmyndavél smíðaði**: Aðalsteinn Valdimarsson

## Teskeið fyrir örvhenta

Í Frumleikahúsinu í Keflavík var einleikurinn „Anna uppfinningakona“ frumsýndur á þriðjudagskvöldið. Kristlaug María Sigurðardóttir leikstýrði hér frumsömdum einleik með leikkonunni Christine Carr.

Í tæpan klukkutíma segir uppfinningakonan Anna okkur frá örlögum sínum í glötuðu ástarsambandi sem var þó ekki ástarsamband, heldur einhvers konar viðskiptasamband við Mörð milli þess sem hún kallaði á Hörð eða næturvörð. Sagan um þessa stúlku sem kjörin er uppfinningakona ársins þar sem henni tekst að finna upp teskeið fyrir örvhenta á líklega að sýna okkur hvað það er erfitt að vera kona og uppfinningamaður í senn, en var í sjálfu sér hvorki fugl né fiskur. Í upphafi birtist hún og segir okkur frá bernsku sinni og samtali sínu við guð. Það atriði og hvernig hún lýkur leiknum á svipuðum nótum eftir að vera búin að segja okkur sögu sína næturlangt, var besti hluti verksins.

Hljóðmyndina gerði Elvar Geir Sævarsson og voru það einu mótleikarar leikkonunnar og eini möguleiki hennar til að sýna einhver leikræn tilþrif. Christine Carr er bæði skýrmælt og hefur góða líkamlega nærveru og gerði allt sem hún gat til þess að trúa á söguna og koma henni á framfæri en þar sem framvindan var svo laus við nokkra snúningsása var það ekki auðvelt. Hún skellti á sig hjálmi og þurfti stóra hanska við sína vinnu, líklega í álveri, enda var það agnarögn af áli sem varð til þess að henni tókst að finna upp umrædda teskeið.

Vilji höfundar og leikstjóra hefur sennilega verið að sýna fram á bága stöðu þeirra sem hafa ekki klíkur og gæja í liði með sér og er það alveg gott og blessað og meira en nóg til þess að skapa leikræna spennu en aðferðafræðina vantaði hér. Kristlaug María hefur skrifað ýmislegt eins og til dæmis hina stórgóðu Ávaxtakörfu þar sem henni tekst mjög vel að afmarka persónur og smíða heilan heim og góða framvindu þannig að hún hefði átt að fá einhvern fagmann í lið með sér til þess að gera leikgerð úr þessari smásögu.

En hvað sem öðru líður er nú ekki annað hægt en að dást að leikkonunni fyrir að hnökralaust fara með allan þennan texta og reyna að búa til einhverja dramatíska spennu úr því að vera á næturvakt í óræðri verksmiðju þar sem verið var að tappa hennar eigin uppfinningum af henni. Vonandi fáum við fleiri tækifæri til þess að sjá leikkonuna á sviði því hún er sterk og nærvera hennar spennandi. Hún beitir augum glettilega og þá sjaldan henni rataðist eitthvað svolítið fyndið á munn átti hún salinn. Leikstíllinn var hins vegar óskilgreindur, og oft erfitt að átta sig hvort það væri unglingur eða áttræð kona sem talaði.

Menningarráð Suðurnesja og Reykjanesbær styrktu þessa sýningu.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Hvorki fugl né fiskur.








# RÆKTAÐU GARÐINN ÞINN

**Langar þig að rækta rósakál, spínat, spergil og mintu eða spreyta þig á plómum, stikilsberjum, kúmeni og kirsuberjum?**

**Ný handbók um matjurtarækt við íslenskar aðstæður, staðfærð af Birni Gunnlaugsyni garðyrkjusérfræðingi.**

**Einföld og handhæg fyrir alla garðræktendur – byrjendur og lengra komna.**









Grænmeti, ávextir, kryddjurtir og ber

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## VERÐLÆKKUN Á GRÆNMETI OG ÁVÖXTUM

398 KR.KG

398 KR.KG

298 KR.KG

NÝ HOLLENSK PAPRIKA RAUÐ & GUL 398 KR/KG. / GRÆN 298 KR/KG.

459 KR. 960G

TILBÚIÐ Á GRILLIÐ ÞARF AÐEINS AÐ HITA

**HOLTA ELDAÐIR KJÚKLINGAVÆNGIR 960g**

BBQ OG BUFFALÓVÆNGIR - ÞARF AÐEINS AÐ HITA

198 KR. FL

HEINZ TÓMATSÓSA 567G

**UNGNAUTAHAMBORGARI Í BRAUÐI 150 KR.**

599 KR. PK

FJÓRIR UNGNAUTAHAMBORGARAR 80G 4 STK MEÐ BRAUÐI

MERKT VERÐ 798 KR/KG. **25% afsláttur**

**NÚ ER 25% AFSLÁTTUR AF SAMLOKUOSTI**

25% AFSLÁTTUR

1157 KR/KG.

*Merkt verð 1542 kr.kg.*

1157 KR.KG

**UNGNAUTAHAMBORGARAR TÍU STÓRIR 120G HLUNKAR**

VINSÆLUSTU HAMBORGARARNIR Í BÓNUS

1359 KR. PK

**FJÖGUR BÓNUS RISASTÓR HAMBORGARABRAUÐ**

139 KR. PK

CA 28 KR/STK.

599 KR.KG

BÓNUS VÍNARPYLSUR

MERKT VERÐ: 798 KR/KG. **25% afsláttur**

129 KR. STK

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 385 GR (HÁLFT BRAUÐ)

598 KR. PK

GÓU ÞRENNAN

98 KR. 500 ML

98 KR. 500 ML

**HM AFRICA 2010 FÓTBOLTAMYNDIR 198 KR. PAKKINN**

498 KR. PK

C.H ÖKKLASOKKAR 3 PÖR HVÍTIR OG SVARTIR.

299 KR. STK

C.H SOKKAR EITT PAR HELLO KITTY-SPIDERMAN.

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
VERÐLÆKKUN Á GRÆNMETI OG ÁVÖXTUM
259
KR.BOXIÐ
259
KR.BOXIÐ
NÝTT ÍTALSKT FERSKT SALAT 100G
198
KR.KG
HOLLENSKT ICEBERG
ÍSLANDS LAMB
1598
KR.KG
ÍSLANDSLAMB GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR
ÍSLANDS LAMB
1998
KR.KG
ÍSLANDSLAMB GRILL MIÐ-LÆRISSNEIÐAR
1259
KR. KG
DANSKAR GRÍSALUNDIR FROSNAR
ÞURRKRYDDAÐ VINSÆLT Á GRILLIÐ
1198
KR.KG
BÓNUS ÞURRKRYDDAÐAR GRÍSAKÓTILETTUR
1198
KR.KG
BÓNUS ÞURRKRYDDAÐUR GRÍSAHNAKKI
KS
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI
998
KR.KG
KS FROSNAR: LAMBA SIRLOIN-SNEIÐAR
998
KR.KG
KS FROSIÐ: LAMBAFILLET
2698
KR.KG
HOLTA KJÚKLINGABRINGUR PIRI PIRI MEÐ KRYDDPOKA
Holta
Bringur
PIRI-PIRI KRYDD
Grunnur að góðri máltíð
1598
KR.KG
MERKT VERÐ 1598 KR.KG 20% AFSLÁTTUR
KJÖRFUGL: FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
KJÖRFUGL
Kostar minna!
1598
KR.KG
MERKT VERÐ 1998 KR.KG 20% AFSLÁTTUR
KJARNAFÆÐI
1554
KR.KG
KF GRILL BLANDAÐAR LAMBALÆRISSNEIÐAR
Nú með 30% afslætti
MERKT VERÐ 2220 KR/KG.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

# MERKJA OUTLET

KORPUTORGI

T-BOLIR
MIKIÐ ÚRVAL
GOTT VERÐ




T-bolir með áletrun

VERÐ kr. 1.995

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PÓLÓBOLUM OG CHAMPION BARNAFATNAÐI

50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM DVD-MYNDUM OG TÖLVULEIKJUM

TILBOÐIN GILDA FRÁ FÖSTUDEGI TIL SUNNUDAGS

Opið: Mán.-lau. 11 til 18
Sun. 12 til 18 • Sími 578 9400




# Fólk

folk@frettabladid.is



*„Ég elska að sofa, ég gæti sofið allan daginn.“*

**MILEY CYRUS** um áhugamál sín.



*„Ég veit afskaplega lítið um leiklist. Ég bara mjög góður í að þykjast.“*

**ROBERT DOWNEY JR** um leiklistahæfileika sína.



*„Sannur erfingi er aldrei kvikindislegur við nokkurn mann – nema stúlkuna sem stelur kærasta þínum.“*

**PARIS HILTON** um hlutverk erfingja.

# SAMEINAR VINNUSTOFU OG BÚÐ Á SKÓLAVÖRÐUSTÍGNUM

**Jette Jonkers rak áður tískuverslunina Trilogiu. Hún ætlar nú að selja eigin hönnun við Skólavörðustíg, en hún hefur einnig selt hönnunina sína í Belleville.**



**NÝTT RÝMI** Jette Junkers opnar verslun við Skólavörðustíg í dag. Þar mun hún selja eigin hönnun undir merkinu J E T KORINE. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hönnuðurinn Jette Jonkers opnar nýja verslun við Skólavörðustíg 17a í dag þar sem hún mun selja eigin hönnun. Jette rak áður tískuverslunina Trilogiu en hefur nú snúið sér alfarið að fatahönnun og voru vörur hennar um tíma fáanlegar í versluninni Belleville við Laugaveg.

„Ég hannaði fyrstu fatalínuna mína fyrir ári síðan og seldi í Belleville í hálfgerðri tilraunastarfsemi. Allar flíkurnar seldust sem var mikil hvatning og í kjölfarið ákvað ég að halda áfram,“ segir Jette sem hannar undir merkinu J E T KORINE. Flíkurnar vinnur Jette úr lífrænum efnum auk þess sem hún hefur sérhæft sig í náttúrulegum litunaraðferðum og notar til þess bæði blóm, ösku úr Eyjafjallajökli, ryð og önnur náttúruleg efni.

Aðspurð segist Jette hafa ákveðið að opna verslun svo hún gæti haldið áfram að selja hönnun sína á viðráðanlegu verði. „Í vetur hannaði ég ullarkápur sem ég ákvað að fara ekki með í verslanir til að sleppa við álagninguna sem sett er á flíkur í búðum. Í staðinn seldi ég kápurnar bara út frá vinnustofunni og fréttirnar gengu manna á milli. Þegar ég missti svo vinnuaðstöðuna fannst mér sniðugt að næsta vinnurými gæti sameinað bæði vinnustofu og verslun.“ Jette fann hentugt húsnæði við Skólavörðustíg og hefur nú hreiðrað um sig þar. Hún hyggst vera með opið fyrir gesti og gangandi á hefðbundnum verslunartíma yfir hásumarið og í desember en þess á milli sé fólki velkomið að banka upp á hvenær sem er.

Í tilefni af opnun verslunarinnar verður slegið til veislu milli klukkan 17.00 og 19.00 í dag.

sara@frettabladid.is

# Britney ekki betri

Söngkonan Britney Spears átti að mæta í dómsal í morgun svo hægt væri að endurmeta stöðu hennar, en faðir hennar hefur haft umsjón með henni frá árinu 2008.

Britney fékk taugaáfall árið 2008, líkt og frægt er orðið, og var flutt með hraði á sjúkrahús þar sem hún dvaldi um tíma. Hún var í kjölfarið svipt sjálfræði og hefur Jamie Spears, faðir hennar, haft umsjón með öllum hennar málum síðan þá. „Það er mjög ólíklegt að dómnum verði hnekkt fyrir lok sumarsins. Britney er einfaldlega ekki tilbúin til að sjá um sig sjálf.

Hún á sína góðu daga og sína slæmu. Hún glímir við mörg erfið vandamál bæði í sínu persónulega lífi og hvað frægðina og framann varðar, þess vegna sér faðir hennar enn um öll hennar mál,“ var haft eftir heimildarmanni. En stutt er síðan fréttir bárust af því að Britney hefði lokað sig inni á hótelherbergi, grátið óstjórnlega og óskað eftir skærum til að klippa hár sitt.



**Á BATAVEGI?** Dómari ákveður í dag hvort Britney Spears hafi nógu góða heilsu til að sjá um sig sjálf. NORDICPHOTOS/GETTY

# Stoltið er mikilvægt

**Sigurvegari American Idol, Lee DeWyze, ætlar að vera stoltur af sinni fyrstu plötu sem hann gefur út. Hann segist hafa frá mörgu að segja á plötunni. „Það verður eitthvað af poppi á henni og líka rokki og þjóðlagatónlist. Ég er ekki að reyna að gera eitthvað sem enginn hefur áður gert. Það er búið að gera allt,“ sagði hinn 24 ára DeWyze. Hann er eigi að síður ólmur í að festa sig í sessi í tónlistinni. „Þótt ég hafi unnið American Idol finnst mér ég ekki hafa slegið í gegn. Ég þarf enn þá að sanna mig,“ sagði hann.**



**LEE DEWYZE** Idol-sigurvegarinn er að undirbúa sína fyrstu plötu.





Sýnum stuðning í merki!

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





**JESSICA ALBA** Leikkonan eyðir aðeins fimm mínútum í að farða sig eftir að hún varð móðir.

# Förðun tekur enga stund

**Leikkonan Jessica Alba eyðir aðeins um fimm mínútum í að farða á sér andlitið á degi hverjum eftir að hún varð móðir. Hún eignaðist dótturina Honor Marie í júní 2008 og hefur haft í nógu að snúast síðan. „Eftir að ég varð móðir hef ég þurft að breyta snyrtiaðferðum mínum,“ sagði hin 29 ára Alba. „Ég hef lært að gera marga hluti í einu og ég farða mig bara á fimm mínútum. Mér finnst gott að geta notað fingurna þegar ég er að farða mig. Það sparar mér heilmikinn tíma,“ sagði hún.**



**AXL ROSE** Veifaði sænskum fána á tónleikum í Ósló við dræmar undirtektir.

# Sænskur fáni í Noregi

Axl Rose, söngvari Guns N´Roses, hneykslaði um fimm þúsund tónleikagesti í Ósló í Noregi á þriðjudaginn þegar hann veifaði sænska þjóðfánanum til þess að rífa upp stemninguna. Talað er um að jafnfáránlegur atburður hafi ekki gerst á tónleikum þar í landi í þrettán ár, eða síðan hljómsveitin U2 festist inni í risastórri sítrónu. Tónlistarrýnir dagblaðsins Aftenposten bætir við að 2010-útgáfan af Guns N´Roses sé aðeins skugginn af því sem hún var þegar hún var upp á sitt besta fyrir um tuttugu árum.
















SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 4 - 5D - 7 - 8D - 10 - 11D | 12 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5 - 8 - 11 | VIP |
| SEX AND THE CITY 2 MömmuMorgnar | kl. 10 fyrir hádegi | 10 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| THE LAST SONG | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| IRON MAN 2 | kl. 8 - 10:30 | 14 |
| KICK ASS | kl. 5:40 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | |

Mömmu Morgnar í SAMbíóunum
sex and the city kl. 10 um morguninn á föstudag

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5D - 7D - 8D - 10D - 11D | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 5 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5 - 8 - 11 | 12 |
| THE LAST SONG | kl 5:30 | L |
| PRINCE OF PERSIA | kl 8 - 10:30 | 10 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5 - 8 - 11 | 12 |
| THE BACK UP PLAN | kl. 6 | L |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 8 | 10 |
| COPS OUT | kl. 10:30 | 14 |

NÝTT Í BÍÓ!

HEIMSFRUMSÝNING
















SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| CENTURION | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| YOUTH IN REVOLT | kl. 3.40 - 5.50 - 8 | 14 |
| SNABBA CASH | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 3.50 - 6 | L |
| ROBIN HOOD | kl. 10.10 | 12 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 3.40 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| YOUTH IN REVOLT | kl. 6 - 10.20 | 14 |
| OCEANS | kl. 5.45 | L |
| SNABBA CASH | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| ROBIN HOOD | kl. 8 | 12 |
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 - 8 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| BROOKLYN'S FINEST | kl. 8 | 16 |
| ROBIN HOOD | kl. 10.20 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 6 | L |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus













LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| GET HIM TO THE GREEK | 3.50, 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| ROBIN HOOD | 4, 7 og 10 | 12 |
| BROOKLYN´S FINEST | 8 og 10.30 | 16 |
| HUGO 3 | 4 og 6 | L |


# Geðklofin unglingauppreisn

Bíó ★★★

**Youth in Revolt**
Leikstjóri: Miguel Arteta

**Aðalhlutverk:** Michael Cera, Portia Doubleday, Jean Smart, Zach Galifianakis



**BER MYNDINA Á HERÐUM SÉR** Michael Cera fær að sýna hvað í sér býr þegar hann leikur Dillinger á móti sjálfum sér í hlutverki Nicks.

Nick Twisp er ósköp venjulegur sextán ára unglingur sem hefur, eins og eðlilegt er, þungar áhyggjur af því að hann muni deyja hreinn sveinn. Hann hefur fátt til þess að bera til þess að ganga í augun á hinu kyninu og gerir sér því litlar vonir um að losna við sveindóminn. Tilvera hans er í ofanálag frekar dapurleg þar sem móðir hans er dæmigerður fulltrúi hvíta ruslsins í bandarísku samfélagi og leggur lag sitt við grjótheimskan og ómerkilegan vörubílstjóra sem er síst til þess fallinn að leiðbeina unglingnum um refilstigu lífsins.

Þegar Nick kolfellur fyrir hinni bráðhuggulegu Sheeni Saunders æsast leikar heldur betur. Stúlkan er ljóðelsk og pæld en illu heilli með sjúklegan áhuga á öllu því sem franskt er og þá ekki síst svölum og slæmum strákum sem vaða óstöðvandi áfram innblásnir heilögum anda Jean Paul Belmondo.

Í örvæntingu sinni og þrá eftir að komast milli læra Sheeni býr Nick sér til hliðarsjálfið Francois Dillinger, kaldan karl sem tjáir sig aldrei án þess að sveifla logandi sígarettu og er óhræddur við að taka áhættu. Til þess að geta verið í nálægð við stóru ástina og koma um leið í veg fyrir að hún leggist með vöðvastæltu og snoppufríðu ljóðskáldi þarf Nick að búa svo um hnútana að móðir hans hendi honum að heiman og sendi hann til föður síns sem er orðinn nágranni Sheeni.

Þetta gengur allt eftir þegar Nick, dyggilega studdur af Francois, veldur milljónatjóni með því að sprengja kaffihús með logandi bíl og hjólhýsi.

Hryðjuverkið dugir honum þó ekki til að vinna ástir Sheeni og því tekur við ansi litskrúðug barátta þar sem kleyfhuginn Nick lætur einskis ófreistað þegar syrtir í álinn og Francois tekur völdin.

Youth in Revolt er sniðug og fyndin mynd en samhengislaus og reikul þar sem vandræðalegum og kómískum uppákomum er slengt saman án mikillar fyrirhafnar. Sjálfsagt hefur ekki þótt ástæða til að þaulhugsa söguna þar sem augljóst er að hinum bráðskemmtilega, unga leikara Michael Cera er ætlað að bera myndina uppi. Og það gerir hann ágætlega blessaður og fær að sýna hvað í honum býr þegar hann leikur Dillinger á móti sjálfum sér í hlutverki Nicks. Þá er samleikur Cera og Portia Doubleday stórfínn og stúlkan sú kemur sterk til leiks. Þau njóta svo stuðnings frábærra aukaleikara á borð við Steve Buscemi, Zach Galifianakis, Ray Liotta, Fred Willard, Jean Smart að ógleymdum hinum gamalreynda meistara M. Emmet Walsh.

Þetta lið klikkar ekki og gerir sitt til að lyfta stemningunni í einfaldri og krúttlegri unglingaástarsögu sem Cera ber nokkuð léttilega á herðum sér.

**Þórarinn Þórarinsson**

**Niðurstaða:** Einföld, sæt og samhengislaus unglingaástarsaga sem fínir leikarar, með Michael Cera fremstan í flokki, lyfta langt yfir mörk meðalmennskunnar.

# Snipes leikur Brown

Wesley Snipes mun leika goðsögnina og guðföður sálartónlistarinnar, James Brown, í væntanlegri kvikmynd byggðri á ævi hans. Leikstjóri verður Spike Lee sem hefur áður unnið með Snipes.

„Við erum að leita að fjármagni. Við hittum dætur hans og fengum samþykki þeirra,“ sagði Snipes. „Ég býst við að þetta verkefni taki um það bil ár. Rétt áður en heimurinn ferst árið 2012 sýni ég ykkur James Brown.“

Hinn 47 ára Snipes segir að Michael Jackson og James Brown séu þær manneskjur sem hafi haft mest áhrif á hann í uppvextinum. „Við hlustuðum á Michael Jackson og James Brown á hverjum einasta degi heima hjá okkur. Ég hlusta enn á þá á hverjum degi með dætrum mínum.“

Dauði Jacksons í fyrra hafði mikil áhrif á leikarann, eins og svo marga aðra. „Ég vona bara að skaparinn sendi okkur einhvern tímann annan engil í líkingu við hann. Ef ekki, þá höfum við líklega misst meira en bara manneskju.“



**WESLEY SNIPES** Snipes leikur tónlistarmanninn James Brown í nýrri mynd um ævi hans.

**JAMES BROWN** Brown veitti Wesley Snipes mikinn innblástur.



**JENNIFER ANISTON** Aniston er sögð hafa samþykkt að leika í hryllingsmyndinni Scream 4.

# Aniston í Scream 4

**Talið er að Jennifer Aniston hafi samþykkt að leika í hryllingsmyndinni Scream 4 sem er í undirbúningi. Svo virðist sem Courteney Cox úr Vina-þáttunum hafi sett þrýsting á vinkonu sína um að taka þátt. Cox hefur leikið í hinum þremur myndunum sem Wes Craven hefur leikstýrt við miklar vinsældir. Neve Campell mun endurtaka hlutverk sitt sem Sidney Prescott og Emma Roberts, frænka Juliu, mun sömuleiðis fara með eitt aðalhlutverkanna.**


Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð í Galleríi Fold

fer fram mánudaginn 7. júní, kl. 18.15 í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg



Johann Christian M. Ezdorf

Á uppboðinu er úrval góðra verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna

Verkin verða sýnd:
í dag föstudag 10–18, laugardag 11–17, sunnudag 12–17 og mánudag 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is


Laugavegur 56 | 101 Reykjavík | www.nikitaclothing.com
NIKITA™
REYKJAVÍK

## 7 DAGAR Í HM

Serbinn **Bora Milutinovic** hefur hingað til verið sá eini sem hefur þjálfað fimm þjóðir í úrslitakeppni HM. Hann þjálfaði fyrst Mexíkó á heimavelli á HM 1986 en síðan Kosta Ríka 1990, Bandaríkin 1994, Nígeríu 1998 og loks Kína 2002. Brasilíumaðurinn Carlos Alberto Parreira bætist í hópinn á HM 2010 því hann þjálfar þá heimamenn í Suður Afríku. Parreira hefur áður stjórnað Kúvæt (1982), Sameinuðu Arabísku furstadæmunum (1990), Brasilíu (1994 og 2006) og Sádí-Arabíu (1998) í HM.



**sport**
sport@frettabladid.is

**PÉTUR PÁLSSON FER FRÁ HAUKUM:** BLÓÐTAKA FYRIR ÍSLANDSMEISTARANA

# *Eltir kærustuna til Árósa í ævintýraleit*

Pétur Pálsson mun yfirgefa herbúðir Hauka í sumar og flytja búferlum til Danmerkur. Sömu sögu er að segja af Andra Snæ Stefánssyni, leikmanni Akureyrar, en þeir eru í nákvæmlega sömu stöðu; að elta kærusturnar sínar sem ætla í skóla í Árósum.

„Kærastan er að fara í skóla í Árósum og ég ætla bara að elta hana þangað," sagði Pétur en kærastan hans er einnig leikmaður Hauka, Erna Þráinsdóttir. Hann og Andri hafa verið í sambandi vegna flutninganna. „Ég hafði ekki hugmynd um að hann væri að fara út líka fyrr en hann hringdi í mig um daginn. Við höfum verið í sambandi um þetta. Fyrst vorum við að skoða það að fara kannski saman í eitthvað félag en það er ekkert víst að svo verði og við erum í raun að fara sitthvora leiðina í þessu," sagði Pétur.

Andri Snær fer á reynslu hjá úrvalsdeildarfélaginu Århus GF í lok júlí. Þar mun hann æfa með félaginu og vonast hann til að fá samning þar. Ef það gengur ekki hafa forráðamenn félagsins sagst ætla að hjálpa honum að finna annað félag á svæðinu. Pétur útilokar að fara til Århus GF.

„Þeir eru búnir að fá einhverja línumenn til sín og ég nenni ekkert að fara þarna til að sitja á bekknum sem fimmti línumaður eða eitthvað slíkt. Ég vil bara fá að spila. Það eru fleiri félög á svæðinu sem ég er að skoða núna. Ég hef verið í sambandi við nokkur félög, sent þeim myndbönd og annað slíkt. En hvort ég spila í úrvalsdeildinni eða fyrstu deildinni verður bara að koma í ljós."



Hann var að klára sveinspróf í húsasmíði og stefnir á að vinna í Danmörku en vonast þó til að spila handbolta líka. Haukar vildu halda línumanninum sterka en hann ætlar ekki að skilja spúsu sína eina eftir ytra. „Ég tek léttan Robba Gunn á þetta. Fór hann ekki út með kærustunni sinni fyrst? Svo er hann bara orðinn tvöfaldur Evrópumeistari og ég veit ekki hvað," sagði Pétur

## ÚRSLIT

### *VISA-bikarkeppni karla*

**Breiðablik - FH** **2-4 (1-1)**
1-0 Guðmundur Pétursson (71.), 1-1 Björn Daníel Sverrisson (72.). FH vann eftir vítaspyrnukeppni.

**Valur - Afturelding** **2-1**
0-1 Arnór Þrastarson (26.), 1-1 Haukur Páll Sigurðsson (28.), 2-1 Viktor Unnar Illugason, víti (84.).

**Leiknir R. - Stjarnan** **1-3**
1-0 Aron Daníelsson (44.), 1-1 Halldór Orri Björnsson, víti (73.), 1-2 Daníel Laxdal (76.), 1-3 Steinþór Freyr Þorsteinsson (90.+2)

**Þróttur - Grótta** **3-1**
0-1 Elvar Freyr Arnþórsson (36.), 1-1 Halldór Arnar Hilmisson (37.), 2-1 Andrés Vilhjálmsson (69.), 3-1 Halldór Arnar Hilmisson (80.).

**Haukar - Fjölnir** **0-2**
0-1 Guðmundur Karl Guðmundsson (17.), 0-2 Guðmundur Karl Guðmundsson (79.).

**Víðir - Fylkir** **0-2**
0-1 Jóhann Þórhallsson (22.), 0-2 Tómas Þorsteinsson (86.).

**Grindavík - Þór** **2-1**
0-1 Nenad Zivanovic (6.), 1-1 Jósef Kristinn Jósefsson (85.), 2-1 Gilles Mbang Ondo (88.).

**Keflavík - KS/Leiftur** **1-0**
1-0 Magnús Þórir Matthíasson (63.).

**ÍA - Selfoss** **2-1**
1-0 Andri Júlíusson, 1-1 Davíð Birgisson, 2-1 Andri Geir Alexandersson.

### *Vináttulandsleikir*

**Spánn - Suður-Kórea** **1-0**
1-0 Jesus Navas (87.)

**Ítalía - Mexíkó** **1-2**
0-1 Carlos Vela (17.), 0-2 Alberto Medina (84.), 1-2 Leonardo Bonucci (89.).

**Þýskaland - Bosnía** **3-1**
0-1 Edin Dzeko (15.), 1-1 Philipp Lahm (50.), 2-1 Bastian Schweinsteiger, víti (74.), 3-1 Bastian Schweinsteiger, víti (77.).

# Gunnleifur sá um bikarmeistarana

**FH komst áfram í VISA-bikar karla í gærkvöldi eftir sigur á Breiðabliki. Úrslitin réðust í vítaspyrnukeppni en Gunnleifur Gunnleifsson gerði sér þar lítið fyrir og varði þrívegis frá bikarmeisturum Breiðabliks.**

**FÓTBOLTI** Leikur Breiðabliks og FH fór alla leið í vítaspyrnukeppni þar sem FH hafðu betur. Gunnleifur Gunnleifsson var þar hetja Íslandsmeistaranna en hann varði þrjár síðustu spyrnur frá Breiðabliki, bikarmeisturum síðasta árs. Leikurinn minnti helst á taktíska og varfærnislega skák í byrjun áður en bæði lið sóttu til sigurs.

Fyrri hálfleikurinn var bragðdaufur og virtist vera sem hvorugt liðið vildi taka áhættur. Guðmundur Pétursson komst einn í gegn í upphafi en skaut framhjá og Elfar Freyr skallaði framhjá úr ágætu færi áður en Gunnleifur varði vel frá Alfreð Finnbogasyni. Ingvar Kale varði svo vel frá Torgeiri Motland í besta færi FH.

Guðmundur setti boltann svo í mark FH en það var dæmt af vegna rangstöðu. Það var rangur dómur, Guðmundur var réttstæður og því hefði markið átt að standa.

Liðin skiptust á að sækja en skorti að vanda sig betur upp við mörkin. Leikinn vantaði sárlega mark til að opnast en allt kom fyrir ekki, markalaust í hálfleik.

Blikar byrjuðu seinni hálfleikinn betur og fengu nokkur fín færi. FH-ingar áttu í vök að verjast en stóðu vaktina með prýði. Þeir ógnuðu lítið sem ekkert, Blikar áttu miðjuna og voru sterkari á öllum vígstöðvum.



**BARÁTTA** Alfreð Finnbogason og Tommy Nielsen berjast um boltann í leik Blika og FH-inga í gær. Tommy fékk að líta rauða spjaldið síðar í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Um miðbik hálfleiksins snerist taflið við, FH byrjaði stórsókn og besta færið kom þegar Atli Guðnason skaut í stöng. Aftur snerist taflið við þegar Blikar komust yfir eftir frábæra sókn. Alfreð og Guðmundur náðu vel saman og sá síðarnefndi setti boltann laglega í markið þegar tuttugu mínútur voru eftir.

Og næsta sókn FH mínútu síðar? Björn Daníel Sverrisson setti boltann snyrtilega í hornið eftir sendingu Atla. Sóknirnar gengu á báða bóga út leikinn og besta færið fékk Alfreð þegar hann komst einn í gegn þegar hálf mínúta var eftir. Hann virtist ekki átta sig á að hann væri ekki rangstæður og fór illa með úrvalsfæri til að koma Blikum áfram, en Gunnleifur varði vel.

Leiknum lauk með jafntefli og því þurfti að framlengja. Leikmenn virkuðu strax þreyttir og klárir í tesopa eða Kópavogsdjús. FH var sterkara en skapaði ekkert. Ekkert var skorað í fyrri hálfleik en Blikar voru sterkari. Gunnleifur varði vel frá Arnóri Sveini og Tommy Nielsen bjargaði frábærlega með tæklingu á síðustu stundu. Hann átti frábæran leik en fékk sitt annað gula spjald undir lok framlengingarinnar.

Vítaspyrnukeppnin var dramatísk en FH-ingar misnotuðu fyrstu tvær spyrnur sínar en fögnuðu að lokum sigri þökk sé frammistöðu Gunnleifs. **hjalti@frettabladid.is**

### Vítaspyrnukeppnin

**Breiðablik - FH (1-1): 2-4**

| | |
|---|---|
| - **Torger Motland** | Ingvar varði |
| 2-1 Alfreð Finnbogason | mark |
| - Atli Viðar Björnsson | fram hjá |
| - Guðmundur Pétursson | Gunnleifur varði |
| 2-2 Björn Daníel Sverrisson | mark |
| - Jökull Elísabetarson | Gunnleifur varði |
| 2-3 Matthías Vilhjálmsson | mark |
| - Kári Ársælsson | Gunnleifur varði |
| 2-4 Atli Guðnason | mark |


MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG

FASTEIGNASALAN
MIKLABORG
569-7000 | Síðumúli 13 | www.miklaborg.is

GRANDAGARÐUR 8 - EINSTÖK FJÁRFESTING

Höfum fengið í einkasölu 900 fermetra glæsilegt húsnæði á jarðhæð í þessu fallega húsi sem hefur nýlega verið endurbyggt á einstaklega glæsilegan hátt. Staðsetning er mjög góð, skammt frá miðborginni. Stór verönd sjávarmegin. Húsið er klætt með álklæðningu. Gler og stál er í handriðum og lyftuhúsi.



Húsnæðið getur verið til afhendingar fljótlega. Á efri hæðum hússins eru höfuðstöðvar CCP. Góður fjárfestingarkostur.



Nánari upplýsingar veitir Þröstur Þórhallsson löggiltur fasteignasali í síma 8970634 eða throstur@miklaborg.is




**ÞAKKAR FYRIR SIG** Rafa Benitez er á leið frá Liverpool eftir sex ár í starfi knattspyrnustjóra. NORDIC PHOTOS/AFP

## Rafael Benitez að hætta hjá Liverpool:

# Ég var stjórinn ykkar

**FÓTBOLTI** Rafael Benitez er hættur sem knattspyrnustjóri Liverpool en það var tilkynnt í gær. Benitez tók við starfinu fyrir sex árum en skrifaði undir nýjan fimm ára samning fyrir rúmu ári.

Árangur liðsins á nýliðnu tímabili var hins vegar langt undir væntingum en Liverpool hafnaði í sjöunda sæti ensku úrvalsdeildarinnar og féll úr leik í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu. Liðið keppir í Evrópudeild UEFA á næstu leiktíð.

Talið er að Benitez fái um sex milljónir punda í starfslokasamning en hann átti þó rétt á mun hærri upphæð samkvæmt samningi hans.

„Mér þykir það miður að tilkynna að ég er að hætta sem knattspyrnustjóri Liverpool. Ég vil þakka starfsfólki og leikmönnum fyrir þeirra vinnu," var haft eftir Benitez á heimasíðu félagsins.

„Ég mun geyma í hjarta mínu þá góðu tíma sem ég átti hér og þann mikla stuðning sem ég fann fyrir hjá stuðningsmönnum á erfiðum tímum. Ég á engin orð til að þakka ykkur fyrir öll þessi ár og ég er stoltur yfir því að geta sagt að ég var stjórinn ykkar."

Nú þegar hafa nokkrir verið orðaðir við starfið. Þeirra á meðal eru Martin O'Neill, stjóri Aston Villa, Roy Hodgson hjá Fulham og Guus Hiddink sem nýverið tók við starfi landsliðsþjálfara Tyrklands.

**- esá**

# FRÁBÆR HM TILBOÐ!

Öll raftækin fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.

**Panasonic**

### 42" Plasma sjónvarp
TXP42C2
- 42" HD Ready 16:9 Plasma sjónvarp
- Upplausn: 1024x768 punktar
- Vreal 4 Engine tækni
- 100Hz
- 24p Playback
- Skerpa: Real Black Drive 2.000.000:1(Dynamisk)
- x.v Colour 3D
- Colour management
- Motion Pattern
- Noise Reduction
- Sub-Pixel Control
- HD Ready
- Háskerpu HDTV DVB-T stafrænn móttakari(MPEG4)
- SD/SDHC kortalesari (JPEG/AVCHD)
- Textavarp með 500 síðna minni
- 20w Nicam Stereó V-Audio
- 1 x Scart (með RGB), 2 HDMI(1.3), Component, CI rauf og CVBS tengi




**149.990kr**
v.á. 179.990.-

**TOSHIBA**

### 32" LCD sjónvarp
32AV636
- 32" 16:9 LCD sjónvarp
- Active Vision
- HD-Ready 720p
- Upplausn: 1366x768
- Skerpa: 18000:1
- Betri myndgæði
- Svartími: 8ms
- Birtustig: 500cd/m2
- Innbyggður DVB-T/C móttakari
- Sjónsvið: 178°
- 20w stereó hljóðkerfi
- VPA(PC) tengi - Auðvelt að tengja við tölvu
- USB 2.0, 4 x HDMI & 2 x scart tengi
- Component, Composite & heyrnatólstengi




**119.990kr**
v.á. 149.990.-




**16.990kr**
GOTT VERÐ

**OLYMPUS**

### 12 MegaPixel myndavél FE26
• 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom • Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 36 - 108mm) • 2,7" LCD skjár • Face Detection - þekkir andlit • Autofocus, Contrast Detection og White Balance • Auto Exposure og þrjár manual stillingar • Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 640x480) • Fjórar myndstærðir • 13 Scene Modes • Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi • USB tenging við tölvu • Tekur MicroSD kort • 19MB innra minni, USB snúra og AA rafhlöður fylgja • Hugbúnaður fylgir




**10.990kr**
GOTT VERÐ

**GRUNDIG**

### MP3 spilari 2 GB með útvarpi
MPIXX1200
• 2GB MPIXX 1200 MP3 spilari • 1.8" LCD litaskjár
• Spilar MP3 og WMA • FM útvarp með 30 stöðvaminni
• Spilar Videó, tónlist og ljósmyndir • e-book, ID3 Tag og Lyric function • Tónjafnari • Tekur microSD kort (að 8GB) • Klukkustunda rafhlöðuending • Heyrnatól, USB kapall, leiðbeiningar og CD fylgja • Virkar með: ME / 2000 / XP / Vista / Mac / Linux Kernel 2.4 stýrikerfi



**UNITED**

### Ferðaútvarp RCD6408
- Útvarp með geislaspilara
- Gamaldags kasettutæki
- Heyrnatólstengi
- Gengur fyrir straum eða rafhlöðum

**8.990kr**
GOTT VERÐ




**UNITED**

### 22" LCD sjónvarp með DVD spilara
22DD91HD
- 16:10 breiðtjald • Innbyggður fjölkerfa DVD spilari
- Innbyggður stafrænn móttakari (DVB-T)
- 12v og 220v • Upplausn: 1440x900 • Birtustig: 300 cd/m²
- Svartími: 5ms • Sjálfvirk leit
- Styður PAL(BG/DK/I) og SECAM(BG/DK)
- Nicam Stereó hljóðkerfi • Textavarp
- HDMI, Scart, S-Video & VGA(PC) tengi

**69.990kr**
GOTT VERÐ




**UNITED**

### 19" LCD sjónvarp með DVD spilara
19DD91HD
- 16:9 breiðtjald • Innbyggður fjölkerfa DVD spilari
- Innbyggður stafrænn móttakari (DVB-T)
- 12v og 220v • Upplausn: 1440x900 • Birtustig: 300 cd/m²
- Svartími: 5ms • Sjálfvirk leit
- Styður PAL(BG/DK/I) og SECAM(BG/DK)
- Nicam Stereó hljóðkerfi • Textavarp
- HDMI, Scart, S-Video & VGA(PC) tengi

**54.990kr**
GOTT VERÐ




**UNITED**

### DVD ferðaspilari DVP8077
- Fjölkerfa ferða DVD spilari
- 7" LCD skjár með LED baklýsingu
- Innbyggð Lithium hleðslurafhlaða með allt að 2ja tíma endingu
- 12v og 220v
- Styður DVD, DivX, VCD, MP3, MP4, CD & JPEG
- Hægt að tengja við sjónvarp og hátalara/magnara
- Fjarstýring, kaplar og taska fylgja

**19.990kr**
GOTT VERÐ

Gildir til 10. júní á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*



## > Bruce Willis

„Eftir fyrstu Die Hard-myndina lofaði ég sjálfum mér að ég mundi aldrei leika í framhaldsmyndinni. Ég lofaði mér hinu sama eftir að hafa leikið í Die Hard 2 og 3.“

***Bruce Willis fer með aðalhlutverkið í Die Hard 4 sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í kvöld klukkan 22.00.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR SÆKIR Í OFBELDIÐ

# *Hvað verður um barnið?*

... To be continued, stóð stórum stöfum á skjánum eftir einn svakalegasta Grey's Anatomy þátt sem ég hef séð. Morðóðir byssumenn eru ekki algengir gestir á sjúkrahúsinu! Lokaatriði þáttarins var magnþrungið og ég sá strax að ég yrði að sjá næsta þátt. „Hvernig fer þetta með barnið?“ hugsaði ég með mér, greip fyrir hjartað og táraðist yfir örvæntingu Meredith. Ég vissi að erfitt yrði að bíða í viku en ég missi yfirleitt alltaf af síðari hluta framhaldsþátta. Enda fór það svo í þetta sinnið, ég missti af þættinum.

Ég ætla mér þó að sjá hann með einhverjum ráðum en hef ekki komist til þess enn. Því hef ég þurft að forðast allar umræður um þennan þátt í vinahópum og á kaffistofunni. Halda fyrir eyrun og hlaupa burt ef ég heyri minnst á



McDreamy, McSteamy og reynt að forðast að lesa úr svipbrigðum fólks hvernig hafi farið fyrir fórnarlömbum byssumannsins. Lifði McDreamy þetta af? Mun Meredith ala upp barnið ein?

En auðvitað er þetta fáránleg hegðun. Ég á ekki að láta örlög uppdiktaðra persóna í sjónvarpssápu stjórna lífi mínu. Ég var heldur aldrei svona áhugasöm um samband McDreamy og Meredith og mér var alveg sama þó McSteamy héldi framhjá í hverjum þætti.

Ef ég sá þátt þá var það fyrir tilviljun og þá á margra vikna fresti. Þeir voru mér ekkert annað en þægileg afþreying, en nú ber annað við. Ég hef alltaf haldið mig friðelskandi manneskju en … gæti það verið, að óvænt ofbeldið í þættinum haldi mér á tánum?

## FÖSTUDAGUR



▶ **20.00 Wipeout USA** STÖÐ 2



▶ **20.10 Biggest Loser** SKJÁREINN



▶ **20.10 Lois And Clark - The New Adventure** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.00 Die Hard 4. Live Free or Die Hard** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **23.20 Sólkonungurinn** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.40 Stiklur - Af sviðinu á sjóinn** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Fyndin og furðuleg dýr** (14:26)
**17.35 Bitte nú!**
**18.00 Leó** (11:52)
**18.05 Tóta trúður**
**18.30 Mörk vikunnar** Í þættinum er fjallað um íslenska kvennafótboltann.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Sunnudagsbíltúrinn** (Sunday Drive) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1986. Barnlaus hjón sem eru að passa lítinn frænda og frænku og maður sem er á leið til kærustu sinnar með hundinn sinn skipta óvart á bílum á stæði við veitingahús og af því hlýst mikill vandræðagangur. Leikstjóri er Mark Cullingham og meðal leikenda eru Tony Randall og Carrie Fisher.
**21.35 Eldhugar** (Catch a Fire) Bresk bíómynd frá 2006. Myndin gerist í Suður-Afríku á tíma aðskilnaðarstefnunnar og segir frá baráttu heiðarlegs manns gegn kúgunarkerfinu.
▶**23.20 Sólkonungurinn** (Solkongen) Dönsk bíómynd frá 2005. Þegar Tommy er að skipta um perur í ljósabekkjunum á Gullsól hittir hann eigandann, Susse, sem er fyrrverandi ungfrú Fjón og þau verða ástfangin. Tommy vill gæða sólbaðsstofuna karlmannlegum þokka en lögmanni Susse líst ekki á blikuna. (e)
**00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Mermaids**
**10.00 Made of Honor**
**12.00 Beverly Hills Chihuahua**
**14.00 Mermaids**
**16.00 Made of Honor**
**18.00 Beverly Hills Chihuahua**
**20.00 Confessions of a Shopaholic**
▶**22.00 Die Hard 4. Live Free or Die Hard**
**00.05 28 Weeks Later**
**02.00 Dead Silence**
**04.00 Die Hard 4. Live Free or Die Hard**
**06.05 Slumdog Millionaire**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Elías, Hvellur keppnisbíll, Lalli, Kalli litli kanína og vinir.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 The Moment of Truth** (16:25)
**11.00 Extreme Makeover. Home Edition** (21:25)
**11.50 Chuck** (16:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.45 La Fea Más Bella** (180:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (181:300)
**15.30 Wonder Years** (3:6)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Aðalkötturinn, Kalli litli kanína og vinir.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons**
**18.23 Veður** Markaðurinn
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Auddi og Sveppi**
**20.00 Wipeout USA** Stórskemmtilegur skemmtiþáttur og nú í bandarísku útgáfunni þar sem busluganginn er gjörsamlega botnlaus.
**20.50 The Power of One** Bráðskemmtilegur þáttur þar sem dávaldurinn Peter Powers ferðast um og finnur sjálfboðaliða sem eru tilbúnir til að láta dáleiða sig og taka upp á ýmsum kostulegum hlutum.
**21.20 Steindinn okkar**
**21.45 Beverly Hills Cop** Eddie Murphy leikur Detroit-lögguna Axel Foley í þessari bráðfjörugu hasarmynd. Axel rekur slóð morðingja til Beverly Hills og eltir hann þangað. Samstarfið við lögregluliðið þar í bæ gengur hins vegar ekki sem skyldi því Axel beitir óvenjulegum aðferðum við að hafa hendur í hári glæpamanna.
**23.30 The King** Áhrifamikil mynd um Elvis, ungan mann sem er nýlega hættur í hernum og ákveður að fara til Corpus Christi í Texas og reyna að hafa uppi á föður sínum sem hann hefur aldrei hitt.
**01.15 The Constant Gardener**
**03.20 Black Snake Moan**
**05.10 The Power of One**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Breiðablik - FH** Útsending frá leik Breiðabliks og FH í 32-liða úrslitum VISA-bikars karla í knattspyrnu.
**17.00 Breiðablik - FH** Útsending frá leik Breiðabliks og FH í 32-liða úrslitum VISA-bikars karla í knattspyrnu.
**18.50 Crowne Plaza Invitational At Colonial** Skyggnst bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA-mótaröðinni krufin til mergjar.
**19.45 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi. Árið sem fram undan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
**20.10 NBA-körfuboltinn. NBA 2009/2010 - Finals Games** Útsending frá leik í úrslitum NBA-körfuboltans.
**22.00 Main Event. Day 6** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**22.50 Poker After Dark**
**23.35 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30 Man. Utd. - Wigan** Útsending frá leik Man. Utd og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.
**19.15 Chelsea - Sunderland** Útsending frá leik Chelsea og Sunderland í ensku úrvalsdeildinni.
**21.00 Bebeto** Bebeto er enginn aukvisi en þessa fyrrverandi heimsmeistari með brasilíska landsliðinu 1994 og 1998 verður minnst með hlýhug enda frábær knattspyrnumaður. Ferill Bebeto verður skoðaður ofan í kjölinn og skyggnst verður bak við tjöldin.
**21.30 Premier League World** Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
**22.00 Football Legends** Næstur í röðinni en hinn magnaði Raul, leikmaður Real Madrid á Spáni en í þessum magnaða þætti verða afrek þessa frábæra leikmanns skoðuð og skyggnst verður bak við tjöldin.
**22.30 Coca Cola-mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca Cola-deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**23.00 Stoke - Tottenham**

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil (e)**
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.50 Rachael Ray**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 One Tree Hill** (22:22) (e)
**19.00 Being Erica** (4:13) Ný og skemmtileg þáttaröð um unga konu sem hefur ekki staðið undir eigin væntingum í lífinu en fær óvænt tækifæri til að breyta því sem aflaga hefur farið. Erica er ekki sátt við yfirmann sinn en þorir ekki að segja neitt. Dr. Tom sendir hana aftur í tímann til fyrsta ársins í háskóla þar sem hún fær tækifæri til að standa uppi í hárinu á kennara sem var alltaf vondur við hana.
**19.45 King of Queens** (1:22)
▶**20.10 Biggest Loser** (6:18) Bandarísk raunveruleikasería um baráttuna við mittismálið.
**21.40 The Bachelor** (2:10) Raunveruleikaþáttur þar sem rómantíkin ræður ríkjum. Piparsveinninn sem fær tækifæri til að finna stóru ástina að þessu sinni heitir Matt Grant og er forríkur fjárfestir frá London.
**22.55 Parks & Recreation** (5:13) (e) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.
**23.20 Law & Order UK** (4:13) (e)
**00.10 Life** (7:21) (e)
**01.00 Saturday Night Live** (20:24) (e)
**01.50 King of Queens** (1:22) (e)
**02.15 Big Game** (7:8)
**03.55 Girlfriends** (22:22) (e)
**04.15 Jay Leno** (e)
**05.45 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórn ÍNN: Jón Kristinn Snæhólm, Guðlaugur Þór Þórðarson og gestaráðherra ræða um það sem er efst á baugi í þjóðfélaginu í dag.
**21.00 Golf fyrir alla** Golfþáttur með Ólafi Má og Brynjari Geirssyni.
**21.30 Grínland** Alvöru íslenskur gamanþáttur í umsjón nemenda Verzlunarskóla Íslands.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# VINSÆLUSTU KILJURNAR!



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.10

**Steindinn okkar**

Drepfyndinn sketstaþáttur með nýstirninu Steinda Jr. sem sér um grínið en nýtur einnig stuðnings frá heilum haug af þjóðþekktum Íslendingum, jafnt þeim sem þegar hafa getið sér gott orð í gríninu og hinum sem þekktir eru fyrir allt annað en að leika og grínast. Þátturinn er ekki við hæfi ungra barna og viðkvæmra.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
**The Bachelor**

### Skjár einn kl. 21.40

**Raunveruleikaþáttur þar sem rómantíkin ræður ríkjum. Piparsveinninn sem fær tækifæri til að finna stóru ástina að þessu sinni heitir Matt Grant og er forríkur fjárfestir frá London. Hann er hávaxinn, bláeygur og fjallmyndarlegur.**



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
- að morgni dags.
**07.30** Fréttayfirlit
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Af minnisstæðu fólki
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Í sambúð með eldi og ís
**14.03** Girni, grúsk og gloríur
**15.03** Útvarpssagan: Hér
**15.24** Þau völdu Ísland
**16.05** Fnykur
**17.03** Víðsjá
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**19.30** Leynifélagið
**20.00** Listahátíð í Reykjavík 2010: Njúton og The Formalists
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.25 The Doctors** The Doctors eru glænýir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**▶20.10 Lois and Clark. The New Adventure** (15:21)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 NCIS** (22:25) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöttu seríu.

**22.35 Fringe** (16:23) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.

**23.20 The Wire** (1:10) Fimmta syrpan í hörkuspennandi myndaflokki sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum. Eiturlyf eru mikið vandamál og glæpaklíkur vaða uppi.

**00.20 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.

**00.55 Steindinn okkar**

**01.25 The Doctors**

**02.10 Lois and Clark. The New Adventure** (15:21)

**02.55 Fréttir Stöðvar 2**

**03.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.05** Blackadder II **12.35** My Hero **13.10** My Hero **13.40** Absolutely Fabulous **14.10** Absolutely Fabulous **14.40** Blackadder II **15.10** The Inspector Lynley Mysteries **16.00** Doctor Who **16.45** The Weakest Link **17.30** Absolutely Fabulous **18.00** Benidorm **18.25** Hustle **19.15** Dalziel and Pascoe **20.05** Benidorm **20.30** The Jonathan Ross Show **21.20** Doctor Who **22.05** Absolutely Fabulous **22.35** Benidorm

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Jersild Live **10.35** Aftenshowet **11.05** En rejse langs elven **11.30** Ha' det godt **12.00** Rabatten **12.30** Dyrehospitalet **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie **15.05** Landet for længe siden **15.30** Palle Gris på eventyr **15.55** Molly Monster **16.00** Når det kribler og krabler **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** aHA VM **19.00** TV Avisen **19.30** Erin Brockovich **21.35** The One

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Ardna - Samisk kulturmagasin **10.25** Ut i nærturen **10.40** Dallas **11.25** Urter **11.45** Norge rundt **12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Svenske dialektmysterium **15.40** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Program ikke fastsatt **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Friidrett. Diamond League **20.10** Tause vitner **21.00** Kveldsnytt **21.15** Tause vitner **22.05** Herbie Hancock - uten begrensninger

## SVT 1

**08.30** Gomorron Sverige **09.15** Go'kväll **10.00** Rapport **10.05** Uppdrag Granskning **11.05** Rättskiparen **11.45** Sverige! **12.15** Landet runt **13.00** Mitt i naturen **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Plus **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Så ska det låta **19.00** Friidrott. Diamond League **20.00** Tears of the Sun **22.00** Sverige! **22.30** Me, Myself and Kubrick


Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755




HUMAR 2.000 kr.kg

Stórlúðusteikur á geggjuðu Helgar-grilltilboði

Ferskar Stórlúðusteikur........................1990

Stórlúðusteikur marineraðar..............1990

OPIÐ LAUGARDAG 10–14

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

**SJÓNVARPSÞÁTTURINN**



*„Það er nú ekki flókið! Það er Desperate Housewives. Mér finnst þeir alveg æði.“*

Tinna Alavis, fyrirsæta

# Svavar Knútur í teygjustökki í Ástralíu

„Þetta var yndislegt ferðalag, fullt af áhugaverðum uppákomum,“ segir tónlistarmaðurinn Svavar Knútur sem er nýkominn heim úr fimm mánaða tónleikaferð um Ástralíu. Þar spilaði hann á hátt í fimmtíu tónleikum bæði í smábæjum og í borgum á borð við Perth, Sidney og Melbourne. „Ég fór í teygjustökk í fyrsta skipti á ævinni, sem ég hefði aldrei trúað að ég myndi gera. Maður veit sjaldan eins mikið að maður er á lífi eins og eftir svona reynslu,“ segir hann.

Kærasta Svavars flaug út til Ástralíu í desember og ákvað hann að elta hana út í janúar með aðstoð samtakanna Alþjóðlega trúbadorasamsærið. „Maður gat sett sig í samband við þetta samskiptanet. Fólk fór bara að undirbúa tónleika og við fengum að gista hjá vinum. Það gerir mann auðmjúkan þegar maður finnur hvað maður á góða að alls staðar.“

Svavar undirbýr nú aðra ferð til Ástralíu á næsta ári, sem verður þó styttri en þessi. „Þeir vilja fá að dreifa plötunum mínum og fá mig í almennilega tónleikaferð,“ segir hann og hlakkar til að hitta aftur andfætlingana.

Svavar hefur í nógu að snúast því eftir tvær vikur fer hann til Toronto og spilar á tónlistarhátíðinni North By Northwest. Sumarið verður síðan undirlagt af tónleikum hér heima. „Besta ákvörðun sem ég hef tekið er að hætta í dagvinnunni og vera listamaður. Maður þarf ekkert mikið til að lifa og þetta er stórskemmtilegt,“ segir hann. „Þetta er líka miklu erfiðara vinna en ég hef áður unnið og það er það sem ég fíla. Það er gaman að vera alltaf á kafi í vinnu.“ - fb



**TALAR VIÐ KENGÚRU** Svavar Knútur er nýkominn heim frá Ástralíu þar sem hann dvaldi í fimm mánuði og hitti meðal annars þessa kengúru.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** lýð, 6. fisk, 8. blóðhlaup, 9. sigti, 11. bókstafur, 12. stöðvun, 14. aðalsmaður, 16. drykkur, 17. flýtir, 18. pili, 20. hreyfing, 21. mælieining.

**LÓÐRÉTT**
**1.** stynja, 3. hljóm, 4. mjólkursykur, 5. knæpa, 7. klyftabein, 10. fæða, 13. púka, 15. nudda, 16. hyggja, 19. fyrirtæki.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. fólk, 6. ál, 8. mar, 9. sía, 11. ká, 12. aflát, 14. barón, 16. te, 17. asi, 18. rim, 20. ið, 21. únsa.

**LÓÐRÉTT:** 1. mása, 3. óm, 4. laktósi, 5. krá, 7. lífbein, 10. ala, 13. ára, 15. niða, 16. trú, 19. ms.

**VEISTU SVARIÐ?**

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Huddersfield.
2. Yukio Hatoyama.
3. The Wire.








**BALDVIN ODDSSON** Hinn stórefnilegi Baldvin er á leiðinni í trompetnám í Michigan í Bandaríkjunum í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

BALDVIN ODDSSON: VAKNAR ÁTTA Á MORGNANA OG BYRJAR AÐ SPILA

# Sextán ára í trompetnám til Bandaríkjanna í haust

„Við treystum honum til að gera þetta. Það þarf mikið til að afvegaleiða hann en við munum auðvitað sakna hans,“ segir Oddur Björnsson, faðir Baldvins Oddsonar sem er á leið í trompetnám í haust til Michigan í Bandaríkjunum, aðeins sextán ára.

Baldvin er einn efnilegasti trompetleikari landsins. Hann var einleikari á jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands þegar hann var einungis þrettán ára og lauk á dögunum fyrri hluta framhaldsprófs frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar með hæstu einkunn, 9,70. Honum hefur verið boðin þátttaka í meistaranámskeiði við Center For Advandced Musical Studies í New Hampshire í Bandaríkjunum og mun dvelja þar í tvær vikur í júní. Aðeins örfáir á hans aldri fá að taka þátt í námskeiðinu.

Baldvin hlakkar mikið til að geta einbeitt sér að trompetleiknum í Interlochen Arts Academy í Michigan, sem er nokkurs konar listmenntaskóli. „Þetta verður allt annað að geta vaknað átta á morgnana og byrjað að spila,“ segir Baldvin, sem lauk nýlega tíunda bekk úr Hagaskóla. Spilamennskan stendur yfir frá hálfníu til tvö á daginn og eftir það taka við kjarnafög á borð við ensku og stærðfræði. Námið stendur yfir í tvo vetur og kostar það fjórtán milljónir króna. Þar með er ekki öll sagan sögð því faðir hans hefur unnið hörðum höndum að því að fá sem mest af skólagjöldunum felld niður og vantar aðeins eina og hálfa til tvær milljónir í viðbót til þess að endar nái saman.

Gangi námið vel í Michigan vonast Baldvin til að komast að í góðum tónlistarháskóla í Bandaríkjunum þar sem hann getur einbeitt sér enn frekar að trompetleiknum. „Nemendur í þessum skóla landa yfirleitt góðum skólum í framhaldinu. Við bindum vonir við að hann fái góða þjálfun í þessum skóla,“ segir faðir hans Oddur, sem er fyrsti básúnuleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Baldvin er fjórði ættliðurinn í fjölskyldunni sem spilar á blásturshljóðfæri því bæði afi hans og langafi spiluðu á básúnu og var afi hans einn af stofnendum Sinfóníuhljómsveitarinnar. Að auki er systir hans Hildur, sem er sautján ára, efnilegur fiðluleikari.

En hvers vegna valdi hann trompetið? „Þegar ég heyrði í Philip Smith ákvað ég að verða trompetleikari. Hann er í Fílharmoníusveitinni í New York,“ segir Baldvin einbeittur á svip. Fimm ára hóf hann nám hjá trompetkennaranum Guðmundi Hafsteinssyni og hefur ekki sleppt hendinni af hljóðfærinu síðan.

Baldvin heldur útskriftartónleika sína frá Tónskóla Sigursveins í Seltjarnarneskirkju næstkomandi miðvikudag klukkan 17.

freyr@frettabladid.is

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Leigumarkaðurinn virðist blómstra um þessar mundir og nýleg viðbót við hann er hin stórglæsilega íbúð söngkonunnar **Svölu Björgvinsdóttur** og Einars Egilssonar. Íbúðin er í Vesturbæ Reykjavíkur og hefur verið fjallað um hana í tímaritinu Hús & Hýbýli þar sem hún þykir einstaklega fallega hönnuð og flott. Svala og Einar búa sjálf í Los Angeles um þessar mundir þar sem þau vinna við tónlist, en þau eru meðlimir hljómsveitarinnar Steed Lord.



Lagið Sumarást, sem er samstarfsverkefni **Mugison** og hljómsveitarinnar Reykjavík!, er á leið í spilun á útvarpsstöðvum. Lagið verður að finna á nýrri safnplötu útgáfufyrirtækisins Kimi Records sem nefnist Hitaveitan og kemur út 17. júní. Á meðal fleiri laga á plötunni er Húsið og ég með Hjálmum og Helga Björnssyni, eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá. Einnig verða þar lög með Hjaltalín, Retro Stefson, Agli Sæbjörnssyni og fleiri kunnum flytjendum.



Þeir sem þekkja til innan leikhússennunnar segja að áhugavert verði að fylgjast með Grímuverðlaunahátíðinni 16. júní. Yfirlýsing **Jóns Atla Jónassonar** hefur vakið mikla athygli, en hann ætlar ekki að taka við tilnefningum til verðlaunanna og hvetur aðra til að gera það sama. Leikhússenan skiptist í þrennt í afstöðu til ummælanna – með, á móti og alveg sama – og nú heyrist að stór hluti þeirra sem taka við verðlaunum á sviði Þjóðleikhússins muni biðjast afsökunar áður en þeir fara með styttuna heim og stilla henni upp.
- sm/fb/afb













# Hommar heimsóttu Amnesty

Keppendur í fyrstu fegurðarsamkeppni homma á Íslandi, Herra hinsegin, fóru saman í hádegismat til Íslandsdeildar Amnesty International í gær þar sem þeir kynntu sér starfsemina.

Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri deildarinnar, tók á móti þeim. „Skipuleggjandi keppninnar hafði mikinn áhuga á að tengja keppnina við mannréttindafræðslu. Við fjöllum um mannréttindi almennt og sögðum frá við hvaða aðstæður samkynhneigðir lifa víða um heim,“ segir Jóhanna. „Það var mjög gaman að fá þá. Þetta er fríður hópur, það er ekki hægt að segja annað. Þeir voru mjög áhugasamir og það spunnust líflegar og skemmtilegar umræður,“ segir hún og bætir við: „Ég vona að þær upplýsingar sem þeir fengu verði til þess að þeir sýni aðstæðum samkynhneigðs fólks sem býr í löndum þar sem samkynhneigð er bönnuð aukinn skilning og taki jafnvel þátt í aðgerðum sem Amnesty skipuleggur.“

Keppnin um Herra hinsegin verður haldin í Þjóðleikhúskjallaranum á laugardagskvöld. - fb



**JÓHANNA K. EYJÓLFSDÓTTIR** Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International tók á móti keppendum í Herra hinsegin.

# Lagersala!

โกดังสินค้าเลหลัง
Wyprzedaż zapasów magazynowych

## Í Askalind 2A, Kópavogi

# 30-70% afsláttur

**ATH. AÐEINS Í DAG OG Á MORGUN, LAUGARDAG!**




**Opið:**
**Föstudag kl. 11-18,**
**laugardag kl. 11-17,**

HEIMA HÚSIÐ
heima Öndvegi lifum

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

RÓMEÓ OG JÚLÍA
Vesturport
Takmarkaður sýningafjöldi
Miðasala er hafin!
Borgarleikhúsið

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Jarðarber ráðherrans



**Katrín Júlíusdóttir** iðnaðarráðherra fékk nýverið til afnota nýjan ráðherrabíl, fjögurra manna MiEV rafbíl frá Mitsubishi. Bíllinn er eldrauður á lit, lítill og nettur og hefur í ráðuneytinu fengið viðurnefnið „jarðarberið“. Gælunafnið er komið frá Katrínu sjálfri sem svaraði fyrir nokkru þegar hún var spurð á hvaða bíl hún væri. „Ég er á jarðarberinu!“ Nafnið festist. **- óká**



### Uppgjör í Mosfellsbæ?

Samfylkingarmenn í Mosfellsbæ héldu uppgjörsfund eftir kosningar í gærkvöldi. Fundurinn stóð enn yfir þegar blaðið fór í prentun. Slúðrað hefur verið um að á fundinum yrði þess krafist að Jónas Sigurðsson oddviti segði af sér, enda hrapaði fylgi flokksins. Jónas sé búinn að sitja í áraraðir og nú þurfi að endurnýja. Illa gekk að ná í samfylkingarmenn í gær, en einn þeirra sagðist telja að Jónas héldi velli. Í efstu sætunum væri hvort eð er ekkert nýtt fólk. Sá nýjasti, Valdimar Leó, væri nú ekki alveg sá ferskasti, búinn að sitja á þingi og vera meira að segja í Frjálslynda flokknum.



### Einar kominn í vinnu

Einar Skúlason, oddviti Framsóknar í Reykjavík í síðustu kosningum, er óðum að jafna sig á ósigrinum á dögunum, en sem kunnugt er komst hann ekki í borgarstjórn. Einar hefur nú ákveðið að snúa aftur til 365, þar sem hann vann um þriggja mánaða skeið fyrr á árinu. Hann verður kynningarstjóri Vísis og Fréttablaðsins á markaðssviði fyrirtækisins. Einar segist þó ekki endilega hættur í pólitík, enda er hann enn sem fyrr varaþingmaður Framsóknarflokksins. **- kóþ**

## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Reyndi að gleypa eista gamals kærasta
2. Sigrún Elsa: „Þetta er bara kjaftæði og ekki boðlegt“
3. Yfirgáfu blindan félaga á Everest
4. Vændiskaupendur í felum
5. Dularfull hetja bjargaði manni úr alelda bíl
6. Auglýsandi afneitar gjaldeyrisbrotum

Vesturport
RÓMEÓ OG JÚLÍA
Tryggðu þér miða á eina af rómuðustu sýningum Vesturports
Takmarkaður sýningafjöldi
Miðasala er hafin!
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið
EIMSKIP NOVA Íslandsbanki



746 hundar – 80 tegundir – 33 ungir sýnendur
Stærsta sumarsýning HRFÍ – met þátttaka

# Sumarsýning
## Hundaræktarfélags Íslands

**5.–6. júní í Reiðhöllinni Víðidal, Reykjavík**

Keppni ungra sýnenda fer fram föstudaginn 4. júní, kl. 17
Hundasýning á laugardag og sunnudag, kl. 9–17
Dómarar frá Bretlandi, Finnlandi, Grikklandi og Svíþjóð

- Hvolpar setja skemmtilegan svip á sýninguna
- Virðulegir öldungar láta ljós sitt skína
- Fallegustu hundar sýningar valdir
- Viðamikil starfsemi HRFÍ kynnt
- Kynning á hundategundum
- Sölu- og kynningabásar – ýmis sértilboð
- Veitingasala

Pedigree

**Sjá dagskrá á hrfi.is**
Fullorðnir 700 kr. Börn yngri en 12 ára og í fylgd með fullorðnum fá frítt inn, annars 400 kr.

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS 4. september 1969